ALBERT HAUKSSON
*Stenslar myndir af vinum sínum á boli*
tíska heimili heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



VINNUVÉLAR
*Dansandi gröfur og öðruvísi skemmtigarðar*
Sérblað um vinnuvélar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. apríl 2008 — 104. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Indriði Indriðason á Húsavík**
Hefur gefið út fimmtán bindi um ættir Þingeyinga.
TÍMAMÓT 36



**Nova hrifið af Eurobandinu**
Eurovisionfararnir frumsýna nýtt myndband á heimasíðu símafyrirtækisins.
FÓLK 58

**Aukinn ójöfnuður**
„Bilið milli ríkra og fátækra heldur enn að aukast á Íslandi“, skrifar Þorvaldur Gylfason. Íslendingar eru komnir fram úr Bretum í þessum efnum.
Í DAG 28



**Keflavík mætir Snæfelli**
Keflvíkingar sendu ÍR-inga í sumarfrí í gærkvöld.
ÍÞRÓTTIR 52

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐA BJART VEÐUR** Í dag verður minnkandi norðan vindur við suðvestanvert landið, annars hæg breytileg átt. Bjartviðri norðan til og austan annars skýjað með köflum. Hiti 7-13 stig að deginum.
VEÐUR 4

# Tekjutap ríkissjóðs allt að 150 milljarðar

**Ríkissjóður verður af gríðarlegum tekjum í fyrirsjáanlegri kreppu næstu þriggja ára. Hagfræðingar hjá háskólunum og greiningardeildum bankanna telja eðlilegt að reikna með tekjutapi upp á fimm til tíu prósent miðað við fjárlög 2008.**

**FJÁRMÁL** Tekjur ríkissjóðs að raungildi munu rýrna um 75 til 150 milljarða króna á tímabilinu 2008 til 2010 vegna hruns einkaneyslu og samdráttar í efnahagslífinu í heild. Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið gera ráð fyrir fimm til átta prósent minni hagvexti árið 2010 en árið 2007. Fyrirsjáanleg kreppa mun einnig hafa í för með sér aukin útgjöld, til dæmis vegna aukins atvinnuleysis sem er áætlað um fjögur prósent.

Sérfræðingar í þremur háskólum og hjá greiningardeildum viðskiptabankanna, sem Fréttablaðið ræddi við, telja eðlilegt að áætla að samdráttur næstu þriggja ára muni verða fimm til tíu prósent miðað við fjárlög 2008. Þau gera ráð fyrir tekjum á þessu ári upp á 470 milljarða. Tekjutapið nemur samkvæmt því 75 til tæplega 150 milljörðum króna á þessum þremur árum. Til samanburðar má geta þess að tekjuafgangur ríkissjóðs á síðustu fjórum árum nemur um 170 milljörðum króna.

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs, miðað við verga þjóðarframleiðslu, dragist saman um rúm fimm prósent frá 2007 til ársins 2010. Þjóðarframleiðslan er um 1.200 milljarðar og hvert prósent í minni hagvexti er metið sem sama hlutfall tekjutaps fyrir ríkissjóð. Hvert prósent er því tekjutap uppá um 12 milljarða. Ný spá Seðlabankans er mun svartsýnni eða allt að átta prósent samdráttur á sama tímabili.

Fjölmargt veldur þessari tekjurýrnun. Þyngst vegur einkaneyslan sem Seðlabankinn gerir ráð fyrir að dragist saman um þrettán prósent til 2010 en virðisaukaskattur er ein mikilvægasta tekjulind ríkissjóðs. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um sex prósent. Fyrirséð er að tekjuskattur einstaklinga og tekjur af hagnaði fyrirtækja mun minnka stórlega en hefur verið verulegur á undanförnum árum. Áætlanir Seðlabanka og fjármálaráðuneytis á tekjutapi vegna tekjuskatts er talin vanmetinn því gera megi ráð fyrir að stór hópur launþega falli niður fyrir skattleysismörk. - shá



**VERK OG VIT Í LAUGARDALSHÖLL** Stórsýning tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð hefst í Laugardalshöllinni í dag. Hefur mikið gengið á undanfarna daga við undirbúning sýningarinnar. Finnsku skiptinemarnir Jonna Ripatti og Piia Mailainen létu sitt ekki eftir liggja þegar þær unnu við uppsetningu á bás Iðnskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bílar fyrir tugmilljónir á leið til Íslands sagðir stolnir og stoppaðir í Richmond:

# Stórfé tapast á stolnum bílum

**LÖGREGLUMÁL** Yfirvöld í Richmond í Bandaríkjunum hafa lagt hald á ellefu nýlega bíla sem biðu uppskipunar til Íslands.

Löggæsluyfirvöld í Bandaríkjunum segja að bílunum hafi verið stolið og skráningu þeirra breytt að sögn Gylfa Sigfússonar hjá Eimskip. Allt hafi virst eðlilegt og tollurinn engar athugasemdir gert. „Þetta er greinilega mjög vel skipulagt,“ segir Gylfi sem kveður bílana, sem voru af tegundum á borð við Range Rover og Hummer, hafa komið til Eimskips í tveimur sendingum í febrúar og mars. Þeir hafi fyrst verið kyrrsettir á hafnarbakkanum og síðan fjarlægðir af yfirvöldum.

Að sögn Gylfa var kaupverð bílanna ytra, samtals á bilinu 20 til 30 milljónir króna, greitt af bílainnflytjanda á Íslandi. „Þessir bílar koma aldrei til Íslands. Þarna er einn Íslendingur sem tapar stórfé og þarf að leita réttar síns gagnvart þessum þjófum,“ segir Gylfi. Bílarnir voru að sögn Gylfa keyptir af bílasölu á New York-svæðinu. „Það hefur verið kannað og komið í ljós að bílar frá því fyrirtæki hafa ekki áður verið fluttir til Íslands. - gar



**SÓLARSAMBA** Magnús Kjartansson og Margrét Gauja saman á sviði í Eurovision 1988.

Feðgin syngja Sólarsömbu:

## Rjúfa þögnina eftir tuttugu ár

**TÓNLIST** „Þetta verður tilfinningalegt uppgjör,“ segir bæjarfulltrúinn Margrét Gauja Magnúsdóttir, sem rýfur þögnina eftir tuttugu ár og syngur Eurovision-lagið Sólarsamba með föður sínum, Magga Kjartans, á Organ 23. apríl.

„Það eru tuttugu ár síðan við vorum í Eurovision og við höfum náttúrlega ekkert elst,“ segir Margrét og hlakkar mikið til. „Þetta er flott lag og við ætlum bara að hafa gaman af þessu.“

Margrét segist hafa orðið fyrir nokkru aðkasti í æsku eftir að hafa sungið lagið en er löngu hætt að láta það á sig fá. „Börn geta samt verið grimm, það er alveg staðreynd, en þetta var ekkert sem ég bar skaða af.“ - fb /sjá bls 58.

Íslensk hönnun um háls Rice:

## Ánægð með gjöf Ingibjargar

**STJÓRNMÁL/TÍSKA Hálsmen úr víravirki eftir íslenska gullsmiðinn Helgu Ósk Einarsdóttur er nú í eigu Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir færði Rice hálsmenið að gjöf á fundi utanríkisráðherranna á dögunum.**

**Hálsmenið er úr línunni Millu eftir Helgu og var valið vegna langrar hefðar víravirkis í íslenskum þjóðbúningum, fegurðar þess og lögunar sem vísar til heimskringlunnar.**

**„Þú munt örugglega sjá mig með þetta men opinberlega,“ sagði Rice ánægð þegar hún tók við gjöfinni.**
Sjá allt í miðju blaðsins

Kringlukast
20-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Fimmtudag til sunnudags
Opið til 21 í kvöld
Kringlan

ÍSLANDSMÓT IÐNGREINA 2008
Velkomin á Íslandsmót iðngreina
í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar
föstudaginn 18. og laugardaginn 19. apríl kl. 9-18
http://islandsmot.skillsiceland.is

MYLLAN
HEIMILIS BRAUÐ
Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja

## SPURNING DAGSINS



*Bjarni, býður þú upp á samgöngusvið?*

„Já, en þetta geta líka verið leiksvið, aðallega eru þetta þó átsvið.“

Ný samgöngumiðstöð mun rísa í Vatnsmýrinni. Bjarni Alfreðsson, veitingamaður á BSÍ, vonar að hann geti áfram boðið upp á kjamma og kók í samgöngumiðstöðinni og hefur gefið sig út fyrir að vera verndari sviðakjammans.

Ekki farið að lögum um persónuvernd gagnvart ólögráða starfsstúlku á Grund:

# Skráðu veikindasögu án leyfis

**EINKALÍF** Lög um persónuvernd voru brotin á starfsstúlku á elliheimilinu Grund með skráningu upplýsinga um veikindi hennar í gagnagrunn.

Vegna ungs aldurs var stúlkan ekki lögráða þegar hún starfaði á Grund. Forráðamaður hennar leitaði til Persónuverndar í nóvember síðastliðinn vegna þess sem hann taldi vera óþarfa skylduskráningu og söfnun heilsufarsupplýsinga um stúlkuna án samþykkis hans sem forráðamanns.

Grund hafði falið einkafyrirtæki sem nú heitir Heilsuverndarstöðin að annast veikindaskráningu starfsmanna elliheimilisins. Áttu starfsmenn að tilkynna því fyrirtæki um veikindi og eðli þeirra. Um þetta var síðan haldin skrá.

Fulltrúar Persónuverndar heimsóttu Heilsuverndarstöðina í lok janúar síðastliðinn til að kanna gögn fyrirtækisins um ungu stúlkuna:

„Kom í ljós að þar voru skráðar upplýsingar um fjarvistir hennar frá vinnu vegna veikinda og í sumum tilvikum einnig um eðli veikindanna,“ segir í úrskurði Persónuverndar.

Niðurstaða Persónuverndar var að Grund hefði ekki gert stúlkunni nægja grein fyrir því að henni væri ekki skylt að veita viðkvæmar persónuupplýsingar um sjálfa sig. **- gar**



**GRUND** Starfsfólki elliheimilisins var gert að tilkynna veikindi til einkafyrirtækis út í bæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Manndráp á Hringbraut:

## Ákærði neitar sök í dómsal

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri neitar að hafa banað manni sem fannst látinn á heimili sínu í fjölbýlishúsi við Hringbraut í október síðastliðnum.

Maðurinn hefur verið ákærður fyrir manndráp en ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í ákæru er hann sagður hafa barið húsráðanda þrisvar sinnum með slökkvitæki í hausinn með þeim afleiðingum að hann hlaut heilablæðingu og dó.

Maðurinn sem ákærður er var sá hinn sami og tilkynnti lögreglu um að maður lægi rænulaus í rúmi sínu. Aðalmeðferð fer fram þriðjudaginn í næstu viku... asta þessa mánaðar. **- mh**

Tölur frá ríkislögreglustjóra:

## Ofbeldisverkum fjölgar

**LÖGREGLA** Tölur ríkislögreglustjóra sýna að um 73 prósentum fleiri tilkynningar um líkamsmeiðingar bárust lögreglu nú í mars miðað við sama mánuð fyrir tveimur árum. Aukningin er um 29 prósent frá því í mars í fyrra.



**STEFÁN EIRÍKSSON**

„Það er ekki hægt að draga neinar víðtækar ályktanir af samanburði á svona stuttum tímabilum, aðeins einum mánuði, en að sjálfsögðu höfum við áhyggjur af því ef ofbeldisbrotum er almennt að fjölga,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Stefán bendir á að fyrstu tvo mánuði þessa árs hafi fjöldi hegningarlagabrota verið svipaður og sömu mánuði í fyrra. Þá hafi apríl enn sem komið er verið í rólegri kantinum. **- gar**

Hrifsuðu dreng af móður:

## Barnsrán í Danmörku

**DANMÖRK Tveir grímuklæddir menn rændu í gær fimm ára dreng úr bíl móður hans í Virum í Danmörku.**

**Var móðirin að sækja drenginn á leikskóla og hafði sett hann í barnabílstól þegar mennirnir réðust á hana. Rifu þeir drenginn út úr bílnum, fleygðu honum inn í svartan skutbíl og óku á brott. Hóf lögreglan á Norður-Sjálandi þegar í stað leit að mönnunum og drengnum og tók mikið lið lögreglu þátt í leitinni. Drengurinn, sem er af kínverskum uppruna, heitir Oliver. Hefur móðirin sagt lögreglunni að hún hafi ekki þekkt ræningjana.** **- ovd**

# Lýsi hótar talsmanni íbúa málshöfðun

**Mengunarbúnaður liggur við hlið fiskþurrkunarverksmiðju Lýsis í Þorlákshöfn. Leyfi til uppsetningar fæst ekki hjá bæjaryfirvöldum þar sem búnaðurinn þarf að fara í deiliskipulag sem Lýsi hefur ekki unnið. Viðvarandi lyktarmengun.**

**ÞORLÁKSHÖFN** Lögfræðingur Lýsis hf. krefst þess að Guðmundur Oddgeirsson, talsmaður hóps íbúa í Þorlákshöfn, sem mótmælt hefur fiskþurrkun í bænum, dragi til baka ummæli sín um fyrirtækið í fjölmiðlum ellegar fari fyrirtækið í mál.

Í yfirlýsingu frá Lýsi segir að í blaðaviðtölum hafi Guðmundur haft uppi gífuryrði um Lýsi og að lögfræðingur félagsins kanni nú réttarstöðu þess með málshöfðun í huga. „Hann kallar fyrirtækið umhverfissóða og síbrotafyrirtæki,“ segir Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis. „Við sitjum ekki undir svona áburði.“

Á mánudag barst Guðmundi bréf frá lögfræðingi Lýsis. Þar er ummælum hans mótmælt og þau sögð til þess fallin að skaða ímynd Lýsis og valda því fjárhagslegu tjóni. Er þess krafist að Guðmundur dragi ummæli sín til baka í öllum helstu fjölmiðlum landsins og birti afsökunarbeiðni. Að öðrum kosti áskilur Lýsi sér rétt til að höfða mál gegn honum til ómerkingar ummælanna sem og til heimtu skaðabóta og eða miskabóta.

„Ég er að skoða mín mál með mínum lögfræðingi,“ segir Guðmundur. „Ég er að verja heimili mitt fyrir þeirri mengun sem berst frá hausaþurrkun Lýsis. Ég er talsmaður 527 íbúa Þorlákshafnar og hef talað í anda þess.“

Í yfirlýsingu frá Lýsi segir að fyrirtækið harmi það ástand sem skapast hefur um atvinnurekstur fyrirtækisins í Þorlákshöfn þar sem íbúar hafa kvartað yfir lyktarmengun frá fiskþurrkun þess. Mengunarbúnaður hafi verið tilbúinn í eitt og hálft ár en leyfi ekki fengist frá bæjaryfirvöldum til að setja hann upp.



**FRÁ ÞORLÁKSHÖFN** Forráðamenn Lýsis saka bæjaryfirvöld í Ölfusi um að standa í vegi fyrir uppsetningu á mengunarbúnaði og viðhalda þannig óánægju íbúa með fiskþurrkunarverksmiðju. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ELÍASSON

„Erfitt sé að draga aðrar ályktanir af þessari synjun en þær að bæjaryfirvöld vilji viðhalda óánægju íbúa Þorlákshafnar með starfsemi fiskþurrkunarinnar. „Bæjaryfirvöld skýla sér bak við að það stríði gegn skipulagi eða einhverju slíku,“ segir Katrín. Um tvo turna sé að ræða sem bæjaryfirvöld telji of háa.

„Við synjuðum þessum turnum ekki,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi. Skipulagslög segi til um að svo háir turnar þurfi að fara í deiliskipulag sem Lýsis að gera. „Tillagan hefur ekki borist okkur enn þá,“ segir Ólafur sem telur Lýsi ekki hafa unnið sína vinnu eins og þeim beri að gera. Segir hann ekkert lát á viðvarandi lyktarmengun frá verksmiðjunni. „Okkur finnast þetta ekki merkileg vinnubrögð hjá aðila eins og Lýsi sem gefur sig út fyrir að vera fyrirtæki með hreina og heilsusamlega vöru.“

Ólafur gagnrýnir einnig Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. „Við höfum margoft mótmælt þessu við heilbrigðiseftirlitið en það hefur ekkert tillit verið tekið til þess og fyrirtækið ekki einu sinni krafið um að fara eftir skilyrðum starfsleyfis.“

„Það getur komið fyrir, sérstaklega í norðanátt, að það sé lykt frá verksmiðjunni,“ segir Katrín. Það segi sig sjálft að alltaf berist lykt frá fiskþurrkun. „En það er fiskþurrkunarlykt, ekki ýldufýla.“

**olav@frettabladid.is**



**TÓMIR GANGAR** Danskt hjúkrunarstarfsfólk gekk út af sjúkrahúsunum.

Kjaradeila í Danmörku:

## Nærri 100.000 manns í verkfall

**DANMÖRK Nærri 100.000 starfsmenn í umönnunarstörfum í Danmörku fóru í verkfall í gær í kjölfar þess að kjaraviðræður strönduðu. Þetta er umfangsmesta verkfall í landinu síðan árið 1998.**

**Hjúkrunarfólk, starfsfólk í félagsþjónustu og á barnaheimilum er meðal þeirra sem taka þátt í verkfallinu. Bráðadeildum sjúkrahúsa er þó haldið opnum. Verkalýðsfélögin krefjast 15 prósenta launahækkunar en samninganefndir hafa boðið 12,8 prósenta hækkun og sumir opinberir starfsmenn hafa þegið hana. Ríkisstjórnin hyggst ekki grípa inn í verkfallið.** **- aa**

Samskipti Íslands og Póllands:

## Aukið samstarf lögregluliðanna

**LÖGREGLUMÁL** Stefnt er að auknu og bættu samstarfi pólskra og íslenskra lögregluyfirvalda. Er það eitt af því sem rætt var á fundi Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, og Michal Síkorskí, ræðismanns Póllands, í gær.

Var fundur þeirra haldinn í framhaldi af máli Premyslaw Plank, sem grunaður er um morð í Póllandi en hefur verið búsettur hér á landi. **- ovd**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is


Borgarfulltrúi segir ósamræmi í málflutningi sjálfstæðismanna um málefni REI:

# Stórskaðlegt fyrir orkuútrás

**ORKUMÁL** Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, telur augljóst ósamræmi vera í yfirlýsingum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi verkefni Reykjavík Engergy Invest í Afríku. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi sagt á borgarstjórnarfundi á þriðjudag að Kjartan Magnússon hefði fullt umboð borgarstjórnarflokksins til að undirrita samninga í Djíbútí, sem skuldbindur REI til að leggja 300 milljónir króna í hagkvæmnisathugun vegna fyrirhugaðrar jarðvarmavirkjunar, ef erlendir sjóðir koma upp með aðrar 1.200 milljónir sem verkefnið kostar.

„Síðan segir Gísli Marteinn Baldursson í viðtali við RÚV að hann treysti Kjartani til að draga fyrirtækið út úr verkefnum og lágmarka alla áhættu og einhugur sé innan borgarstjórnarflokksins um að skattpeningar borgarbúa séu ekki notaður í áhætturekstur í Afríku eða annars staðar.“

Óskar telur að á meðan ekki fæst skýr lína í málflutningi pólitískrar yfirstjórnar Orkuveitunnar og REI skaðist bæði fyrirtækin og íslenska orkuútrásin í heild.



**ÓSKAR BERGSSON** Pólitísk yfirstjórn REI og OR skaðar fyrirtækin, að hans mati. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Orkuútrásin hefur hingað til notið virðingar og trausts úti um allan heim. En vandræðagangurinn í yfirstjórn fyrirtækjanna er stórskaðlegur fyrir orkuútrásina,“ segir Óskar. **- shá**

# GÓLF EFNA DAGAR

16. apríl - 2. maí

## 20% afsláttur af öllum flísum




**Eikarplanki**
**Moland** eikarplanki, hvíttaður og mattlakkaður. Míkrófasaður.
Borðastærð 15x148x1.860 mm.
Molalock krækja.
146603
**5.390**




**Eikarplanki, Moland**
Mattlakkaður.
Borðastærð 15 x 148 x 1.860 mm
Molalock krækja ekkert lím
146602
**4.990** kr/m$^2$




**Plastparket, EuroClic 7mm**
Hnotulíki 3ja stafa
Borðastærð 7 x 192 x 1.292 mm
Just Click krækja ekkert lím
146950
**995** kr/m$^2$




**Gólfflísar Club Ceramica**
**Keope**, gegnheilar frostþolnar gólfflísar, 4 litir svargráar, gráar, drapplitar og brúnar.
45x45 sm, til notkunar á gólf eða vegg.
8630740/41/42/43
FRÁBÆRT VERÐ



**Evrópskur hlynur**
Hlynur Family, 3ja stafa.
Borðastærð 15 x 207 x 2.200 mm
146920
**2.890** kr/m$^2$




**Plastparket, EuroClic 7mm**
Eikarlíki 3ja stafa
Borðastærð 7 x 192 x 1.292 mm
Just Click krækja ekkert lím
146951
15 ára ábyrgð



**Náttúrusteinn**
Mustang, 30 x 60 sm, sígildar flísar
870070
**2.795** kr/m$^2$

VERTU TÍL VORIÐ KALLAR

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 16.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,95 | 74,31 |
| Sterlingspund | 146,04 | 146,76 |
| Evra | 117,87 | 118,53 |
| Dönsk króna | 15,798 | 15,89 |
| Norsk króna | 14,914 | 15,002 |
| Sænsk króna | 12,541 | 12,615 |
| Japanskt jen | 0,7318 | 0,736 |
| SDR | 121,68 | 122,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

151,005

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hart deilt á áætlanir um mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar:

# Íbúar óttast aukinn hraða og mengun

**SKIPULAGSMÁL** Áhyggjur íbúa af aukinni umferð, hraða, mengun og hávaða var það sem hæst bar á góma á opnum íbúafundi um áætlanir sem miða að því að setja gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í stokk.

Á fundinum, sem fram fór í Kennaraháskólanum í gær, gagnrýndu fundarmenn skort á samráði við íbúa og að í áætlununum væri lítið tillit tekið til umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, var einn framsögumanna á fundinum. Hann svaraði meðal annars gagnrýni um samráðsleysi með því að segja að með fundinum væri borgin að setja í gang samráðsferli þar sem markmiðið væri að ná sem bestri lausn fyrir íbúana á svæðinu og borgarbúa alla. Sagði hann að framtíðarlausn fælist í því að þétta byggð vestan við svæðið og vísaði þar til fyrirhugaðrar uppbyggingar í Vatnsmýrinni. Vandamálið fælist að nokkru leyti í að kvölds og morgna þyrfti fjöldi fólks sem byggi austan við hverfið að komast vestur fyrir það til vinnu. Boðaði hann að fljótlega yrði stofnaður samráðshópur með íbúum.

Hilmar Sigurðsson, íbúasamtökum 3. hverfis, benti á að með aukinni afkastagetu umferðarmannvirkja ykist hraði og mengun og það ynni gegn markmiðum framkvæmdanna. Sagði hann samtökin vilja forgangsraða á annan hátt en áætlanirnar gera ráð fyrir, að umferð þyrfti að skila í gegn en lausnirnar mættu ekki allar vera á kostnað hagsmuna íbúanna. - ovd



**Á ANNAÐ HUNDRAÐ MANNS Á ÍBÚAFUNDI** Gísli Marteinn Baldursson og Hilmar Sigurðsson fylgdust spenntir með fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**MÓTMÆLI GEGN MUGABE** Í Suður-Afríku var í gær efnt til mótmæla gegn Mugabe. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtökur í Simbabve:

## Hart tekið á allri andstöðu

**SIMBABVE, AP** Meira en 30 manns voru handteknir í Simbabve á þriðjudag, flestir í höfuðborginni Harare. Mennirnir eru sakaðir um að hafa lokað götum, kastað grjóti í verslanir og hindrað fólk í að komast til vinnu sinnar.

Lítið varð úr allsherjarverkfalli, sem boðað var til á þriðjudag, en þessar aðgerðir lögreglunnar sýna að hart er tekið á allri opinberri andstöðu við stjórnvöld.

Stjórnarandstaðan hafði boðað til verkfallsins til að mótmæla seinagangi við að birta úrslit forsetakosninga. Margt bendir til þess að Robert Mugabe forseti hafi tapað í þeim. - gb

Hraðsendingarmálið:

## Málið sent til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum á svokölluðu hraðsendingarmáli er lokið og hefur það verið sent saksóknara sem ákveður hvort ákæra verður gefin út.**

**Málið snýst um innflutning á tæpum fimm kílóum af amfetamíni og 600 grömmum af kókaíni. Fjórir menn hafa verið í haldi vegna málsins, meðal annars Annþór Kristján Karlsson.** - ovd

# Ný réttarskipan rædd eftir dóm Birgis Páls

**Miklar umræður hafa skapast í Færeyjum í kjölfar dóms yfir Íslendingi í Pólstjörnumálinu. Færeyskur ráðherra vill taka upp sérstakt færeyskt réttarfar. Saksóknari varar við því að lengd einangrunarvistar verði settar hömlur.**

**DÓMSMÁL** Helena Dam á Neystabö, sá ráðherra í ríkisstjórn Færeyja sem fer með dómsmál, telur að Færeyingar þurfi að koma sér upp sinni eigin réttarskipan, í stað þeirrar dönsku sem þar ríkir nú. Þetta sagði hún í samtali við færeyska ríkisútvarpið. Tiltók hún sérstaklega þá venju að fangar sitji í langri einangrunarvist, en ítrekaði að um pólitíska umræðu væri að ræða. Hún telur lítinn möguleika á að breyta þessu á meðan Færeyingar búa við danskt réttarfar.



FIROUZ GAINI

Dómurinn yfir Birgi Páli Marteinssyni er kveikja umræðunnar. Mörgum þykir hann of strangur og enn fleiri setja spurningarmerki við þá löngu einangrunarvist sem Birgir Páll mátti sæta. Hann sat 200 daga í varðhaldi, þar af 168 í einangrun í tvennu lagi, þar með talið síðustu 134 dagana. Birgi var sleppt úr einangrun, en þegar upp komst að hann smyglaði bréfi út úr fangelsinu var hann færður í einangrun aftur.

Færeyjadeild Amnesty International hefur gagnrýnt einangrunarvistina og hyggur á rannsókn á því hvernig einangrun er beitt í færeyskum fangelsum. „Við teljum langa einangrunarvist, eins og í tilfelli Birgis Páls, vera ákveðna tegund pyntingar,“ segir Firouz Gaini, formaður deildarinnar. „Hún getur haft mjög alvarlegar sálrænar og félagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi.“

Amnesty International hefur gagnrýnt dönsk stjórnvöld fyrir beitingu einangrunarvistar. Firouz segir að Amnesty telji að einangrun eigi að vera neyðarúrræði. „Við teljum að einangrunarvist eigi að vera, ef ekki bönnuð algjörlega, þá bundin við neyðartilfelli.“

Olavur Jákup Kristoffersen, verjandi Birgis, segir mikla umræðu hafa skapast í Færeyjum í kjölfar dóms hans. „Menn eru ýmist að ræða um lengd dómsins eða lengd einangrunarvistarinnar. Almennt talið finnst mönnum einangrunin allt of löng. Færeyingar eru vanir löngum dómum í fíkniefnamálum, en mörgum ofbýður lengd þessa dóms,“ segir Olavur. Firouz tekur undir þetta.

Linda Hesselberg, saksóknari í máli Birgis, varaði í færeyska útvarpinu við því að lengd einangrunarvistar verði settar hömlur, slíkt geti líka haft afleiðingar í för með sér.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort refsingunni verður áfrýjað. Olavur Jákup segir venju að nýta til fulls þann frest sem gefinn er, eða tvær vikur. kolbeinn@frettabladid.is



**ÞINGHÚSIÐ Í FÆREYJUM** Mál Birgis Páls hefur vakið pólitíska umræðu um færeyskt réttarfar. Ráðherra dómsmála telur að Færeyingar verði að koma sér upp sinni eigin réttarskipan.

Varnarmálafrumvarp lögfest:

## Tími kalda stríðsins á enda

**ALÞINGI Frumvarp utanríkisráðherra um varnarmál var samþykkt á Alþingi í gær. Með því er Ísland fastreyrt sem hlekkur í Atlantshafsbandalaginu, sagði Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, sem greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.**



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

**Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði um tímamótalöggjöf að ræða, með henni sé bundinn endi á tíma kalda stríðsins í íslenskum varnarmálum.**

**Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði flokkinn styðja frumvarpið, sú leið sem farin er sé skynsamleg.** - bj

Verðþróun á evrusvæðinu:

## Meiri verðbólga styrkir evruna

**BRUSSEL, AP** Verðbólga á evrusvæði Evrópusambandsins mældist í síðasta mánuði 3,6 prósent, en það er mesta verðbólga sem mælst hefur frá því myntbandalagið varð til fyrir tæpum áratug. Tilkynning hagstofu ESB, Eurostat, um þetta varð til þess að gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal fór í nýtt hámark, 1,5978. Olíuverð hækkaði einnig en það fór í gær yfir 114 dali á fatið.

Verðbólgan er fyrst og fremst rakin til verðhækkana á matvælum, eldsneyti og raforku. Hún er talin útiloka að af því verði í bráð að Seðlabanki Evrópu lækki stýrivexti sem eru nú 4,0 prósent. - aa


Kringlukast 20 – 40% afsláttur



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**GÓÐVIÐRI FRAM UNDAN**
Í dag mun smám saman lægja suðvestanlands og síðdegis verður komin hæg breytileg átt um mest allt land og verður svo fram yfir helgi. Eru horfur á bjartviðri um allt land frá og með morgundeginum með hlýindum.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

LAUGARDAGUR
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 2° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 8° |
| London | 11° |
| París | 12° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Berlín | 7° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 18° |
| Basel | 13° |
| Eindhoven | 10° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 22° |
| Orlando | 25° |
| San Francisco | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Við ætlum að fjölga fólki



**Rúmlega 400 starfsmenn Alcoa Fjarðaáls fagna nú þeim áfanga að búið er að gangsetja síðasta rafgreiningarkerið í öflugustu álframleiðslulínu heims. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að koma álverinu í Reyðarfirði á laggirnar. Um leið og við kveðjum erlenda sérfræðinga sem hafa aðstoðað okkur við gangsetninguna, ætlum við að fjölga starfsmönnum Fjarðaáls til þess að mæta auknum verkefnum og skapa svigrúm fyrir meiri þjálfun, fræðslu og starfsþróun.**

## Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 41982 04.2008

AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa
á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

## KJÖRKASSINN



*Telur þú Íbúðalánasjóð vera hluta af íslenska velferðarkerfinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 82,4% |
| Nei | 17,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú hætt við kaup á fasteign á síðustu sex mánuðum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Utanríkisráðherra boðar rannsókn á mannskæðri árás á friðargæsluliða í Kabúl:

# Engar bætur vegna látinna

**ALÞINGI** Íslenska ríkið hefur ekki greitt fjölskyldum tveggja kvenna sem létust í sjálfsvígsárás sem beindist gegn íslenskum friðargæsluliðum í Afganistan haustið 2004 bætur, né þeim sem slösuðust. Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á Alþingi í gær.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, spurði ráðherra hvort greiddar hefðu verið skaðabætur vegna árásarinnar í Kjúklingastræti, þar sem ellefu ára gömul stúlka og 23 ára gömul kona létu lífið.

Ingibjörg Sólrún sagði að ekki hefðu verið taldar forsendur fyrir greiðslu bóta þar sem íslenskir friðargæsluliðar hefðu ekki skaðað þá sem létust eða slösuðust.

Margt varðandi málið virðist þó óljóst í hugum almennings, fjölmiðla og þingmanna, sagði Ingibjörg Sólrún. Til að hreinsa andrúmsloftið teldi hún rétt að óháðir aðilar færu yfir málið.

Tveimur fyrrverandi hæstaréttardómurum, Guðrúnu Erlendsdóttur og Haraldi Henryssyni, hafi því verið falið að fara yfir gögn og ræða við þá sem að málinu komu, og gefa ráðherra álit svo fljótt sem auðið verði.

Ingibjörg gagnrýndi Árna Þór fyrir að orða fyrirspurnina þannig að árásina hefði mátt rekja til starfsemi Íslendinga í Kabúl. Þeir sem staðið hefðu að árásinni bæru fulla ábyrgð, ekki væri hægt að vísa henni á aðra. **- bj**



**AFGANISTAN** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi við íslenska friðargæsluliða í Afganistan í ferð sinni til landsins nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópsk könnun á líkamsrækt:

# Norðmenn eru kyrrsetufólk

**NOREGUR** Hin mikla útivistarþjóð Norðmenn er ein þeirra þjóða Evrópu sem hreyfir sig langminnst. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar sem norska blaðið Vårt Land vitnar til í gær.

Í rannsókninni var kannað í fjórtán Evrópulöndum hve miklum tíma fólk ver að jafnaði í líkamsrækt á viku. Í ljós kom að meðaltalið í Evrópu er á bilinu 45 mínútur til ein klukkustund.

Norðmenn eyða hins vegar innan við 42 mínútum á dag í að halda sér í formi. Eingöngu Belgar hreyfa sig minna af þjóðum álfunnar. Ísland var ekki með í könnuninni. **- aa**



**ÓÁNÆGÐIR** Bílstjórar hafa ekki verið ánægðir með svör ráðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Bílstjórar stofna samtök:

# Ekki ánægðir með ráðherra

**MÓTMÆLI** Sturla Jónsson, talsmaður atvinnubílstjóra, segir þá óánægða með hugmyndir Kristjáns Möller samgönguráðherra um undanþágur þeim til handa.

„Einhver aukatími tvisvar í viku gerir ekkert,“ segir Sturla. „Menn vilja bara fá að vinna venjulegan vinnudag eins og aðrir. Ef einhverjir þurfa vökulög eru það þingmenn sem funda sólarhringum saman og samþykkja alls kyns vitleysu á vorin.“

Atvinnubílstjórar stofna með sér hagsmunasamtök í kvöld sem munu fá nafnið Samstaða. **- kóp**

# Teppur á Landspítala losna með nýju kerfi

**Á Landspítalanum hafa verið viðvarandi teppur vegna þess að spítalanum hefur ekki tekist að útskrifa aldraða sem þar hafa lokið meðferð þar sem þeir hafa ekki fengið hjúkrunarrými. Nýtt vistunarmat hefur gjörbreytt stöðunni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Árangur af nýju vistunarmati vegna hjúkrunarrýma sem byrjað var að vinna eftir í lok febrúar er afar góður, samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum og Landlæknisembættinu.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að í janúar 2004 hafi um 140 manns beðið á Landspítalanum eftir vistun á hjúkrunarrými. Í september á síðasta ári hafi fólkið verið um 90 talsins eins og oftast hafi verið en nú séu aðeins um 40 manns sem bíði eftir rými. Þá bætir hann við að þegar ný átján rúma deild fyrir heilabilaða taki til starfa í næsta mánuði á Landakoti muni staðan batna enn frekar á spítalanum.

Á Landspítalanum hafa verið viðvarandi teppur þar sem ekki hefur tekist að útskrifa aldraða sem þar hafa lokið meðferð þar sem þeir hafa ekki fengið hjúkrunarrými. Á Íslandi eru þó einna flest langlegurými innan OECD-ríkjanna og þjóðin mjög ung.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir furðaði sig á stöðunni þegar Fréttablaðið fjallaði um málið í febrúar og sagði nýja reglugerð líklega til að koma í veg fyrir að hjúkrunarheimili gætu valið þá sem þeim þættu þægilegastir inn eins og virtist hafa verið gert á mörgum hjúkrunarheimilum. Meðal þess sem reglugerðin fól í sér var að stjórnum stofnana sem ákveða inntöku fólks í hjúkrunarrými voru settar þrengri skorður en áður, vistunarmatshópum fækkaði úr 40 í sex og ítarlegri heilsufarsupplýsinga krafist við matið.

„Þetta er ánægjuleg þróun sem kemur til með að létta á álaginu af legudeildum hjá okkur til lengri tíma litið,“ segir Björn og bætir við að þegar megi finna fyrir því að dregið hafi úr álagi og verða til þess að gangainnlögnum mun fækka.

„Það sem er ánægjulegt fyrir þjóðfélagið í heild er að þessir sjúklingar eiga eftir að fá vistun og þjónustustig við hæfi. Auk þess sem þeir munu flytjast úr dýrari rúmum á háskólasjúkrahúsi yfir á hjúkrunarheimili,“ segir Björn.

„Mér sýnist þetta einnig hafa leitt til þess að dregið hefur úr þrýstingi á hjúkrunarheimili,“ segir Matthías en bætir við að bætt heimahjúkrun hafi auk þess haft sitt að segja um að svo góður árangur hefur náðst á jafn skömmum tíma. **karen@frettabladid.is**



**GANGUR Á LANDSPÍTALANUM** Í janúar árið 2004 biðu 140 manns eftir vistun á hjúkrunarrými en í dag bíða 40 manns.



**ÚTVARPSHÚSIÐ EFSTALEITI** Fyrsti aðalfundur Ríkisútvarpsins ohf. er haldinn í dag, þremur mánuðum á eftir áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþingi kýs í stjórn RÚV ohf.:

# Litlar breytingar á stjórn RÚV

**STJÓRNMÁL Litlar breytingar voru gerðar á stjórn Ríkisútvarpsins ohf. þegar kosið var í stjórn fyrirtækisins á Alþingi í gær.**

**Ómar Benediktsson verður áfram stjórnarformaður en hann hefur gegnt þeirri stöðu frá því að Ríkisútvarpið var gert að hlutafélagi í fyrra. Kristín Edwald, Margrét Frímannsdóttir og Svanhildur Kaaber sitja áfram í stjórninni en Ari Skúlason tekur sæti Páls Magnússonar. Varamenn í stjórn eru Signý Ormarsdóttir, Eva Bjarnadóttir, Sigurður Aðils Guðmundsson, Lovísa Óladóttir og Dagný Jónsdóttir. - ovd**

## FJARÐABYGGÐ

### Varnaráætlun vegna skulda

Sérstök varnaráætlun vegna skulda Fjarðabyggðar var kynnt á fundi bæjarráðs sem fór yfir stöðu lánasafns bæjarins á þriðjudag. Samþykkt var að heimila festingu vaxta til allt að fimm ára vegna vaxta í Bandaríkjadölum og allt að 40 prósent af skuldunum og allt að 20 prósent af skuldunum í evrum.

## HORNAFJÖRÐUR

### Fá 40 þúsund í álagsbónus

Eftir áskorun frá grunnskólakennurum sem vildu aukagreiðslur vegna álags í starfi samþykkti bæjarráð Hornafjarðar að allir starfsmenn bæjarins fái aukagreiðslu upp á 40 þúsund krónur miðað við fullt starf.

Hélt villidýr í garðinum:

# Kvartað undan ljónsöskrum

**RÚMENÍA, AP** Tæplega þrítugur Rúmeni á yfir höfði sér allt að eins árs fangelsi fyrir að hafa villidýr í bakgarðinum hjá sér.

Í garðinum fann lögregla ljónynju, tvö dádýr, eitt hjartardýr og tvo páfugla. Nágrannar fóru að kvarta þegar þeir höfðu fengið nóg af öskrum í ljóninu. Maðurinn, sem er 28 ára gamall, býr í smábæ í suðurhluta Rúmeníu. Dagblaðið Evenimentul Zilei segir að ljónið verði flutt í dýragarð í Búkarest, en maðurinn fái að halda páfuglunum. **- gb**





# Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarin (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. Samsung M110 – er sannkallað hörkutól.

| | | |
|---|---|---|
| VGA myndavél | Ryk- og rakavarinn (IP54) | Bluetooth |
| Vasaljós | Stereó FM-útvarp | Innbyggður hátalari |

M110 fæst hjá eftirtöldum aðilum:

SAMSUNG

Heildsöludreifing og þjónusta: Skútuvogi 12c

TÆKNIVÖRUR

Síminn vodafone

auk viðurkenndra söluaðila um land allt

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# Grillum saman
## um helgina!

OPIÐ til 20 alla daga










## Famous Dave's BBQ

Dave Anderson eigandi og stofnandi Famous Dave´s eyddi 25 árum í að búa til þessar frábæru grillsósur og afraksturinn kemur þér skemmtilega á óvart.

*komdu skemmtilega á óvart!*




ÍTALÍA

*allt það besta*
*beint frá ítalíu*




**Ítalía balsamik gljái**
- ómissandi á salatið

Gildir til 20. apríl eða á meðan birgðir endast.


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvar tóku forsetahjónin fyrstu skóflustungu að nýrri sundlaug á þriðjudag?*

2 *Hver er nýr formaður Kvenréttindafélags Íslands?*

3 *Hvað verður mikið atvinnuleysi á Íslandi 2010 gangi spá fjármálaráðuneytisins eftir?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 58

Borgfirðingar vilja vegabætur áður en lestarsamgöngur verða byggðar upp:

# Vilja betri vegi frekar en lest

**ALÞINGI** Byggðarráð Borgarbyggðar telur mun mikilvægara að bæta vegasamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands en að koma á lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur, sem og innan höfuðborgarsvæðisins.

Þessi afstaða birtist í umsögn byggðarráðsins um þingsályktunartillögu um að hagkvæmni lestarsamgangna yrði könnuð.

Ítrekuð er sú afstaða að innanlandsflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri og að byggingu samgöngumiðstöðvar þar verði hraðað. Ráðið leggst þó ekki gegn hagkvæmniathugun.

Í umsögn Vegagerðarinnar er vitnað til fyrri úttektar á hagkvæmni lestarsamgangna en niðurstaða hennar var að framkvæmdin væri ekki hagkvæm. Segir Vegagerðin að í fljótu bragði verði ekki séð að líkur séu á annarri niðurstöðu nú. Ekki er þó lagst gegn því að hagkvæmni, kostir og gallar verði könnuð að nýju.

Opinberu stofnanirnar Landhelgisgæslan, Byggðastofnun, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun lýsa sig samþykkar hagkvæmniathuguninni og telur Umhverfisstofnun að með notkun lesta eða léttlesta megi draga úr svifryki og losun gróðurhúsalofttegunda. - bþs



**ÞJÓÐVEGUR 1** Borgfirðingar telja rétt að vegir verði bættir áður en lestarteinar verða lagðir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skrópsýki í Árborg:

# Börn trassa að mæta í skólann

**SKÓLAR** Börn í Árborg mæta ekki nógu vel í skólann ef marka má félagsmálanefnd sveitarfélagsins.

„Mörg börn eru með mjög slaka skólasókn. Mikilvægt er að hlúa vel að þessum einstaklingum,“ segir í fundargerð félagsmálanefndar sem á miðvikudag ræddi málefni barna, mætingu þeirra í skóla og leiðir til úrbóta:

„Félagsmálanefnd telur brýnt að allar stéttir sem vinna að málefnum barna og unglinga vinni náið saman. Verkefnisstjóra félagslegrar ráðgjafar var falið að skoða nánar útfærslu varðandi samvinnu á milli kerfa.“ - gar


Vegna mikils álags á símkerfinu, bendum við á www.vildarklubbur.is

FLUG FYRIR HELMINGI FÆRRI VILDARPUNKTA*

– TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

TILBOÐ FYRIR ALLA FÉLAGA Í VILDARKLÚBBI ICELANDAIR

Dagana 16.–18. apríl bjóðum við öllum okkar félögum 50% afslátt af flugi þegar greitt er með Vildarpunktum.
Ferðatímabil er til og með 31. desember.
Bókunum lýkur föstudaginn 18. apríl kl. 17:00.
Tilboðið bókast inn á www.vildarklubbur.is.
Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir.
Flugvallarskattar ekki innifaldir.

Evrópa 19.–21.000 Vildarpunktar
Bandaríkin 25.–30.000 Vildarpunktar
Kanada 25.000 Vildarpunktar

* Tilboðið gildir ekki til Barcelona, Mílanó og Madríd.

50%

+ Skilmálar og allar nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is.

ICELANDAIR Vildarklúbbur

WWW.VILDARKLUBBUR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 41980 04.08




**LÍFLÁTSKLEFI Í KALIFORNÍU** Hæstiréttur Bandaríkjanna gerir enga athugasemd við aftökur með eitursprautum. NORDICPHOTOS/AFP

Eitursprautur ekki talin ómannúðleg aftökuaðferð:

# Aftökur hefjast á ný í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN, AP** Aftökur hefjast brátt á ný í Bandaríkjunum, en þær hafa legið niðri að mestu í vetur meðan Hæstiréttur Bandaríkjanna velti því fyrir sér hvort það teldist ómannúðleg refsing að taka fanga af lífi með eitursprautu.

Hæstirétturinn í Washington komst í gær að þeirri niðurstöðu að notkun á eitursprautum bryti ekki í bága við bann stjórnarskrárinnar gegn ómannúðlegri refsingu.

Sjö dómarar af níu stóðu að úrskurðinum, en tveir voru honum andvígir. Einungis tveimur stundum eftir að úrskurður Hæstaréttar var birtur, skýrði ríkisstjóri Virginíu frá því að bráðabirgðabanni á aftökum hefði verið aflétt. Virginíuríki hætti aftökum, eins og önnur ríki Bandaríkjanna, meðan beðið var úrskurðar Hæstaréttar.

Eitursprautur hafa árum saman verið algengasta líflátsaðferðin í Bandaríkjunum, og fáar aftökur eru nú orðið gerðar með öðrum hætti.

Tveir fangar á dauðadeild í Kentucky náðu því fram að Hæstiréttur tók málið fyrir. Fangarnir tveir sögðu aðferðina brjóta í bága við stjórnarskrá vegna þess hve oft eitthvað hefur farið úrskeiðis við framkvæmd hennar, meðal annars vegna þess að starfsmenn sem sjá um líflát fanga kunna ekki nógu vel á þær. - gb


Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

Þessa dagana fá um 50% starfandi Íslendinga yfirlit yfir lífeyrissparnað sinn frá Kaupþingi.

Ert þú einn af þeim?

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN VISTA LÍFEYRISAUKI KAUPÞING



Fiton/SÍA
Kringlu
kast
20-50%
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM
fim-sun
Opið til 21 í kvöld
Skoðaðu Kringlukastsblaðið á kringlan.is
Mán. til mið. 10.00 - 18.30
Fimmtudagur 10.00 - 21.00
Föstudagur 10.00 - 19.00
Laugardagur 10.00 - 18.00
Sunnudagur 13.00 - 18.00
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Nýtt kortatímabil
Kringlan



**MEÐ KÍLÓ AF HRÍSGRJÓNUM** Þessi stúlka í úthverfi Maníla, höfuðborgar Filippseyja, hélt á poka með niðurgreiddum hrísgrjónum innfluttum frá Víetnam, sem móðir hennar var að kaupa. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðstefna um umfjöllun íslenskra fjölmiðla um útlendinga:

# Hinn grunaði er útlendingur

**RÁÐSTEFNA** Ráðstefna um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur og afbrot verður haldin í Salnum í Kópavogi á morgun, föstudag.

Fjallað verður um afbrot, staðalímyndir og innflytjendur auk þess sem sjónarmið blaðanna koma fram. Þá verður kynnt samantekt fjölmiðlaumræðu um innflytjendur.

Gestafyrirlesari ráðstefnunnar er Arash Mokhtari, verkefnisstjóri hjá Quick Response (QR) í Svíþjóð. Er megintilgangur QR að koma í veg fyrir samfélagslega mismunun eftir þjóðerni, menningu og trúarbrögðum en ein leið til þess er að stuðla að réttlátri og jafnri umfjöllun í fjölmiðlum. „Við beinum sjónum okkar að blaðamönnum og hvetjum þá til að fylgja siðareglum sem kveða á um að ekki skuli lögð áhersla á þjóðerni eða trú hlutaðeigandi nema það þjóni tilgangi,“ segir Mokhtari. Hann segir starfsemi QR hafa leitt til úrbóta hjá sænskum fjölmiðlum.



ARASH MOKHTARI

„Hugmyndin að þessu hefur legið fyrir nokkuð lengi,“ segir Helga Ólafs, upplýsingafulltrúi Alþjóðahúss, sem telur tímabært að opna umræðuna. Margir innflytjendur eru á Íslandi og mikilvægt sé að þeir fái sanngjarna umfjöllun. „Þessi fyrirsögn sprettur ekki fram út af engu,“ segir Helga.

Ráðstefnan hefst klukkan 13 og að henni standa Alþjóðahús, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fjölmenningarsetur, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Blaðamannafélag Íslands og Kópavogsbær. - ovd

Ráðuneytisstjóri í veikindafrí:

# Ragna tekur við til 1. ágúst

**RÁÐUNEYTI** Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, hefur verið sett ráðuneytisstjóri fram til 1. ágúst 2008.

Þorsteinn Geirsson, sem gegnt hefur starfi ráðuneytisstjóra, hefur óskað eftir leyfi frá störfum til 1. ágúst vegna veikinda og mun Ragna sinna starfi hans meðan á leyfinu stendur.

Þá hefur Þórunni J. Hafstein, skrifstofustjóra dómsmála- og löggæsluskrifstofu, verið falið að vera staðgengill ráðuneytisstjóra fram til sama tíma. - kg



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Á fundi Útflutningsráðs sagði Ingibjörg Sólrún tímabært að skoða tollalækkun á fugla- og svínakjöti.

Tollar á fugla- og svínakjöti:

# Fagna ummælum Ingibjargar

**NEYTENDAMÁL** **Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) fagna ummælum utanríkisráðherra um lækkun tolla og vörugjalda á fugla- og svínakjöti á ársfundi Útflutningsráðs þann 7. apríl. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá SVÞ.**

**Ingibjörg Sólrún sagði tímabært að skoða verulega tollalækkun á fugla- og svínakjöti sem ekki hafi nema óbein áhrif á afkomu bænda en skipti heimilin í landinu verulegu máli. Ingibjörg sagðist enn fremur hafa meiri trú á íslenskum bændum og matvælaframleiðendum en svo að hún telji að þeir verði undir þótt samkeppni aukist.** - kg

# Heimilislækningar verði efldar

**Landlæknir og formaður Félags landsbyggðarlækna telja vægi heimilislæknisfræði of lítið. Deildarforseti læknadeildar telur að koma verði upp háskólaheilsugæslu. Yfirvofandi læknaskortur er á landsbyggðinni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Áhersla á heimilislækningar við læknadeild Háskóla Íslands er hvergi nærri fullnægjandi, að mati formanns Félags landsbyggðarlækna. Fyrirsjáanlegur er læknaskortur víða á landsbyggðinni þar sem ekki tekst að ráða í fastar stöður. Alvarlegur læknaskortur er yfirvofandi á landsbyggðinni innan fárra ára. Fjöldi lækna hættir sökum aldurs á næstunni. Nokkrar stöður hafa verið auglýstar árum saman án þess að tekist hafi að manna þær.



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Óttar Ármannsson, formaður Félags landsbyggðarlækna, segir nauðsynlegt að kennsla í heimilislæknisfræði stóraukist í læknadeild Háskóla Íslands. „Það er allt of mikil kennsla sérfræðinga í deildinni. Menn eru að kenna um sjúkdóma sem eru orðnir sárasjaldgæfir. Ef við tökum alla Íslendinga þá er talað um að 80 prósent þeirra leiti til heimilislæknis á ári hverju. Til samanburðar leita um tíu prósent til sérfræðinga. Af þeim leggjast um fimm prósent inn á sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun. Aðeins tvö til þrjú prósent leggjast inn á háskólasjúkrahúsið en kennslan miðast við þá sem þar dvelja. Þeir sem liggja á háskólasjúkrahúsi gefa auðvitað enga mynd af heilbrigði þjóðarinnar. Þarna eigum við að byrja; námið í læknadeildinni á að vera miklu almennara og það á að fá miklu fleiri heimilislækna og dreifbýlislækna til að kenna í læknadeildinni. Sérhæfing getur alltaf komið seinna.“

Sigurður Guðmundsson landlæknir tekur undir með Óttari. „Við þurfum að auka vægi heimilislækninga í læknadeild, það er allt of lítið. Um er að ræða þriggja vikna kúrs sem þarf að vera mun lengri og við eigum að leggja áherslu á að útskrifa almenna lækna en ekki tóma sérfræðinga úr deildinni.“



**LÆKNANEMAR** Auka þarf vægi heimilislæknisfræði í læknadeild HÍ til að koma í veg fyrir læknaskort á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stefán B. Sigurðsson, prófessor og deildarforseti læknadeildar HÍ, segir læknanámið þess eðlis að hver læknir geti tekist á við öll fræðasvið. „Ég er ekki endilega sammála því að námið eigi að vera almennara. „Það sem ég myndi segja að skórinn kreppti er að skapa heilsugæslunni betri aðstöðu til að taka við læknanemunum því kennslan í heimilislæknisfræðinni fer fram innan heilsugæslunnar. Við þurfum á háskólaheilsugæslu að halda til þess að læknanemarnir sæki frekar inn í þessa grein læknisfræði.“ svavar@frettabladid.is

OPNUNARTILBOÐ
GILDIR TIL 20. APRÍL















STUBBASMIÐJAN
VEX MEÐ MÉR

Komdu og upplifðu ævintýri
innandyra í Holtagörðum!

ENNEMM / SÍA / NM33193


Núll krónur í þrjá vini
Nú geturðu hringt í þrjá vini fyrir núll krónur ef þú fyllir á Frelsið með símanum eða á siminn.is. Þú getur talað í 60 mínútur eða sent 60 SMS á dag og þetta gildir líka um myndsímtöl. Skráðu þig í Mitt Frelsi á siminn.is og náðu í lagið og hringitóna með Merzedes Club í leiðinni.
Fáðu þér Frelsi hjá Símanum og stækkaðu vinahópinn.
800 7000 • siminn.is
Sendu SMS í númerið 1900 með textanum:
Frelsi
og þú færð hringitóninn MEIRA FRELSI á 0 kr.
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
0 kr. í 3 vini
ENNEMM / SÍA / NM31242

# Hárfín snerpa

Enn á ný hafa hönnuðir Mercedes-Benz lagt línurnar þegar kemur að aksturseiginleikum. Hárfín snerpa eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann. Þegar þú ekur nýjum C-Class viltu helst ekki að ökuferðin taki enda, svo einstök er upplifunin.

**Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.**

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz








MEISTARANÁM VIÐ
TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
  - Framkvæmdastjórnun
  - Umferðar- og skipulagsfræðum
  - Steinsteyputækni
  - Mannvirkjahönnun
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Líf- og heilbrigðisvísindum
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tæknifræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistaraprófi á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar, s.s. meistarapróf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Ný jafnréttisstefna í Fjarðabyggð:

# Bæjarstýra í Fjarðabyggð

**FJARÐABYGGÐ** Jöfn staða kynjanna innan stofnana og fyrirtækja Fjarðabyggðar er eitt af því sem nýsamþykkt jafnréttisstefna bæjarins tekur til. Þá á að tryggja konum og körlum sömu laun fyrir sambærileg störf.

Er þess sérstaklega getið að starfsheiti geti eftir atvikum verið karlkyns eða kvenkyns og skuli skipurit bæjarins taka mið af því. Sem dæmi hefur því Helga Jónsdóttir tekið upp starfsheitið bæjarstýra. Sérstaklega er fjallað um málefni æskulýðs, aldraðra og nýrra íbúa og lögð áhersla á að stuðla að jöfnum tækifærum drengja og stúlkna til náms og tómstunda á öllum skólastigum. **- ovd**



**FRÁ REYÐARFIRÐI** Í Fjarðabyggð á að auka heimaþjónustu og félagstarf fyrir aldraða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EVRÓPUÞINGIÐ** Með gildistöku Lissabon-sáttmálans aukast völd Evrópuþingsins, meðal annars á sviði sjávarútvegsmála, að því er Wallis bendir á.

# EES-samstarf rýrnar vegna þróunar ESB

**Möguleikar Íslands til að hafa áhrif á gerð nýrrar Evrópulöggjafar sem varðar íslenska hagsmuni minnka við gildistöku Lissabon-sáttmálans. Þetta segir varaforseti Evrópuþingsins.**

**EVRÓPUMÁL** Með þeim breytingum sem verða á ákvarðanatöku í Evrópusambandinu eftir gildistöku nýjustu uppfærslunnar á stofnsáttmála þess, Lissabon-sáttmálanum svonefnda, rýrna enn þeir möguleikar sem Ísland og hin EFTA-ríkin í EES-samstarfinu hafa til áhrifa á mál sem varða hagsmuni þeirra. Á þetta bendir Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins.



**DIANA WALLIS**

„Ég er að reyna að koma því til skila að Evrópusambandið er á fleygiferð í breytingum en Ísland verður ekki með. Ég tel að það sé miður fyrir báða aðila,“ segir Wallis í samtali við Fréttablaðið, en hún heldur í dag erindi undir yfirskriftinni „A reformed EU but missing Iceland?“ á morgunverðarfundi á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins í Odda 101.

Máli sínu til stuðnings nefnir Wallis dæmi um breytingu sem verður á ákvarðanatöku hjá ESB með gildistöku Lissabonsáttmálans og hún telur að muni varða íslenska hagsmuni með beinum hætti. Það felst í því að Evrópuþingið fær samákvörðunarvald í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, „án þess að nokkrir íslenskir Evrópuþingmenn séu hér til að hjálpa okkur,“ eins og hún orðar það. „Á meðan þessi mál voru utan samákvörðunarferlisins má vera að þið hefðuð fundið leiðir til að hafa áhrif, þótt það sé út af fyrir sig umdeilanlegt, en þegar þetta er komið inn í samákvörðunarferli hafið þið engan aðgang að stofnununum þar sem ákvarðanirnar eru mótaðar og teknar.“

> Ég er að reyna að koma því til skila að Evrópusambandið er á fleygiferð í breytingum en Ísland verður ekki með.
>
> **DIANA WALLIS**
> VARAFORSETI EVRÓPUÞINGSINS

Wallis staðfestir að þetta þýði að eina leiðin sem Ísland og hin EFTA-ríkin hafi til að reyna að hafa áhrif á slík mál sé í gegnum óbein tengsl, svo sem milli alþingis- og Evrópuþingmanna eins og lagt er til í ársgamalli skýrslu Evrópunefndar forsætisráðherra.

Wallis segir öll slík tengsl gagnleg og velkomin. „En þau skortir gegnsæi og þau geta aldrei gefið beina og augljósa leið að þeim vettvangi þar sem ákvarðanir eru teknar,“ bætir hún við. „Við [þingmenn Evrópuþingsins] verðum alltaf opin fyrir því að tala við fulltrúa frá Íslandi og Noregi, en þegar allt kemur til alls erum við ekki kjörin til að gæta hagsmuna þeirra.“

Spurð að lokum hvað hún segi um hugmyndir þess efnis að taka upp evru án ESB-aðildar svarar Wallis afdráttarlaust: „Það er bókstaflega ekki hægt. Það gengur bara einfaldlega ekki að ríki sem ekki er aðildarríki fái fulla aðild að efnahags- og myntbandalaginu. Svo einfalt er það.“

audunn@frettabladid.is



Tilboð: Nuddbaðkar 99.999 kr.
BAÐAÐU ÞIG Í GÓÐU VERÐI
Tilboð á völdum nuddbaðkörum og blöndunartækjum
Hafðu það vandað
- allt frá uppsprettu inn til þín
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 510 1400 vatnsvirkinn.is

## FRUMSÝNING Á FORESTER

# NÝR SUBARU

KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆNÝJUM OG BREYTTUM SUBARU FORESTER HJÁ OKKUR Í DAG!



ENNEMM / SÍA / NM32864



### ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

Við sýnum þér Forester með stolti! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 5, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2584

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR



IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### *Enda væri það slæmt fyrir bisnessinn*

**„Auðvitað á verð eftir að lækka eitthvað og það er nú þegar farið að gera það. En ég hef ekki trú á að þessar svartsýnisspár gangi eftir.“**

GRÉTAR JÓNASSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS FASTEIGNASALA, UM SPÁR UM LÆKKUN FASTEIGNAVERÐS
**Fréttablaðið 16. apríl**

### *Vændiskona með prinsipp*

**„Ég sef ekki hjá karlmönnum undir átján ára.“**

SARA MILLER VÆNDISKONA
**DV 16. apríl**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANNA BREIÐFJÖRÐ ÞORVALDSDÓTTIR GEITABÓNDI

## *Kiðlingarnir hrúgast í heiminn*



Vorin eru mesti annatími bænda og Jóhanna Breiðfjörð Þorvaldsdóttir, geitabóndi í Borgarfirði, fer ekki varhluta af því. „Það liggur ljómandi vel á okkur hér á Háafelli. Kiðlingarnir hrúgast í heiminn þessa dagana, fimm geitur eru bornar og um 80 eiga eftir að bera. Það er því nóg að gera hjá okkur og mikið fjör,“ segir Jóhanna.

Hún er nýkomin frá Noregi þar sem hún sat námskeið. „Ég var á níu daga námskeiði í ostagerð og heimavinnslu úr hrámjólk. Ég mun nýta það sem ég lærði þar og prófa mig áfram í ostagerð í sumar. Geitamjólkin er virkilega gott hráefni og til dæmis eru pönnukökur úr geitamjólk algjört lostæti. Ég hef líka gert jógúrt úr henni sem hefur heppnast mjög vel.“

Jóhanna hefur nóg að gera því auk búskaparins gegnir hún formennsku í nýstofnuðum samtökum; Beint frá býli. „Við munum þrýsta á um leyfi til að selja beint frá býli. Allir hafa tekið þeirri hugmynd mjög vel, bæði almenningur og stjórnvöld, þannig að ég er bjartsýn á að það gangi vel. Það er því nóg að gera hjá mér. Ég anna ekki eftirspurn eftir geitakjöti og mjólkin verður æ vinsælli, enda sérstaklega góð fyrir þá sem eru með mjólkuróþol.“

## FRÍMERKJASÖFNUN:
### YFIR ALDARGÖMUL IÐJA

Fyrsta frímerkið var gefið út í Bretlandi árið 1840. Börn og unglingar hófu að safna frímerkjum á sjöunda og áttunda áratug nítjándu aldar.



Margir fullorðnir töldu það þá fánýta tómstundaiðju. Þegar leið nær aldamótunum 1900 og börnin sem hófu frímerkjasöfnun voru fullorðin hófst fagmannleg frímerkjasöfnun með rannsóknum, útgáfu og tilheyrandi. Það var þó ekki fyrr en á þriðja áratug tuttugustu aldar að frímerkjasöfnun breiddist út fyrir alvöru í kjölfar aukinnar opinberrar umfjöllunar um verðmæt frímerki.

Ný þjónusta á meðal annars að vinna gegn ölvunarakstri:

# Bílnum þínum skutlað heim

Skutlum bílnum er fyrirtæki sem býður upp á nýstárlega þjónustu, sem felst í því að skutla bílnum þínum heim gegn borgun. Þetta er hugsað fyrir þá sem eru ekki í því ástandi að keyra bílinn sinn heim sjálfir. Boðið verður upp á þjónustuna í fyrsta skipti um helgina.

Svavar Ólafsson er forsvarsmaður hins nýja fyrirtækis „Þetta ætti að draga stórlega úr hættunni á ölvunarakstri. Allt of margir sem fara út að borða, eða í heimsókn, freistast til að keyra bílinn heim þó að þeir hafi fengið sér aðeins í glas. Þeim finnst of mikið vesen að sækja hann daginn eftir. Nú hringja þeir í okkur og við skutlum bílnum heim gegn svipuðu gjaldi og leigubílar taka,“



**KLÁR Í SLAGINN** Og svo er bara að hringja í 770 4009 ef menn hafa fengið sér í glas þrátt fyrir að vera á bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

segir Svavar. Hann tekur fram að ekki er um leigubílaakstur að ræða, starfsmenn keyri bíla kúnnanna.

Til að byrja með verður fyrirtækið með einn bíl í akstri og aðeins boðið upp á þjónustuna frá föstudegi til sunnudags. „Við erum fjórir atvinnubílstjórar sem stöndum að þessu og munum skipta þessu með okkur. Ætlunin er að bæta við bílaflotann fljótlega,“ segir Svavar, sem segir markhópinn vera fólk yfir þrítugt, en rannsóknir sýna að sá hópur freistist frekar til ölvunaraksturs.

Verðið er á bilinu 4.000 til 8.000 kr. á höfuðborgarsvæðinu og 12.000 til 15.000 kr. fyrir Reykjanesbæ, Akranes og Selfoss.



**MATREIÐIR FYRIR FARÞEGA** Jón Vilhjálmsson matreiðir margrétta máltíðir fyrir farþega sem borga margar milljónir á mann fyrir ferðina.

# Lúxusmatur í háloftunum

**Farþegarnir borga margar milljónir fyrir farið og fljúga í staðinn umvafðir lúxus og heimsækja staði sem fáir koma til. Jón Vilhjálmsson er einn matreiðslumanna í þessum ferðum. Hann setur upp margrétta matseðla, fer á markaði og eldar úr því fínasta hráefni sem hægt er að fá á hverjum stað.**

Jón Vilhjálmsson er nýlega kominn heim úr tæplega mánaðar ferð um Afríku þar sem flogið var frá New York til Madeira og svo haldið inn í Afríku, til Eþíópíu, Tansaníu, Máritíus, Höfðaborgar í Suður-Afríku og þaðan til Simbabve, Malí og Marokkó. Ferðin er á vegum bandarísku ferðaskrifstofunnar Ambercrombie & Kent sem leigir flugvél með starfsmönnum frá Loftleiðum.

Jón er starfsmaður IGS, sem er dótturfélag Icelandair Group, og kemur þannig inn í þetta. Farþegarnir borga mikið fyrir farmiðann, til dæmis 90 þúsund dollara eða jafnvirði um 6,5 milljóna króna á manninn fyrir hringferð um Afríku, og gista alltaf á öllum bestu fáanlegu stöðum. Fyrir þetta fólk matreiðir Jón. Hann segir að starfsaðstæður séu mjög mismunandi eftir því hvert ferðin liggur. „Afríka er fátækasta heimsálfan og stundum er mjög erfitt að fá mat sem er ásættanlegt hráefni,“ segir hann. „Þetta getur oft verið svolítið snúið því að heimamenn eru ekki vanir því að fá svona gesti.“

Eldamennskan fer fram á ýmsum stöðum, stundum í kaffiteríunni á flugvellinum, stundum á fimm stjörnu hóteli eftir því hvað hver staður hefur upp á að bjóða. „Þegar ég kem á staðinn þá kanna hvort allt sé eins og ég vil hafa það. Ef ekki þá fer ég á markaðinn og kaupi það sem upp á vantar,“ segir hann. „Á flestum stöðum hefur maður heimafólk sér til aðstoðar.“



**MINNISSTÆÐUR ÞJÓÐARRÉTTUR** Þjóðarréttur Eþíópíu er Jóni minnisstæður en það er stórt þunnt súrdeigsbrauð sem minnir á svamp. Ofan á brauðinu eru smáréttir.

### DÆMI UM MATSEÐIL
**Miami - Lima, Perú**

- Íslenskur kavíar á rússneska vísu, með kampavíni og vodka
- Salat
- Kjöt-, fisk- eða grænmetisréttur
- Kaffi og súkkulaði
- Ostar og ávextir

Leggirnir á milli staða eru allt frá einum klukkutíma upp í tíu, til dæmis frá Sydney til Kambódíu. Notuð er Boeing 757 sem hefur verið breytt og sætafjöldinn takmarkaður þannig að aðeins eru sæti fyrir 52 í stað 200. Síðan er sérstakur staður fyrir farþegana þar sem þeir geta setið fjórir saman við borð og spilað, spjallað eða borðað.

Hvað eftirminnilegan mat varðar nefnir hann þjóðarréttinn í Eþíópíu, stórt þunnt súrdeigsbrauð eða pönnuköku sem hann segir að líti út eins og svampur. „Þeir setja alls konar smárétti ofan á brauðið og svo rífur maður af brauðinu og borðar með höndunum. Mjög sérstakt,“ segir hann.

Jón er fordómalaus og til í að smakka hvað sem er. „Ég borða nánast allt, slöngur, krókódíla og kengúrur. Strútakjöt er mjög gott og kengúrukjöt er ágætt líka. Ímú, sem er ófleygur fugl eins og strúturinn, er fínn. Svo fer maður til Kína og þar borða þeir allt. Ef milljónaþjóðir geta borðað þennan mat þá getur hann ekki verið mjög eitraður.“ ghs@frettabladid.is






HELGAR
BOMBA
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG
30%
afsláttur af ÖLLUM
blöndunartækjum*
Eldhústæki, handlaugartæki, sturtutæki, baðtæki, sturtusett
BYKO
Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
BYKO

## Kjarni málsins

> Fjöldi 19 ára ungmenna í námi árið 2006.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** HAUKUR SIGURJÓNSSON, NEMI Í STAFRÆNNI MIÐLUN Í LONDON

## Kannar sagnfræði tölvuleikja

Haukur Sigurjónsson stundar meistaranám í stafrænni miðlun við Metropolitan University í London. Áður hafði hann lokið BA-námi í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur lengi haft mikinn áhuga á tölvum og það var ein helsta ástæða þess að hann ákvað að leggja fyrir sig stafræna miðlun. „Námið sem ég er í snýst um miðlun á starfrænu formi af flestum toga, hvort sem um er að ræða fyrir sjónvarp, vefsíður, tölvuleiki og svo mætti lengi telja. Hér ægir saman fólki úr hinum ýmsu geirum, svo sem fólki úr listasögu, fólki sem vinnur á söfnum og í tölvuleikjageiranum, blaðamönnum, og ótalmörgum fleiri.“

Haukur hefur að mestu leyti einbeitt sér að ýmsum verkefnum varðandi tölvuleiki í náminu og hefur meðal annars setið kúrsa í þrívíddargrafík og tölvuleikjahönnun. Mestan áhuga hefur hann þó á sagnfræði í tölvuleikjum og notkun tölvuleikja við kennslu, og vinnur nú að meistararitgerð um þau efni. „Ég notast við tölvuleikinn Medieval II: Total War þar sem sögusviðið er miðaldirnar, og er að rannsaka hvort þeir sem spila leikinn læri sögu á meðan þeir leika sér eða leiti sér jafnvel þekkingar í kjölfarið. Margt bendir til þess að mikil tenging sé þarna á milli. Einn viðmælandi minn orðaði það þannig að eftir að hann kynntist



leiknum eyddi hann allt of miklu af dýrmætum tíma á netinu í að lesa sér til um sagnfræði meðan hann gæti verið að leika sér í tölvuleik.“

Haukur býr ásamt eiginkonu og dóttur í hverfinu Alexandra Park í London. Hann útskrifast með meistaragráðu í vor en hefur ekki ákveðið hvað tekur við að loknu námi. „Núna ætla ég að einbeita mér að því að klára ritgerðina og svo sjáum við hvað setur. Það kemst fátt annað að í augnablikinu,“ segir Haukur og hlær.

■ **Ritgerðasamkeppni:**

## Vann ferð til Svíþjóðar



Madeleine Ströje Wilkens, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, afhenti nýlega viðurkenningar fyrir frábæra frammistöðu í ritgerðasamkeppni nemenda sem stunda nám í sænsku í tíunda bekk en á hverju ári stunda um hundrað nemendur í íslenskum grunnskólum nám í sænsku í stað dönsku. Verkefni nemendanna var að skrifa ritgerð um gildi vináttunnar eða minningar frá Svíþjóð. Fyrstu verðlaun hlaut Jóhanna Rut Óskarsdóttir, nemandi í tíunda bekk Grunnskólans í Vestmannaeyjum, en ritgerð hennar ber titilinn Betydelsen av en vän. Í verðlaun hlaut Jóhanna Rut ferð til Svíþjóðar. Þátttakendur í keppninni stunda allir fjarnám í sænsku hjá Tungumálaveri Laugalækjarskóla og er Erika Frodell kennari þeirra.

■ **Erindi:**

## Íslenskar konur og alþjóðastofnanir

Íslenskar konur og alþjóðastofnanir er heiti á erindi sem Edda Jónsdóttir, sérfræðingur í mannréttindum, heldur á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum. Byggir Edda erindi sitt á lokaritgerð sinni um þátttöku Íslands í mannréttindatengdu starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Mun hún fjalla um þátttöku íslenskra kvenna og áherslur á jafnréttismál hjá þessum stofnunum á tímabilinu 1995 til 2006 en einnig mun hún fjalla um íslenskar konur í friðargæslu. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12 í dag í sal 4, kjallara Háskólabíós.

■ **Nýung í frönskunámskeiðum:**

## Frönskunám í París í gegnum tölvuna



Nemendur í frönskunámi Alliance Française á Íslandi fá nú að læra frönsku eins og þeir væru staddir í París. Notast er við nýtt kennsluforrit sem blandar saman hóptímum, fjarnámi og einkatímum. Nemendur nota forritið og framhaldssögu á mynddisk til að læra frönskuna eins og þeir væru í París, sem gerir námið líflegt og skemmtilegt, segir í tilkynningu frá Alliance Française. Námskeiðin eru sérstaklega talin henta þeim sem hyggjast ferðast um Frakkland eða frönskumælandi lönd í fríinu. Um er að ræða sex vikna námskeið sem hefst 28. apríl.

■ **Nemendur Flensborgarskóla:**

## Tóku spænskt sjónvarpsviðtal



Hafnarfjörður Nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði tóku viðtal við spænsku leikkonuna Elenu Anaya fyrir þáttinn „Silenci?“ sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni TV3, ríkissjónvarpi Katalóníuhéraðs á Spáni, þegar hún var nýlega hér á landi vegna uppsetningar á Kommúnunni í Borgarleikhúsinu. „Silenci?“ hefur verið í loftinu í sjö ár og er talinn vera aðalþátturinn í Katalóníu sem fjallar um tónlist, menningu og dægurmenningu ungs fólks. Elena er meðal annars þekkt fyrir leik í kvikmyndinni Van Helsing.

# Um álfa, guði, mannanefnd og graffití

**Áhugi fólks á þjóðfræði hefur vaxið mikið á síðustu árum. Það sést ef til vill best á því að á síðasta ári tvöfaldaðist fjöldi nýnema í þjóðfræðiskor Háskóla Íslands.**



**RÚM FYRIR ALLA** Ingibjörg og Óli segja að innan þjóðfræðinnar sé fólk sem trúi á álfa, herskáir guðleysingjar, ásatrúarfólk og allt þar á milli. Þjóðfræðin spanni svo vítt svið að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi og því ekki að undra þótt nemendum hafi fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óli Gneisti Sóleyjarson, meistaranemi í þjóðfræði, segist ekki undrast aukinn áhuga á fræðunum. Fólk sé einfaldlega að átta sig á því hve þjóðfræðin spannar vítt svið mannlífs og fræða. Auk þess segir hann háskólanámið í þjóðfræði hér á landi með því besta sem gerist í veröldinni.

Óli segir breiddina á þeim viðfangsefnum sem tekin eru fyrir innan þjóðfræðinnar ef til vill kristallast vel í því að í upphafi hugðist hann skrifa meistararitgerð sína um munnlega hefð í guðspjöllum Nýja testamentisins. Að lokum kúventist hann þó í verkefnavali og ákvað að skrifa um samfélagið sem byggst hefur upp í kringum tölvuleikinn Eve Online.

„Maður er alltaf að komast betur að því hve þjóðfræðin er allt í kringum okkur,“ segir Óli og bendir á að tæknin hafi síst orðið til þess að draga máttinn úr útbreiðslu flökkusagna í samfélaginu. Gott dæmi um það sé til dæmis listi sem nú gengur á netinu og sagt er að sýni þau nöfn sem mannanafnanefnd hafi samþykkt nýlega. Flest séu þetta gömul nöfn sem leyfð eru út af hefð. Þau hafi svo verið sett saman við önnur sérkennileg nöfn og úr verður skemmtileg en ósmekkleg blanda en það tvennt hefur löngum þótt kjörið hráefni í góða sögu. „Þetta hefur byrjað sem brandari en fólk hefur svo byrjað að taka þessu sem sannleika,“ segir Óli. Hann útskýrir því næst að þegar flökkusögur komast á kreik sé algengt að fólk viti undir niðri að líklega sé sagan ekki sönn. Hún sé þó svo skemmtileg að vert þyki að segja hana öðrum undir því yfirskyni að eitthvert sannleikskorn leynist hugsanlega í frásögninni.

Ingibjörg Hanna Björnsdóttir er nú að ljúka BA-ritgerð um sjálfsmynd Íslendinga, þjóðernishugmyndir þeirra, hefðina og hvort og hvernig þetta birtist í íslenskri fatahönnun. Hún skellir upp úr þegar hún er spurð hvort þjóðfræðinni sé ekkert óviðkomandi og útskýrir að svo virðist ekki vera. Í einum tíma sé til dæmis rætt um munnlega hefð og Eddu-kvæði en í næsta sé svo fjallað um graffití-list og brandara úr samtímanum.

„Ætli ástæðan fyrir þeirri uppsveiflu sem verið hefur í náminu sé ekki mikið til sprottin af því að hér geta allir fundið viðfangsefni við sitt hæfi,“ segir hún en bætir við að enn sé þó mikil nánd meðal nema við skorina þótt fjölgað hafi í henni. karen@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER
ŠKODA AUTO
EF ÞÚ KEMST EKKI HRINGINN
Á EINUM TANKI
ÞÁ ERTU Á RÖNGUM BÍL.
HEKLA Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is · Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss


kynningarafsláttur
25%
Undirstaða fyrir gott heimili!
bestun
Gæðaparket frá MEISTER
Vídd | Bæjarlind 4, 201 Kópavogur | sími: 554 6800 | vidd@vidd.is | www.vidd.is
VÍDD
EFNI Í GOTT UMHVERFI

# Sumargjafir í úrvali

OPIÐ til 20 alla daga



Bolur 999kr

Viva badminton sett 349kr

Latabæjar þríhjól 8.999kr
Verð áður 9.999.-

Járnhjólbörur 1.999kr

Húlahopp hringur 799kr

WADER Sandsett 5 hlutir 499kr



WADER Fötusett með bíl 499kr



WADER Hjólbörur með fötusetti 2.999kr



Hjólaskór
st. 30-42
4.999kr



Hjólaskór
st. 30-42
4.999kr



Hjólaskór
st. 28-40
4.999kr



Hjólaskór
st. 28-40
4.799kr



RALEIGH Crystal Boy 24" 27.999kr



RALEIGH Crystal Girl 24" 27.999kr



CROSS Speedster 20" 27.999kr



Gildir á meðan birgðir endast

Nýtt kortatímabil!


á ótrúlegu verði
Kjóll m/ leggings
1.999kr
Bolur
799kr
Sippuband
299kr
Buxur
1.299kr
Latibær
Sollu stirðu hjól 14"
16.999kr
Risamikado
1.299kr
Latibær
Íþróttaálfs hjól 14"
16.999kr
Wader
Skóflur
Verð frá
49kr
Wader
Vörubíll með fötusetti
1.499kr
Wader
Ferja með bílum
999kr
Lazer
Push the limits
SIXSIXONE
Cross
Impules 20"
27.999kr
Prostyle
Rider 20"
12.999kr
Verð áður 17.999.-
Prostyle
Nitro 20"
12.999kr
Verð áður 17.999.-
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Útgjöldin

> Verð á kílói af hvítkáli, í febrúarmánuði hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** VÍKINGUR KRISTJÁNSSON LEIKARI

## *Níðþung ferðataska og flug út*



Bestu og verstu kaup Víkings Kristjánssonar leikara tengjast hvort tveggja flugi, þó með ólíkum hætti. „Ætli mín verstu kaup séu ekki ferðataska sem ég keypti í London," segir hann. „Þetta voru kjarakaup, hún kostaði ekki nema tíu eða fimmtán pund. En svo kom á daginn að taskan var níðþung og slagaði hátt í yfirvigt ein og sér. Það var því engan veginn hagkvæmt að fljúga á milli landa með þennan hlunk; henni var því bara hent inn í geymslu og dúsir þar enn. Hún hentar reyndar vel til að geyma ýmsa hluti í en meiri not hef ég ekki fyrir hana."

Víkingur er nægjusamur maður og ekki mikið fyrir að sanka að sér hlutum en segir að bestu kaupin geri hann í hvert sinn sem hann kaupir sér flugmiða til útlanda. „Ég er mikið á faraldsfæti, hef bæði farið til Þýsklands og Spánar það sem af er ári og er á leiðinni til London. Vissulega tæki ég því fagnandi ef flugfélögin biðu upp á aðeins lægra verð, en maður lætur sig hafa það. Það er þess virði."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### ELDFÆRI Á GÓÐUM STAÐ

■ *Haukur Ingvarsson, útvarpsmaður hjá Ríkisútvarpinu, viðurkennir að hann lumi á fáum húsráðum. Hins vegar þyki honum ein regla ávallt eiga að vera í hávegum höfð á hverju heimili.*



„Mitt húsráð er að geyma eldfæri ávallt þar sem börn og dýr ná ekki til," segir Haukur þegar hann er krafinn um góð ráð sem geta nýst öllum vel í húshaldi.

„Að eldfæri séu á góðum stað á alltaf vel við og eru orð í tíma töluð," segir hann og ekki ætti að vera erfitt að fara eftir þeim ráðleggingum.

■ **Bananar í Bónus**

## Verðmunur eftir tegundum




Kílóið af banönum kostaði 98 krónur í verðkönnun ASÍ sem birt var nýlega en á kassakvittun, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, má sjá að kílóið af banönum kostaði 198 krónur kílóið í Bónus, Smiðjuvegi í lok mars.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá Verðlagseftirliti ASÍ, segir að Bónus og Krónan bjóði oftast upp á tvær tegundir af banönum, aðra dýrari og hina ódýrari. Dýra bananategundin kosti um 200 krónur kílóið en sú ódýrari um 100 krónur kílóið.

Henný segir að verðlagseftirlitið taki alltaf niður verðið á ódýrari tegundinni ef hún er til í viðkomandi búð þegar verðkönnun er gerð. Það sé skýringin á verðmuninum í Bónus.

■ **Ný sjónvarpstækni ryður sér til rúms:**

## Sjónvarpsfíklar komast í feitt

Komin er á markað erlendis tækni sem gerir fólki kleift að horfa á allar þær sjónvarpsstöðvar sem það hefur heima hjá sér hvar sem er í heiminum.

Slingbox frá Slingmedia er tæki sem tengist myndlykli heimilisins og þaðan í beini. Sérstökum hugbúnaði er hlaðið niður og að því loknu er hægt að horfa á sjónvarpið hvar sem er í heiminum, hvort sem er í gegnum tölvu eða síma, og flakkað á milli sjónvarpsstöðva rétt eins og gert er með fjarstýringuna heima í stofu. Líklegt verður að teljast að þessi nýja tækni sé hvalreki á fjörur margra, til dæmis óforbetranlegra íþróttafíkla sem geta ekki hugsað sér að skella sér í sumarfrí af ótta við að missa af leik með liðinu sínu.

Þannig var einmitt ástatt fyrir bræðrunum Blake og Jason Krikorian, stofnendum Slingmedia, en hugmyndin að Slingbox kviknaði fyrir nokkrum árum þegar þeir bræður þurftu að bregða sér af bæ og áttu erfitt með að sætta sig við að missa af nokkrum leikjum með hafnaboltaliðinu San Francisco Giants á meðan þeir yrðu í burtu.

Ekki er enn vitað hvenær þessi tækni verður fáanleg hér á landi en þess er væntanlega ekki langt að bíða.





**ÞJÓNUSTA** Magnús Örn Óskarsson hjá Borgarhjólum segist tryggja það að þau hjól sem þau taki í viðgerð í dag verði tilbúin á morgun, þótt yfir- og helgarvinnu þurfi til.

# Þarf að panta viðgerð í tíma

**Síðustu dagarnir fyrir sumardaginn fyrsta eru mesti annatími reiðhjólaverkstæða. Fréttablaðið talaði við starfsmenn þriggja þeirra og komst að því að algengt er að hjól séu látin standa úti yfir veturinn og best sé að panta tíma á verkstæði í tæka tíð.**

Algengast er að reiðhjól þarfnist viðgerðar sökum þess að þau hafi verið látin standa úti við yfir veturinn. Sérfræðingar í hjólaviðgerðum mæla eindregið með því að finna hjólunum þurran og hlýjan geymslustað yfir vetrarmánuðina og ekki skemmi fyrir ef hægt sé að breiða yfir hjólin til aukinnar verndar.

Að sögn Árna Traustasonar hjá reiðhjólaversluninni Markinu í Ármúla kemur fólk á verkstæði þeirra með hjól í ýmiss konar ástandi: „Langoftast er einungis þörf á smávægilegum viðgerðum, til dæmis að skipta um keðju og tannhjól, endurstilla gíra og setja nýja barka, víra og bremsuklossa í hjólin. En það kemur líka fyrir að það sé hreinlega allt að hjólunum sem við fáum hingað inn. Slíkt er algengast ef hjólin hafa verið geymd úti yfir veturinn."

Síðustu dagarnir fyrir sumardaginn fyrsta eru mesti annatími ársins hjá reiðhjólaverslunum og -verkstæðum. Biðlistinn eftir tíma í viðgerð hjá verkstæði Marksins er um það bil ein og hálf vika, en Markið setur hjól sem keypt eru í verslun þeirra í forgang.

Örninn í Skeifunni hefur engan slíkan forgang á viðgerðum. Ragnar Ingólfsson verslunarstjóri segir starfsmenn sína vinna hörðum höndum við að reyna að stytta biðtímann á verkstæðinu, en hann er nú tveggja til þriggja vikna langur. „Allir vilja geta byrjað að hjóla á sumardaginn fyrsta og það er erfitt að anna öllu, en þessa dagana vinnum við mikla yfirvinnu til að reyna að þjónusta viðskiptavini okkar sem best."

Í Borgarhjólum við Hverfisgötu er aldrei biðlisti: „Hjól sem koma til okkar í dag verða tilbúin á morgun. Við vinnum yfirvinnu og helgarvinnu til að tryggja það," segir Magnús Örn Óskarsson starfsmaður.

Erfitt er að segja til um kostnað við yfirhalningu hjóla enda afar mismunandi hversu mikillar viðgerðar er þörf. Almennt má þó gera ráð fyrir að fólk sleppi með um það bil tvö til sex þúsund króna reikning, nema þeim mun meira sé að hjólinu.

kjartan@frettabladid.is

■ **Sparnaður**

## Hekla kennir bensínsparnað

Almenningi gefst næstu fjórar helgar kostur á að sækja námskeið í sparakstri í boði Volkswagen og Heklu. Kennarar námskeiðanna fullyrða að algengt sé að eldsneytiseyðsla fólks minnki um 10-15 prósent tileinki fólk sér það aksturslag sem kennt er og munar um minna eftir síðustu hækkanir á eldsneytisverði.



Um er að ræða tveggja tíma námskeið, blöndu af bóklegri og verklegri fræðslu, en námskeiðin eru haldin í samráði við Félag ökukennara.

Aðgangur að námskeiðunum er ókeypis og fara þau fram í Heklu-húsinu við Laugaveg. Skráning er hafin á www.volksvagen.is og er að verða fullt á fyrstu námskeiðin.




BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
499
Ali ferskur svínabógur
aðeins 499 kr./kg
40%
AFSLÁTTUR
BÓNUS
KJÚKLINGUR
Bónus ferskir kjúklingabitar
299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.
ÍSLENSKT LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
50%
AFSLÁTTUR
KS lambasvið
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR/KG.
30%
AFSLÁTTUR
KS frosinn lambabógur
489 kr./kg. MERKT VERÐ 699 KR/KG.
998
KS frosnar lamba-sirloinsneiðar
998 kr./kg. FRÁBÆRAR Á GRILLIÐ.
1498
KS ferskt lambaprime 1498 kr./kg.
KJARNAFÆÐI
1598
KF frosnar lambakótilettur T-bone
1598 kr./kg.
KJARNAFÆÐI
1798
KF frosnar lambamiðlærissneiðar
1798 kr./kg.
489
Ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 489 kr. pakkinn.
Feti
Feti
198
Bónus feti 250g tvær teg.
aðeins 198 kr.
Tilboð
Smjörvi
OS smjörvi 300 gr.
Tilboðsaskjan
ORKA
ORKA
ORKA
49
Egils Orka álflaska
250 ml. 49 kr.
Nautaat
798
Nautaat ferskt íslenskt
ungnautahakk 798 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
Ali ferskur svínahnakki
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR/KG.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30




# Stórglæsilegt



**Frábært SportTrac vortilboð**
Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
4 dyra 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 371 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Vortilboð: 4.240.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.



**Frábært Explorer vortilboð**
Ford Explorer Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
7 manna 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 374 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Vortilboð: 5.750.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 230.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Skoðaðu vel vortilboð Brimborgar. Berðu það saman við sambærilega 4x4 bíla. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu eldsneytisnotkunina. Komdu í Brimborg.**

**Veldu Ford 4x4.**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Nýtt tákn um gæði



## Frábært Escape vortilboð

Ford Escape Limited AWD
3,0i V6 200 hö 261 Nm
5 dyra sjálfskiptur
CO2 losun 257 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,2 l/100 km
**Vortilboð: 4.230.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

# í Ford Limited

# vortilboð bíður þín í Brimborg

## Frábært Edge vortilboð

Ford Edge Limited AWD
3,5i V6 265 hö 339 Nm
5 dyra 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
**Vortilboð: 5.690.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 240.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





## Frábært Expedition vortilboð

Ford Expedition Limited Luxury 4x4
5,4i V8 300 hö 495 Nm
8 manna 6 þrepa sjálfskipting
CO2 losun 425 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 16,8 l/100 km
**Vortilboð: 6.990.000 kr.***

Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 160.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni. Dráttarbeisli frá Ford er staðalbúnaður.

## Nýir notaðir úrvalsbílar Brimborgar

Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Skoðaðu úrvalið af Ford 4x4. Komdu í vorstemninguna. Við gerum næstum allt fyrir þig.

selja gamla
kaupa nýjan notaðan

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Mynd af Ford Escape er af Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.245 **+1,22%**

**Fjöldi viðskipta:** 410
**Velta:** 4.680 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| EXISTA | 2,22% | SKIPTI | 3,45% |
| LANDSBANKINN | 2,18% | FLAGA | 1,37% |
| SPRON | 1,86% | EIK BANKI | 1,35% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,38 -0,67% ... Bakkavör 43,05 +0,12% ... Eimskipafélagið 23,10 -0,65% ... Exista 11,96 +2,22% ... FL Group 6,75 +1,20% ... Glitnir 17,10 +0,59% ... Icelandair Group 24,30 +0,41% ... Kaupþing 839,00 +1,70% ... Landsbankinn 30,45 +2,18% ... Marel 90,10 +0,00% ... SPRON 5,49 +1,86% ... Straumur-Burðarás 12,26 -0,97% ... Teymi 4,38 -0,23% ... Össur 92,00 +1,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ólík sýn á þróun einkaneyslu í nýjum spám

Í nýjum hagspám fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans ber mest í milli hvað varðar þróun einkaneyslu. Tveir virkir dagar liðu á milli spánna. Peningamál Seðlabankans voru kynnt 10. þessa mánaðar og endurskoðuð þjóðhagsspá síðasta þriðjudag.


KRISTRÚN TINNA GUNNARSDÓTTIR

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, segir forsendur ólíkar í spánum. Hvað varðar þróun einkaneyslu vegur þyngst ólík sýn á verðþróun á fasteignamarkaði, en fylgni er á milli hennar og einkaneyslu. Þar spáir Seðlabankinn 30 prósenta samdrætti fram til 2010, en ráðuneytið helmingi minni raunlækkun húsnæðis.

„Svo gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að krónan verði í styrkingarfasa út árið 2010 og endi í gengisvístölunni 130 og telur að þar sé jafnvægisgildi krónunnar,“ segir Kristrún, en bætir um leið við að greiningardeild Landsbankans telji að það gildi fulllágt og vegna verðbóluáhrifa hér heima sé jafnvægisgildið nær 140 stigum. Seðlabankinn gerir líka ráð fyrir veikari krónu en fjármálaráðuneytið og telur að vísitala hennar verði í tæpum 143 stigum árið 2010. „Vegna þessara ólíku forsenda reiknar Seðlabankinn með mikilli niðursveiflu bæði 2009 og 2010, en fjármálaráðuneytið gerir bara ráð fyrir neikvæðum hagvexti 2009 áður en að kemur að viðsnúningi.“

Þá segir Kristrún athyglisverða nálgun ráðuneytisins hvað varðar stóriðju í endurskoðaðri þjóðhagsspá. „En þar virðast þeir vera að opna möguleikann á frekari framkvæmdum,“ segir hún en í fráviksspá eru teknar inn í myndina framkvæmdir sem sagðar eru geta aukið hagvöxt um 1,0 til 1,5 prósent á spátímanum. - óká

**TALNAMUNUR Í NÝJUM SPÁM**

| | 2008 Lsb | 2008 SÍ | 2009 Lsb | 2009 SÍ | 2010 Lsb | 2010 SÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagvöxtur | 0,5% | 2,2% | -0,7% | -2,5% | 0,8% | -1,5% |
| Viðskiptahalli | 13,2% | 16,6% | 7,7% | 12,2% | 6,6% | 9,9% |
| Verðbólga | 8,4% | 9,3% | 3,9% | 5,9% | 2,5% | 2,8% |
| Atvinnuleysi | 1,9% | 2,1% | 3,8% | 3,5% | 3,5% | 4,1% |
| Einkaneysla | -1,1% | 0,3% | -6,0% | -7,0% | 3,2% | -6,6% |

Heimild: Endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og Peningamál Seðlabanka Íslands í apríl 2008.


**Samgönguráð**
**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**
**Samgönguráðuneytið**

## Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til sjötta fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

## Samgöngur og byggðaþróun

**Ferðavenjur sumarið 2007**
– Bjarni Reynarsson, skipulagsfræðingur, ráðgjafi hjá Land-ráði sf.

**Fjárhagsstaða hafna/vandi landsbyggðarinnar**
– Sveinn Agnarsson, hagfræðingur, Hagfræðistofnun HÍ

**Flug og byggðaþróun**
– Pétur Maack, flugmálastjóri

**Búferlaflutningar og samgöngubætur á Íslandi 1986-2006**
– Vífill Karlsson, hagfræðingur, dósent við Háskólann á Bifröst

**Staðsetning íbúðarhúsnæðis og tengsl við verð á Stór-höfuðborgarsvæðinu** – Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 kl. 14:30 – 17:00 á Hótel Sögu Reykjavík í salnum Harvard II. **Fundurinn verður jafnframt sýndur á Veraldarvefnum á slóðinni: www.straumur.hotelsaga.is – að því búnu er valið: Samgönguráð.** Aðgangur er ókeypis. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 17. apríl 2008.


# Báðu ekki um ný lög

**Frumvarp fjármálaráðherra um lífeyrissjóði fellur í grýttan jarðveg hjá verkalýðshreyfingunni, sem segir að með því verði eignir landsmanna í lífeyrissjóðum ofurseldar skortsölu. Framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða kannast ekki við að lífeyrissjóðir hafi beðið um lögin.**


**ÁRNI M. MATHIESEN** Fjármálaráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp sem heimilar lífeyrissjóðum að lána allt að fjórðungi af hreinni eign sinni, í allt að ár, og taka við verðbréfum sem tryggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Frumkvæði að þessari lagasetningu er ekki frá okkur komið,“ segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem heimilar lífeyrissjóðum að lána allt að 25 prósentum af hreinni eign sinni, í allt að ár í senn. Lánin þarf að tryggja og mega sjóðirnir taka við verðbréfum sem verslað er með á markaði sem tryggingu. Þessi viðskipti þurfi enn fremur að fara í gegnum kauphöll eða viðurkennda verðbréfamiðlun.

Hrein eign lífeyrissjóðanna er nú ríflega 1.600 milljarðar króna, samkvæmt tölum Seðlabankans.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, leggst gegn þessum ákvæðum frumvarpsins og segir þau bjóða heim möguleika á skortsölu á eigum lífeyrissjóðanna, það er að menn hagnist á því að eignir lífeyrissjóðanna rýrni.

Frumvarpið er nú til umræðu í efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Hrafn Magnússon segir að lífeyrissjóðirnir mæli almennt ekki á móti frumvarpinu, enda sé fleira í því en þetta, en menn þurfi að stíga varlega til jarðar. „Við þekkjum ekki hver reynslan er af viðlíka fyrirkomulagi erlendis, en það má benda á að hægt er að fá nokkrar þóknunartekjur af svona lögðu.“

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir fulltrúum launþega lítast illa á frumvarpið. „Frumvarpið er lagt fram án samráðs við þá sem eiga lífeyrissjóðina,“ segir Gylfi og bendir á að lífeyrismál séu hluti kjarasamninga. „Það væri eitt, sem liður í sérstökum aðgerðum. að heimila lán á eigum lífeyrissjóða með ríkisábyrgð, en það er allt annað mál að leyfa þetta með veði í eignum sem skráðar eru á markaði. Þetta er eign landsmanna og það er undarlegt að veita eigi heimild til þess að lána eitthvað sem aðrir eiga.“ ingimar@markadurinn.is


**vísir.is**
*„...ég sá það á vísi“*


# Nú þarf að bretta upp ermarnar

„Lánardrottnar stjórna félögum, ekki hluthafar. Lánardrottnar bankanna eru ekki á Íslandi og þeir eru í krísu,“ segir kaupsýslumaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson. Hann var gestur Sindra Sindrasonar í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í gær. Spurður hvort kreppa væri komin svaraði hann því hiklaust játandi.

Björgólfur sagði marga hafa farið mjög geyst í fjárfestingum síðustu ár. Hann væri ekki undanskilinn. Nú væri veislunni lokið. „Þetta hefur verið gott partí. En nú er kominn mánudagur og búið að loka fram að næstu helgi,“ sagði hann.

Björgólfur sagði lausafjárvandann alþjóðlegan og gætu íslensk stjórnvöld hér haft lítil áhrif á það. Þau gætu hins vegar rennt stoðum undir trúverðugleika Íslands og bent á góða efnahagslega stöðu landsins til að fá erlent fjármagn inn í landið. Nokkra ársfjórðunga tæki hins vegar að rétta úr kútnum. „Menn þurfa nú að bretta upp ermar, vinna úr þeim eignum og verðmætum sem þeir hafa og reyna að hámarka verðmætin úr því,“ sagði hann og vísaði því á bug að staða Landsbankans væri veik í kjölfar mikilla vandræða stórra viðskiptavina, svo sem FL Group og hluthafa þess. „Staða bankans er sterk. Hann hefur góðar tryggingar og hefur varið sig fyrir slíku,“ sagði hann. - jab





**Lenovo ThinkPad fartölvur**

Þann 13. febrúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu fleygt úr 8 metra hæð. Eftir fallið var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvan verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

NÝHERJI

**Óbreytt verð! Engar hækkanir!**

# Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



CT 75 breidd: 75 sm
Hvítt háglans **44.900,-** stgr.



CT 55 breidd: 55 sm
Hvítt háglans **38.900,-** stgr.



WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik **27.900,-** stgr.



WLU 126 45x30 sm
Hvítt háglans / Eik **28.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 sm
Hvítt háglans/eik **34.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,-** stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eitt er brýnna en annað.

## Eftirmál

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Eftirmál síðustu vaxtahækkunar Seðlabankans hafa aðallega verið tvenns konar: Annars vegar birtast þau í kröfum úr ýmsum áttum um nýja yfirstjórn bankans. Hins vegar í eins konar uppreisnaráformum atvinnulífsins um einhliða innleiðingu evru um bakdyrnar. Hvort tveggja má að sjálfsögðu ræða. Viðfangsefnin sem brýnast er að glíma við lúta hins vegar að öðru.

Vaxtahækkunin sjálf var eðlilega umdeild. Þrennt annað sem fram kom af hálfu Seðlabankans í tengslum við kynningu á henni vekur þó enn frekar upp spurningar um framhaldið bæði til skemmri og lengri tíma.

Í fyrsta lagi mátti skilja yfirlýsingar bankastjórnarinnar á þann veg að hún vildi ýta út af borðinu þeim boðskap sem forsætisráðherrann flutti á ársfundi bankans og greinilega hafði jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn. Ekki er víst að það hafi verið ætlunin. En af viðbrögðum mátti merkja að menn væru ekki vissir um að Seðlabankinn og ríkisstjórnin gengju í takt. Tilfinningin ein getur haft sömu áhrif og veruleiki í slíku samhengi.

Þessari óvissu verður ekki eytt með orðum. Það sem gildir í því efni er að ríkisstjórnin dragi ekki að koma í framkvæmd þeirri skynsamlegu stefnumörkun sem forsætisráðherra mælti fyrir og miðaði að því að auðvelda bönkunum að takast á við erlenda lánsfjárkreppu. Tímasetningar athafna í tilvikum sem þessum eru vandasamar. Vera má að yfirlýsingar bankastjórnarinnar hafi viljandi eða óviljandi leitt til þess að hafa þurfi hraðari hendur um þetta en áformað var.

Í annan stað má ráða af rökstuðningi Seðlabankans fyrir vaxtahækkuninni að hann sjái ekki önnur ráð til að halda niðri verðbólgu en að hækka vexti í þeim tilgangi að fá erlenda spákaupmenn til að draga upp gengi krónunnar á ný. Það gæti vitaskuld haft jákvæð áhrif á innflutningsverð um stund. Til lengri tíma yrði þetta hins vegar endurtekning á sömu hringekjunni.

Efnahagslegt jafnvægi og lág verðbólga getur ekki til frambúðar byggst á vaxtagreiðslum til erlendra spákaupmanna. Jafnvægið hlýtur að ráðast af jöfnuði í viðskiptum við útlönd með aukinni verðmætasköpun í landinu. Reiknilíkan bankans hefur það sem af er þessari öld sýnt verðbólgumarkmiðið innan seilingar jafn oft og vaxtaákvarðanir hafa verið tilkynntar. Jafn oft hefur það brugðist og er engu raunhæfara nú en áður.

Í þriðja lagi er á það að horfa að nú eru tvö ár síðan aðalhagfræðingur Seðlabankans komst að þeirri niðurstöðu með skýrum rökum að ávinningurinn af sjálfstæðri krónu á opnum fjármálamarkaði væri minni en enginn. Í greinargerð bankans með vaxtahækkuninni nú er engin tilraun gerð til þess að horfast í augu við þetta alvarlega álitaefni. Með öðrum orðum: Bankanum hefur ekki tekist að sýna fram á að ná megi varanlegum stöðugleika með íslenskri krónu.

Eins og mál blasa við er meira virði að þessi áleitnu viðfangsefni verði skýrð og leidd til lykta áður en orku verður eytt í skipulagsbreytingar á yfirstjórn Seðlabankans. Fyrst þarf samstöðu um trúverðuga peningamálastefnu og framkvæmd þeirra áforma sem þegar hefur verið lagt upp með af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Eins er með Samtök atvinnulífsins. Mikilvægara er að þau sameini kraftana til að styrkja umræðuna um upptöku evru á þeim eina grundvelli sem getur skapað tiltrú. Við þurfum ekki nýjar óvissutilraunir. Samstarf samtaka atvinnufyrirtækja og launafólks gæti svo hugsanlega reist á þessu sviði mikilvægan vegvísi að varanlegri stöðugleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Átök

Reykjavík er smám saman að breytast í eitt allsherjar átakasvæði; varla nokkuð gert nema það sé liður í sérstöku átaki, eða „aðgerðaáætlun“, og undir grípandi slagorði. Sem dæmi má nefna Greiðar götur, Hlemm plús, 1, 2 og Reykjavík, Grænu skrefin, Betra loft fyrir alla og Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík. Nú ætlar borgin að hlaupa undir bagga með foreldrum sem bíða eftir leikskólaplássi undir yfirskriftinni Borgarbörn og malbika hjólreiðastíg undir nafninu Göngum meira, hjólum lengra. Fróðlegt verður að sjá hvaða mergjaða nafngift verður fyrir valinu þegar borgin ákveður að taka holræsakerfið í gegn.

### Guðmundur hættir

Guðmundur Steingrímsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar, hættir sem upplýsingarfulltrúi Vegagerðarinnar í næstu viku eftir stutta viðdvöl. Hann var ráðinn í starfið tímabundið fyrir tveimur vikum í veikindaleyfi Jóhannesar Tómassonar upplýsingafulltrúa. Jóhannes er nú óðum að braggast og væntanlegur aftur til starfa innan skamms.

### Hvar er Svandís?

Hvar er Svandís Svavarsdóttir? spyrja áhugamenn um borgarpólitík en lítið hefur farið fyrir oddvita Vinstri grænna í borgarstjórn undanfarið. Ekki er langt síðan Svandís var mjög áberandi í borgarpólitíkinni. Í kjölfar skýrslu REI-nefndarinnar sem Svandís fór fyrir var hún jafnvel nefnd sem líklegur arftaki Steingríms J. Sigfússonar. Nú er það Þorleifur Gunnlaugsson sem lætur að sér kveða og talar fyrir hönd Vinstri grænna í borginni, síðast um málefni Fríkirkjuvegs 11 og Hallargarðsins, en furðulítið spyrst til Svandísar.



bergsteinn@frettabladid.is

# Hrói Höttur fengi flog



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Aukinn ójöfnuður

Mörg undangengin ár hef ég hér og víðar vakið máls á auknum ójöfnuði í skiptingu auðs og tekna á Íslandi, og það hafa aðrir einnig gert, þar á meðal Guðmundur Örn Jónsson verkfræðingur og Stefán Ólafsson prófessor. Hagstofa Íslands hefur ekki hirt um að kortleggja tekjuskiptinguna og þróun hennar þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir úr ýmsum áttum og skýrar fyrirmyndir frá hagstofum annars staðar um Norðurlönd. Ríkisskattstjóraembættið hljóp í skarðið og lagði fram tölur um tekjuskiptingu fyrir árin 1993-2005.

Tölur ríkisskattstjóra sýna, að Gini-stuðullinn, sem er algengur mælikvarði á misskiptingu tekna, hækkaði úr 21 í 36 frá 1993 til 2005, eða um eitt stig á ári að jafnaði og ríflega það. Hér er miðað við ráðstöfunartekjur hjóna, það er að segja heildartekjur hjóna að greiddum sköttum og þegnum bótum, svo að tekjujöfnunaráhrif skatta- og velferðarkerfisins eru tekin með í reikninginn eins og vera ber.

Gini-stuðullinn nær frá núlli, ef allir hafa sömu tekjur (fullur jöfnuður), upp í hundrað, ef allar tekjur falla einum manni í skaut (fullkominn ójöfnuður). Tíu stiga munur á Gini-kvarðann svarar til munarins á ójöfnuði tekjuskiptingar í Noregi (26) og Bretlandi (36); það er umtalsverður munur. Tekjuskiptingin á Norðurlöndum er býsna jöfn á heimsvísu, mun jafnari en í Bretlandi og Bandaríkjunum (41, segja Sameinuðu þjóðirnar; Bandaríska leyniþjónustan CIA segir 45). Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eru öll á bilinu 25 til 27.

Nú hefur ríkisskattstjóri sent frá sér nýrri tölur um Ísland. Þær sýna, að ójöfnuður hélt áfram að ágerast frá 2005 til 2006: Gini-stuðullinn hækkaði úr 36 í 37. Ísland er komið upp fyrir Bretland. Ríkisstjórnin þrætti ásamt erindrekum sínum fyrir opinberar tölur ríkisskattstjóra fyrir kosningarnar í fyrra, og hafði forsætisráðherra þó sjálfur lagt sömu upplýsingar fram á Alþingi.

### Tvær skýringar

Hvernig gat þetta gerzt? Tvær skýringar virðast líklegar. Misskiptingin í kringum kvótakerfið, sem brýtur gegn stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og nú er komið í ljós, sljóvgaði svo siðvitund ríkjandi afla í stjórnmálaflokkunum, að þau hættu að sjást fyrir.

Spillingin og græðgin undu svo upp á sig, að stjórnmálamenn tóku að skammta sjálfum sér auð og embætti langt út yfir áður viðurkennd velsæmismörk, og tók steininn úr, þegar fáeinir framsóknarmenn slógu eign sinni á Búnaðarbankann og formaður Sjálfstæðisflokksins, þrotinn að kröftum, tók sér sæti í bankastjórn Seðlabankans og lét umsvifalaust hækka launin sín þar upp fyrir laun forseta Íslands ofan á sérsaumuð eftirlaunalög. Framsóknarflokkurinn fékk að finna til tevatnsins í kosningunum í fyrra og missti þá svo sem við var að búast nær helminginn af fyrra kjörfylgi sínu. Sjálfstæðisflokkurinn fékk frest.

Hin skýringin er sú, að hnattvæðing undangenginna ára hefur einnig sums staðar annars staðar leitt til aukins ójafnaðar, einkum í Bandaríkjunum, en þó í minni mæli en hér heima. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sótt ýmsar fyrirmyndir sínar til bandarískra repúblikana, þar á meðal hugmyndina um skattalækkun sem allra meina bót. Skattalækkunin var að vísu bundin við hátekjuhópa og hélzt í hendur við aukin ríkisumsvif í báðum löndum og aukinn ójöfnuð.

Misskiptingin var skipulögð. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks 1995-2007 létti skattbyrði hátekjufólks með því að lækka fjármagnstekjuskatta langt niður fyrir skatta af vinnutekjum, og hún þjarmaði samtímis að láglaunafólki með því að leyfa frítekjumarkinu að síga neðar og neðar að raungildi, svo að skattbyrði fátæks fólks þyngdist. Ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) tekur undir þessa lýsingu og hnykkir á þætti ríkisins, sem þyngdi skattbyrði heimila með lágar tekjur til að fjármagna skattalækkun handa auðmönnum.

### Viðurkenning í verki

Umræðan um aukinn ójöfnuð hefur skilað árangri. Til að greiða fyrir kjarasamningum lofaði ríkisstjórnin að hækka frítekjumarkið næstu þrjú ár um 20.000 krónur umfram verðtryggingu til að létta skattbyrði fátæks fólks. Þetta dugir að vísu ekki til að bæta fyrir lækkun fyrri ára. Því er borið við, að ríflegri leiðrétting frítekjumarksins myndi kosta ríkissjóð of mikið fé.

Viðbáran ber með sér, að jafnvægið í ríkisbúskapnum síðustu ár hefur hvílt á skattgreiðslum láglaunahópa. Léttari skattbyrði hátekjufólks hefur að þessu marki verið fjármögnuð með skattlagningu fátæks fólks. Ójöfnuður í skiptingu ráðstöfunartekna milli heimila hlaut að ágerast eftir því.

# Auglýst eftir fælingarmætti

**UMRÆÐAN**

Löggæslumál



**GUNNAR I. BIRGISSON**

Ef lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefði rétt fyrir sér um að bæjarstjórinn í Kópavogi „kastaði rýrð“ á störf lögreglunnar, bæði bæjarstjórinn í Kópavogi varla lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu um aukna þjónustu. Samt heldur lögreglustjórinn þessu fram í samtali við blaðamann Fréttablaðsins.

Lögreglan í Kópavogi vinnur þarft og gott starf og leysir það vel af hendi. Það fer ekki á milli mála. Þess vegna leggjast bæjaryfirvöld í Kópavogi gegn þeirri ákvörðun að loka lögreglustöðinni í bænum um nætur og helgar í sparnaðarskyni. Það vill svo til að sjónarmið bæjaryfirvalda eiga sér málsvara innan lögreglunnar líka.

Ég varaði við því að sameining lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu gæti leitt til skertrar þjónustu við íbúana. Samkvæmt mínum upplýsingum hefur lögreglumönnum á hverri vakt fækkað úr 29 að meðaltali í 20. Lágmarksfjöldi átti þó að vera 24. Lögreglubílar eru sjaldnar á ferli í bænum en áður en mælingar sýna því miður að verkefnin eru ærin.

Mikið öryggi er í því fólgið að hafa lögreglustöðina í bænum opna allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Þá eiga íbúarnir hægt um vik með að leita til hennar þegar á þarf að halda auk þess sem fælingarmáttur opinnar lögreglustöðvar er mun meiri en lokaðrar. Meiri sérfræðingur en ég á þessu sviði birtist vopnaður kúbeini í blaðaviðtali og sagðist sjálfur hafa snúið baki við glæpum en hvatti lögregluna til að hafa opið á háannatíma þjófa og ræningja, nefnilega á kvöldin og nóttinni.

Fyrir mánuði lét bæjarráð Kópavogs senda lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bókun þar sem tekið var undir með honum að löggæslan hefði verið efld í byrjun ársins 2007. Við það hefði öryggi og öryggistilfinning íbúa Kópavogs aukist eins og til stóð, enda hefði því verið komið skilmerkilega á framfæri að lögreglustöðin væri opin allan sólarhringinn. Til að viðhalda þeim góða árangri óska bæjaryfirvöld í Kópavogi eftir að lögreglan endurskoði þá ákvörðun að loka lögreglustöðinni í Kópavogi frá kl. 23.00 á kvöldin til 07.00 á morgnana.

Með þessu er alls ekki kastað rýrð á þau góðu störf sem lögreglan í Kópavogi vinnur. Öðru nær. Við viljum fá að njóta þeirra sem mest.

*Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.*

# MAX RAFTÆKI




## Nýtt DVD TILBOÐ

**1.989 kr.**




8 stk



### Nokia N73

Litaskjár • 116 grömm • Biðtími allt að 340 klst. • Taltími allt að 4 klst. • Bluetooth tengimöguleikar • Tölvupóstur • 3.2 Megapixel myndavél • Carl Zeiss Optics linsa • Tveir stereó hátalarar - 3D hljóð • Handfrjáls stereó búnaður fylgir • FM sýndarútvarp • MP3 spilari

*Fæst svartur eða rauður*

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~49.989~~

**Halló! GSM er málið!**




**489 kr.**

Fullt verð ~~4.989~~




10 stk

*Fæst bæði svartur og silfurlitur*

### NOKIA 6070

GSM sími • 300 klst. í bið, 3 klst. í tal • Tíðni: GSM 900/1800/1900 • 65 þús. lita skjár • VGA myndavél • 3,2MB innb. minni: • Þyngd: 88g

**7.989 kr.**

Fullt verð ~~13.989~~




4 stk

### Nokia E50

Nettur farsími í E-línunni • Biðtími allt að 230 klst. • 262,144 skjálitir • Skjástærð 240 x 320 dílar • Taltími allt að 7 klst. • Með eða án myndavélar • Þyngd 104 gr • 70MB minni • Micro-SD rauf (allt að 2GB)

**14.989 kr.**

Fullt verð ~~28.989~~




9 stk

### Nokia 6233

Litaskjár • 110 grömm • Biðtími allt að 340 klst. • Taltími allt að 4 klst. • Bluetooth tengimöguleikar • 2.0 Megapixel myndavél • Hreyfimyndaupptaka • Innbyggður handfrjáls hátalari • POP3, IMAP4 og SMTP póstur • FM sýndarútvarp • MP3 spilari • Íslensk valmynd

**14.989 kr.**

Fullt verð ~~34.989~~




**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA*
*Við hliðina á BÓNUS*

MAX RAFTÆKI

## Fjögur tæki í einu



**Babyliss 323**
Fjögur í einu • Sléttujárn • Krulujárn • Vöfflujárn ofl.

**989 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~



## Hársett

**Melissa 635085**
1800w hárblásari • Ion tækni sem afrafmagnar hárið • 2 hraðastillingar og kaldur blástur • Sléttujárn með keramik húð • Hitastillir frá 80° til 230°C • Keramik krullujárn • 33mm breidd • Stiglaus hitastillir • Hárbursti fylgir

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~



## Gæludýr

**Melissa 640135**
Ryksuguhausar fyrir gæludýrahár • Slíta ekki hús-gögnum • 10 stiga carbon filter sem hreinsar út dýraþef • Passar á 28-38mm ryksugurör

**1.489 kr.**
Fullt verð ~~2.489~~

## Ryksuga



**Panasonic MCE7113**
1600W ryksuga • 320W sogkraftur • 4 filtera kerfi • 5 metra snúra • Þyngd 4.1 kg •Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

## Disney brauðrist



**2.489 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~

**Ariete DD011600**
Disney brauðrist • Brennir inn mynd af Mikka mús á sneiðarnar



## Brauðrist

**Exido 243003**
950w brauðrist • Smábrauðagrind • 5 tímastillingar • Mylsnubakki • Burstað stál

**1.989 kr.**
Fullt verð ~~2.989~~



## Kaffivél

**Philips HD7446SV**
Kaffivél • 1,3 lítra • Dropastoppari

**1.989 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~

## Matvinnsluvél

**Philips HR7605**
350w matvinnsluvél • 1,2 lítra skál • 1 hraðastilling og púls • 5 aukahlutir



**6.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~



## Eldhúsvog

**Exido 246026**
Svört gler eldhúsvog • Mælir 10g - 5kg • Stór skjár • Slekkur sjálfvirkt á sér • Lætur vita þegar lítið er eftir af rafhlöðu • Tekur 2 x AAA rafhlöður • Snertitakkar • Stærð (bxdxh): 23x17x3,5sm

**1.489 kr.**
Fullt verð ~~2.489~~

## Töfrasproti



**Melissa 646036**
180w töfrasproti • 600ml og 400ml skálar • Ryðfríir hnífar • Auðvelt að taka í sundur og hreinsa • 2 hraðastillingar

**1.489 kr.**
Fullt verð ~~2.489~~



## Örbylgja

**Melissa 653110**
17 lítra örbylgjuofn • 700w • 5 styrkstillingar ásamt Defrost • 35 mín. tímastillir • 24,5sm glersnúningsdiskur

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 23. 04. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.



### ÞJÓÐLEG HÖNNUN

Gullsmiðurinn Helga Ósk Einarsdóttir hannar meðal annars hálsmen úr víravirki, en eitt slíkt er nú í eigu Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

TÍSKA 2

### ÚRSLIT Í DAG

Tíu grunnskólar keppa til úrslita í dag í hinni geysivinsælu Skólahreysti. Undirbúningur fyrir keppnina hefur undanfarin þrjú ár orðið stór þáttur í íþróttakennslu grunnskóla.

HEILSA 5








Upplifðu Ísland með THULE ferðavörum.

Margvíslegar lausnir fyrir mismunandi þarfir.

Allar upplýsingar um THULE ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



Albert í sígildum jakka sem hann notar mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Yfirleitt fínn í tauinu

***Albert Hauksson, nemandi í MS og tónlistarstjóri söngleiksins Stjörnustríðs, fer ekki leynt með fataáhuga sinn og er af samnemendum talinn smekkmaður.***

„Þessa dagana á ég mér uppáhaldsbuxur og -jakka úr Sautján. Þetta eru svartar Nudie-gallabuxur úr þurru gallaefni eða „dry denim“. Þær eru þröngar, með mjög spes áferð og lagast vel að manni. Jakkinn er síðan grár með svörtum kraga. Hann er töff og sígildur og hentar vel á djammið,“ segir Albert Hauksson sem er einn þeirra fjölmörgu sem taka þátt í uppfærslu Menntaskólans við Sund á söngleiknum Stjörnustríði.

Lára Heimisdóttir, formaður leikfélags Menntaskólans við Sund, gaukaði því að blaðamanni að Albert væri smekkmaður þegar kæmi að fatavali.

Inntur eftir því hlær hann við og segist ekki geta þrætt fyrir fataáhugann. „Ég er með frekar einfaldan og stílhreinan fatasmekk en á það þó til að fara í skærar og skemmtilegar flíkur. Ég hef líka aðeins verið að fikta við að gera mín eigin föt og hef hannað boli sem ég stensla sjálfur á,“ segir hann og nefnir boli með myndum af vinum sínum sem dæmi.

Albert, sem stundar klassískt píanónám, útsetur lögin í Stjörnustríði og sér um öll hljóð í sýningunni. Hún hefur gengið vonum framar og verða aukasýningar í Austurbæ á föstudag og laugardag.

*vera@frettabladid.is*

Vantar tónlistina í líf þitt?

ef svo er þá get ég verið tónlistin þín í einn dag. Bý til stef fyrir hvern og einn og tek við óskalögum.

Frekari fyrirspurnir sendist á halldorgunnar@gmail.com





**Sólgleraugu** eru fylgihlutur sem þarf að fara að huga að. Á sólríkum sumardögum eru það flott sólgleraugu sem fullkomna útlitið.




Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!
TRIND
Alltaf no. 1

Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!

Frábærar vörur pompea betra verð


Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.






Allar gallabuxur á
3.990 kr.
Öll gallapils á
2.990 kr.
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201


# Íslensk heimskringla

***Þjóðlegt og undurfagurt hálsmen úr víravirki eftir Helgu Ósk Einarsdóttur er nú í eigu Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Menið var gjöf frá utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, á fundi þeirra tveggja á dögunum.***



Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður í skólastofu TKS í Kaupmannahöfn, en þar leggur hún stund á skartgripahönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Samkvæmt upplýsingum úr utanríkisráðuneytinu var hálsmen úr línunni Millu eftir Helgu Ósk Einarsdóttur valið vegna fegurðar þess, langrar hefðar víravirkis í íslenskum þjóðbúningum og því hversu táknrænt það er, með vísan til heimskringlunnar. „Þú munt örugglega sjá mig með þetta men opinberlega,“ sagði Rice himinlifandi við íslenska starfssystur sína.

„Pétri Breiðfjörð, gullsmíðameistara mínum, fannst mikilvægt að ég lærði smíði víravirkis og frá því ég útskrifaðist sem gullsmiður 1995 hefur stór hluti gullsmíðavinnu minnar farið í íslenska víravirkið,“ segir Helga Ósk sem nú er ein fárra gullsmiða af yngri kynslóðinni sem hefur kunnáttu til smíði búningasilfurs.

„Ég verð Pétri ævinlega þakklát að hafa hvatt mig til að læra gamla handverkið, en eftir að hafa smíðað búningasilfur árum saman datt mér í hug að nota það í nýtískulegra skart, án þess að það væri bundið við búninga. Víst hafði alltaf verið til ein og ein næla eða armband úr skrínum eldri kvenna, en óttalegar lummur, fannst mér, og úr takti við nútímann,“ segir Helga þar sem hún teygar í sig angan af nýslegnu grasi inn um glugga einnar af lestum Kaupmannahafnar á leið heim til bús og barna eftir annasaman dag í skólanum.

„Mig langaði að bæta við mig skartgripahönnun og hélt utan til náms í Danmörku með fjölskylduna í fyrrasumar. Ég kann óskaplega vel við mig, enda alltaf stefnt að því að geta unnið hvar sem er í heiminum og þetta er fyrsti vísir að því. Ég er heppin að hafa afnot af aðstöðu í skólanum til eigin smíða, en oft tek ég vinnu með mér heim líka og sit við að þræða inn í víraverkið á kvöldin,“ segir Helga Ósk, sem fyrir þremur árum hóf að hanna eigin skartgripalínu úr víravirki, með tilvísun í munstur úr íslenskri þjóðbúningahefð.

„Ég smíða hálsmen, hringa, eyrnalokka og armbönd í mismunandi útfærslum. Það geri ég hérna úti og sendi heim því ég sel skartið í þremur verslunum á Íslandi. Blaðamenn erlendis hafa reglulega samband og ég hef tekið þátt í sýningum ytra og alltaf fengið mjög góðar viðtökur, en almennt þykir vinnan og sagan á bak við víravirkið afar merkileg,“ segir Helga Ósk, en nálgast má víravirki hennar í Kraumi í Aðalstræti og galleríum Hótels Hilton og Hótels Loftleiða.



Hálsmen líkt því sem Condoleezza Rice fékk að gjöf frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, úr skartgripalínunni Milla; sjá www.milla.is.

„Í sumar kem ég með nýja línu og svo er ég á fullu að smíða margt fallegt sem er óviðkomandi víravirkinu. Skólinn hefur opnað mér nýjar víddir og nú smíða ég einnig stóra skartgripi sem ég hefði ekki trúað upp á mig áður,“ segir Helga Ósk, hláturmild og hamingjusöm í danska vorinu.

*thordis@frettabladid.is*






## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Blátt sumar með bleikum tónum

Ein mikilvægasta hliðargrein tískuheimsins er snyrtivörugeirinn og skiptir hann miklu máli fyrir afkomu tískuhúsanna. Ekki er mikilvægið minna fyrir þá sem eingöngu framleiða snyrtivörur. En samkeppnin er hörð og nauðsynlegt að bjóða reglulega upp á nýjungar til að halda velli. Um nokkurt skeið hafa rannsóknarstofur snyrtivöruframleiðanda verið uppteknar af því að leita að efnum til að bylta fyrri framleiðslu á snyrtivörum sem eiga að minnka hrukkumyndun og tryggja eilífa æsku. Framleiðendur leita að mólekúlum morgundagsins sem eiga það sammerkt að gjörbreyta áhrifum andlitskrema. Þau eiga til dæmis að örva endurnýjun húðfruma sem minnkar með aldrinum eða auka starfsemi þeirra og þannig margfalda áhrif kremanna. Fyrir vikið verða kraftaverkakremin sífellt dýrari en finna alltaf kaupendur.

Það nýjasta frá Shiseido, Bio performance er, gott dæmi um þessa nýju framleiðslu. Kremið kostar litlar 300 evrur (um 35.000 krónur) og lofar barnshúð á fimmtán dögum. Annað er Crème suprême jeunesse frá Estée Lauder á 230 evrur sem inniheldur nýja blöndu, „Resvératrol“. Hjá Dior heitir undraefnið TP-Vytil sem á að verja eiginleika húðarinnar til að endurnýja sig. Svo eru það þau sem eiga að stinna húðina og enn önnur sem á að nota til að fylla upp í djúpar hrukkur. Um rannsóknir á árangri er hins vegar ekkert upp gefið.

En snyrtivöruframleiðendur vinna ekki aðeins að því að tryggja neytendum eilífa æsku því með rétta sumarklæðnaðinum þarf réttu litina í förðun og til að vera í takti við tískuna eru litirnir auðvitað bleikir en sömuleiðis er blátt aðalnýjungin í litum sumarsins. Hver veit, þið hafið kannski geymt gamlan bláan augnskugga inni í baðherbergisskáp sem gæti verið sá eini rétti? Blæbrigðin eru mörg, málm-, nætur-, pastel- eða túrkísblátt og ekki verra ef að dálítlu af glimmeri er blandað saman við. En það er ekki bara augnskugginn, maskarinn og varaliturinn sem getur verið blár. Neglurnar og jafnvel ilmvatnið er blátt eins og hið nýja bláa One Summer frá Calvin Klein fyrir dömur og herra með myntu og kardimommu.

Ef ykkur líkar ekki blátt á neglurnar þá býður Dior upp á tuttugu og einn bleikan lit í naglalakki fyrir sumarið svo hver og ein ætti að geta verið glöð með sitt.

Í farða er enn mikil áhersla lögð á að hann sé aðeins til að fullkomna fallega húð og á að vera næstum ósýnilegur.

*bergb75@free.fr*

## *Bylgjandi glamúr*

***Í haust og vetur verður það glamúr og bylgjandi kjólar í anda Hollywood.***



Á sýningu fatahönnuðarins Joseph Domingo í Los Angeles nú í mars minntu síðir og aðskornir kjólarnir óneitanlega á Hollywoodstjörnur sjötta áratugarins.

Berar axlir og flegnir kjólar voru áberandi á sýningarpallinum og hárgreiðslan hjá sýningarstúlkunum var tilkomumikil í takt við kjólana. Sterkir litir einkenndu þessa línu og efnisvalið var létt og leikandi silki og siffon til móts við rautt, svart og þröngt. Sýningin þótti ögrandi og þokkafull og sniðin kvenleg og aðskorin.

*- rat*














**Blóm** í vasa flytja vorið inn á heimilið. Fallegir litirnir og frískandi ilmurinn koma heimilisfólki í sólskinsskap.


Stigahúsateppi



Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tré
Stál
STIGAR
Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins
Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti Gólflistar og margt fleira
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com
Gler
Vönduð vara og hagstætt verð.....
Ryðfrítt








# GÓÐ RÁÐ
## fyrir þig og umhverfið

## Eldhúsið – ísskápurinn

Geymsla matvæla hefur ekki alltaf verið jafn einföld og nú til dags. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ísskápurinn notar mesta orku af öllum tækjum á heimilinu, eða um tuttugu prósent. Því skiptir verulegu máli fyrir umhverfið og orkureikning heimilisins að kaupa í upphafi ísskáp sem notar sem minnsta orku. Orkumerkin Energy Star, GEEA og Evrópska orkumerkið gefa til kynna hve orkufrekur ísskápurinn er. Munið að hafa ísskápinn ekki opinn að óþörfu.

- Gæta skal þess að ísskápurinn sé hreinn að innan sem utan.
- Fullur ísskápur sparar orku.
- Ekki er æskilegt að setja eldavélina við hliðina á ísskápnum.
- Ekki er sniðugt að vera með ofn við hliðina á ísskápnum.
- Geyma skal kjöt og fisk neðst í kæliskápnum. Þar er kaldast.
- Ávexti og grænmeti má setja efst í ísskápinn.
- Afþíða skal frosinn mat í ísskápnum. Það sparar orku.
- Afísa skal ísskápinn reglulega. 5 mm þykkt íslag eykur orkunotkun um 30%.
- Þurrka skal burt rykið á bak við ísskápinn. Það sparar orku.
- Gæta skal þess að næg loftræsting sé bak við og fyrir ofan ískápinn.
- Ekki er ráðlegt að setja heita matarafganga inn í ískáp, betra er að láta matinn kólna áður en hann er settur inn. Það sparar orku og heldur matnum ferskari.

*Meira um allt í eldhúsinu á: http://www.natturan.is/husid/1286/*



**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**



Fagurlega skreytt nammikrús

# Hugmyndir fyrir heimili

***Bútasaumur á sér margar hliðar eins og best sést í nýrri bók sem er komin út hjá Eddu útgáfu.***

Í nýrri bók sem heitir einfaldlega Bútasaumur er teflt saman ólíkum litum og mynstrum þannig að flestir ættu að finna eitthvað sem fellur að eigin smekk. Þar eru einfaldar en listrænar uppskriftir af teppum, dúkum, töskum, og tehettum svo nokkuð sé nefnt. Að sögn ritstjórans Svölu Þormóðsdóttur henta þær bæði byrjendum og þeim sem hafa mikla reynslu af bútasaumi. „Auk bútasaums getur bókin nýst sem hugmyndabanki hvað varðar litasamsetningar og útfærslur í ýmiss konar handavinnu,“ segir hún.

Höfundar bókarinnar eru Ann E. Baird, Ea Fisker og Jette Højgaard og þýðandi María Þorgeirsdóttir en myndirnar eru eftir Niels Jensen.

Auk bútasaums getur bókin nýst sem hugmyndabanki hvað varðar litasamsetningar og útfærslur í ýmiss konar handavinnu. *- gun*



Hlýlegt teppi til að kúra undir.

## Skreytt með skarti

GOTT GETUR VERIÐ AÐ HAFA EINHVERN ÁKVEÐINN STAÐ TIL ÞESS AÐ SETJA SKARTGRIPINA SÍNA Á AÐ KVÖLDI



Skartgripatré er góð lausn fyrir þá sem nota skartgripi mikið og nenna ekki alltaf að ganga frá þeim niður í skartgripaskrín. Mikil prýði getur líka verið að skartgripatréinu og ekki úr vegi að stilla því upp á áberandi stað, en það fer til dæmis sérstaklega vel á fallegu snyrtiborði. Þetta skartgripatré fæst í Uniku og kostar 7.700 krónur.

*- eö*


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Lykill að fallegu heimili

felst í nýju húsi frá Scanwo – dönsk hönnun, frábær einangrun í veggjum (245 mm) og þaki (400 mm) – þú sparar orku og krónur. Er það búgarður, bústaður, einbýli,tvíbýli, ein hæð eða tvær?

Lausnina finnur þú hjá Scanwo



Scanwo A/s
www.scanwo.dk scanwo@gmail.com s: 895 6811

allt matur
Alla föstudaga

weber – ekki bara grill



Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is

**Slökun** að loknum löngum vinnudegi er mikilvæg og margt sem hægt er að gera til þess að láta líða úr sér. Heitt bað, róandi tónlist og nudd frá einhverjum nákomnum hjálpa til að slaka á.

# Bikardagur í skólahreysti

***Í dag keppa tíu grunnskólar til úrslita í hinni geysivinsælu Skólahreysti í Laugardalshöll, en keppnin hefur hleypt sönnu kappi í unglinga lýðveldisins.***

„Mikið hefur breyst eftir að Skólahreysti kom til sögunnar. Áður gekk illa að fá krakka til að keppa um stig í tímum, en nú finnst þeim það bæði spennandi og skemmtilegt,“ segir Guðbrandur Stefánsson, formaður Íþróttakennarafélags Íslands, en Skólahreysti hefur undanfarin þrjú ár orðið stór þáttur í íþróttakennslu grunnskóla.

„Keppnin er reyndar bara fyrir nemendur í 9. og 10. bekk, en við verðum þess áskynja að yngri krakkar eru farnir að huga að því að komast í Skólahreysti löngu áður en aldurstakmarki er náð,“ segir Guðbrandur, en áhorf á Skólahreysti í sjónvarpi er mikið meðal grunnskólabarna.

„Mest heillandi við Skólahreysti er hrátt og skemmtilegt leikjaformið. Keppt er í grunnhreyfingu eins og sippi, klifri, armbeygjum, burði og öðru leikjasporti, en hefðbundnar keppnisgreinar skildar út undan. Skólahreysti er því fjölbreyttari en ella, allir eru til í að reyna sig og til leiks mæta einstaklingar í mismunandi formi,“ segir Guðbrandur, sem skorar á skólastjórnendur landsins og foreldraráð að setja upp sams konar leiksvæði á leikvöllum skólanna og unnið er með í Skólahreysti.

„Þetta hefur verið gert í Vogum og Sandgerði við miklar vinsældir og er hvati í því að börn hreyfi sig meira. Við eigum að nota áhrif Skólahreysti og gera börnum útivistina skemmtilegri með fjölbreyttri aðstöðu,“ segir Guðbrandur ákveðinn.

„Stemningin er engu lík þegar kátir unglingar koma saman; stúkur fyllast af keppnis- og stuðningsliðum, allir í bolum með lúðra og svakalegt fjör. Vinsældir Skólahreysti eru rétt að byrja, og svo gæti farið að framhaldsskólarnir yrðu með í framtíðinni.“ *thordis@frettabladid.is*


Guðbrandur Stefánsson, formaður Íþróttakennarafélags Íslands, segir Skólahreysti hafa breytt íþróttakennslu að öllu leyti. MYND/VÍKURFRÉTTIR


Poppstjarnan Jónsi úr Í svörtum fötum meðal æstra stuðningsmanna Lundarskóla í keppni í Skólahreysti. MYND/BRJÁNN BALDURSSON


Hér keppa Ólafur Helgi frá Hofsósi og Guðjón Ingimundar frá Sauðárkróki sín á milli í kaðlaklifri. MYND/BRJÁNN BALDURSSON


Kári Walter úr Grenivíkurskóla gefur sig ekki svo auðveldlega í dýfum. MYND/BRJÁNN BALDURSSON


Stelpur eru ekki síður kraftmiklar í armbeygjum. Hér má sjá Karen Hrönn Vatnsdal úr Giljaskóla á Akureyri taka á því. MYND/BRJÁNN BALDURSSON

























# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

**Margföld ending og slitþol!**

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

'Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 17. APRÍL 2008


## Nýjar rafhlöður

**með meira afl og endingu en áður hefur þekkst** BLS. 12






MYND/JÓN STEINAR JÓNSSON





# „Vel í sveit settur“

*„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“*

**Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri, Vöndull ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Hér mjakar Grímur Grétarsson sér ofan af vörubílspalli á beltagröfu, án utanaðkomandi hjálpar.



Margt var um manninn á afmælishátíð Vélavers og nutu gestir þess að skoða fullkomnustu gerðir JCB-vinnuvéla í sýningarsal.



„The Dancing Diggers“ frá JCB sýndi danskunáttu sína fyrir afmælisgesti við mikla hrifningu.



Traktorsgröfum JCB er greinilega ýmislegt til lista lagt, utan kröftugrar vinnugetu. MYNDIR/JÓN STEINAR JÓNSSON

# Dansandi traktorsgröfur

**Hún var ævintýri líkust, afmælishátíð Vélavers, í tilefni þess að nú eru liðin 45 ár síðan fyrstu JCB-vinnuvélarnar voru fluttar til landsins.**

Á þriðja hundrað gestum var boðið til veglegrar afmælisveislu í glæsilegum húsakynnum Vélavers að Krókhálsi föstudaginn 4. apríl, en alls voru tuttugu JCB-vinnuvélar þeim mörgu góðu gestum til sýnis sem sáu sér fært að halda daginn hátíðlegan með starfsfólki Vélavers og fulltrúum JCB-vinnuvélaframleiðandans.

Boðið var upp á dýrindis veitingar og tónlistaratriði, en auk þess kom sérstaklega til landsins „The Dancing Diggers“ frá JCB til að sýna gestum sýningaratriði sitt á þremur JCB-traktorsgröfum á bílaplaninu fyrir utan húsið, og þótti gestum mikið til koma.

Einnig kom Grímur Grétarsson á traktorsgröfu og sýndi ásamt syni sínum Grétari Grímssyni hvernig þeir bera sig að við að klifra á gröfunni upp á vagn og þá niður af og upp á vörubílspall á beltagröfu, án utanaðkomandi hjálpar, en við það gripu gestir andann á lofti af hrifningu.

Fyrstu JCB-vinnuvélarnar voru sextán traktorsgröfur af gerðunum JCB 3 og JCB 4, en þær komu til landsins í mars árið 1963. Þremur árum síðar komu fyrstu JCB-beltagröfurnar til starfa hérlendis, en til gamans má geta þess að árið 1963 var talið að aldrei fyrr hefði svo stór sending vinnuvéla komið til Íslands, og voru allar vélarnar þegar seldar.



Tilkomumiklar JCB-traktorsgröfur mynda hér tignarleg göng fyrir aðrar vinnuvélar að keyra í gegnum.

JCB er annað elsta nafn framleiðanda vinnuvéla sem selja vélar á Íslandi og er heildarfloti JCB-vinnuvéla sem eru í notkun í dag um 1.000 vinnuvélar, en það gerir JCB-vinnuvélar að þriðja stærsta vinnuvélaflota landsins.

Í tilefni afmælisins var kynntur afmælisafsláttur af JCB-vinnuvélum sem gildir út apríl.

*- þlg*




Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is**
eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

SANDVIK

Kraftvélar óska Björgun til hamingju með nýju mölunarsamstæðuna frá Sandvik.

Mölunarsamstæðan samanstendur af þremur brjótum, UJ 440i forbrjót, UH420 kónbrjót og RC107 rótorpactor.



KRAFTVÉLAR

Kraftvélar ehf. /// Dalvegi 6-8 /// 201 Kópavogi
Sími 535 3500 /// Fax 535 3501 /// www.kraftvelar.is

# Þrír nýir brjótar í flotann

**Kraftvélar ehf. gengu nýlega frá einni stærstu sölu sinni þegar fyrirtækið seldi Björgun stóran vélapakka sem inniheldur þrjá nýja brjóta.**

Brjótarnir eru þrír og framleiddir af Sandvik í Arbra og Svedala í Svíþjóð. Sandvik byggir á traustum grunni Svedala, sem er eitt þekktasta og virtasta nafn þegar talað er um brjóta og er með áratuga reynslu af smíði þeirra.

Fyrsti brjóturinn er kjálkabrjótur sem ber heitið Sandvik UJ440i og er sá fyrsti sinnar tegundar hérlendis. Sandvik UJ440i hefur verið í notkun hjá bæði Svíum og Norðmönnum við góðan orðstír enda er afkastageta hans um 600 tonn á klukkustund. Brjóturinn sjálfur er engin smásmíði og vegur 62 tonn.

Annar brjóturinn er af gerðinni Sandvik UH420 og er svokallaður kónbrjótur. Sandvik UH420 hefur lokaða hringrás sem matar þann þriðja sem kallast Roadclassifier 107, betur þekktur sem VSI-brjótur. Sá brjótur býr til rúnað efni fyrir steypu og malbik sem er flokkað í þrjár tegundir eftir stærðum.

Tveir starfsmenn frá Sandvik í Svíþjóð komu sérstaklega til landsins til að koma upp brjótunum. Unnu þeir að því að stilla brjótana þar til menn voru ánægðir með afköst og gæði efnis. Hlutverk þeirra var einnig að þjálfa starfsmenn Björgunar í meðhöndlun og vinnu í kringum brjótana.

„Söluferlið tók alls sex mánuði enda um stór kaup að ræða. Marga þætti þurfti að athuga svo menn fengju það sem sóst var eftir. Var margt tekið inn í ferlið, til dæmis hver afkastagetan ætti að vera, hversu mörg tonn menn vildu framleiða á klukkustund og svo framvegis. Þetta var vinna sem var ekki hægt að vinna á einum degi heldur hægt og örugglega," segir Ólafur Baldursson, sölustjóri hjá Kraftvélum ehf., sem var einn af þeim sem komu að sölunni á brjótunum.

„Það tekur alltaf tíma að kynnast nýjum vélum en brjótarnir hafa nú verið í notkun í rúmar tvær vikur hjá Björgun. Þeir hafa reynst afar vel og standast allar þær kröfur sem til þeirra voru gerðar," segir hann.

*- mmr*



Komatsu WA 500-6 sést hérna moka ofan í Sandvik UH420 kónbrjót, sem er einn brjótanna sem Björgun keypti af Kraftvélum.



Sandvik UJ440i er kjálkabrjótur sem tekur við grófasta efninu á fyrsta stiginu.

MYND/ÚR SAFNI KRAFTVÉLA



Sandvik UH420 er annað stigið í mölunninni. Hann tekur við efni úr kjálkabrjótnum og matar beint ofan í Sandvik RC107. Sá brjótur rúnar efnið fyrir steypu og malbik.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Delta-grafa í sólarlagi við sjóvarnargarðinn í Búðardal. MYND/BJÖRN ANTON EINARSSON

# Vinnuvélar í nýju ljósi

Áhugaljósmyndarinn Björn Anton Einarsson, sem starfar sem viðhaldsmaður hjá Mjólkursamlaginu í Búðardal, tekur myndir af öllu sem gleður augað, þar á meðal af vinnuvélum.

„Ég byrjaði á þessu fyrir tveimur árum en þá fór fjárhagurinn að leyfa kaup á góðri vél og linsum," segir Björn. Hann tekur aðallega landslagsmyndir en myndar einnig ýmislegt annað sem fyrir augu ber, þar á meðal vinnuvélar.

Víðimelsbræður ehf. hafa að undanförnu unnið að gerð sjóvarnargarðs við höfnina í Búðardal, þar sem Björn er búsettur, og hefur hann tekið óvenjulegar myndir af vinnu þeirra sem sýnir vélarnar í nýju ljósi.

Í tilefni af því að vinnu við sjóvarnargarðinn er lokið opnar Björn ljósmyndasýningu við höfnina í dag.

*- ve*



KM vörubíll skreyttur ljósmynd Björns.



Víðimelsbræður að stöfum.



Fallegt sjónarhorn.



COMFORT solutions®
By King Koil®

# RÝMINGARSALA
# SÍÐUSTU DAGAR!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution** verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

**á gamla genginu með allt að 30% afslætti.**



| AVERY Spine support (Full XL 135x203) | AVERY Spine support (Queen size 153x203) | AVERY Spine support (King size 193x203) | AVERY Spine support (Twin XL 97x203) | AVERY Spine support (Cal King size 183x213) |
|---|---|---|---|---|
| kr. 84.800 | kr. 89.900 | kr. 129.800 | kr. 68.900 | kr. 129.800 |



Enn eru til svefnsófar og stillanleg rúm á gamla genginu.



## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

H E I L S U R Ú M

# Fóru í víking til Írlands



Framleiðandinn McHale er með aðstöðu í þessu glæsilega húsnæði á Írlandi. MYND/ÚR SAFNI JÖTUNS VÉLA



Fusion 2 er nýuppfærð gerð af sambyggðri rúllu- og pökkunarvél. Í vélinni er einfölduð stjórntölva á íslensku með myndrænu viðmóti.

**Í byrjun marsmánaðar hélt stór hópur á vegum Jötuns véla í víking til Írlands að tileinka sér þjónustu við vélar frá framleiðandanum McHale, með aðaláherslu á Fusion 2 nýuppfærða gerð af sambyggðri rúllu og pökkunarvél. Í vélinni er ný og einfölduð stjórntölva á íslensku með myndrænu viðmóti.**

Að sögn Birgis Guðmundssonar, varahlutasérfræðings Jötuns véla, voru Írarnir höfðingjar heim að sækja. „Við fórum þarna út og vorum komnir á sunnudagskvöldi. Strax um kvöldið var borðað í boði McHales og Guinness með,“ segir Birgir. „Svo á mánudeginum byrjaði námskeiðið, sem var aðallega bóklegt til að byrja með, en svo fórum við í salinn hjá þeim þar sem vélarnar voru í pörtum og þeir sýndu okkur hvert stykki. Þá var haldið í verksmiðjuna og Fusion 2 skoðuð.“

McHale Fusion 2 sambyggða rúllu- og pökkunarvélin er hönnuð frá grunni með það í huga að rúlla og pakka í sömu vélinni. Búið er að endurhanna allt burðarvirki en við það léttist hún um nærri sex hundruð kíló. Meginkostir vélarinnar eru einfaldleiki, afköst við pökkun og áreiðanleiki. Vélin státar af því að geta rúllað yfir 100.000 rúllur án þess að skipta þurfi um legur.



Hópurinn sem fór til Írlands til að tileinka sér þjónustu við Fusion 2-vélar frá framleiðandanum McHale.

„Við erum með fjórtán þjónustuverkstæði í kringum landið sem þjónusta bændur fyrir okkur í viðhaldi og þess háttar,“ segir Birgir og fullvissar blaðamann um að nú verði allir til reiðu þegar heyskapur hefst í sumar.

„Bændur eru að vísu mjög snöggir að læra á vélar, ef þeir vilja,“ segir Birgir og hlær, „en ef þeir laga vélarnar ekki sjálfir koma verkstæðin til með að laga þær. Við fórum í ferðina svo menn fái ekki vél inn á verkstæði án þess að hafa séð svona áður og viti ekki hvernig eigi að laga hana. Við sláum ekki slöku við í því.“



Námskeiði hófst með bóklegri kennslu. Síðan var haldið út í sal.

Starfsmenn Jötuns véla voru sammála um að ferðin hefði heppnast vel í alla staði og verða starfsmenn þjónustuverkstæða fyrirtækisins vel undirbúnir fyrir heyskapinn. -nrg






Vörubílum verður að aka sérstaklega varlega, en vegna stærðar sinnar geta þeir skemmt hús og mannvirki ef þeir fara út af vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þyngd trukka

Venjulegir fólksbílar hafa oft massa í kringum eitt tonn þegar þeir eru tómir. Þeir geta tekið farþega og farangur sem nemur samtals um 400 kílóum. Bílarnir eru síðan þyngri eftir því sem þeir eru stærri og geta tekið meiri farm.

Venjulegir vörubílar eru nokkur tonn á þyngd tómir og geta tekið álíka mikinn farm eða meira, en þyngstu vagnlestir sem leyfðar eru á íslenskum vegum eru tæp fimmtíu tonn með farmi. Á það við stóran vörubíl með álíka stórum tengivagni.

Oft er í þessu samhengi talað um ásþunga eða öxulþunga í stað heildarþunga ökutækis eða vagnlestar. Ástæðan er sú að það er þunginn á hvern ás sem ræður mestu um áhrif bílsins eða lestarinnar á veginn. Vegaslit af völdum þungrar vagnlestar getur auðveldlega verið mörg þúsund sinnum meira en af einum fólksbíl.

Vegna þess hversu vörubílar og vagnlestir geta verið þungar getur líka orðið mikið tjón ef eitthvað ber út af. Þess konar ökutæki geta til dæmis skemmt hús og önnur mannvirki ef þau fara út af vegi eða götu og slitið niður brýr, svo ekki sé talað um manntjón sem orðið getur af þeirra völdum.

Ef þau eru fullfermd þurfa þau að fara mun hægar í beygjur en önnur farartæki vegna þess að svokölluð massamiðja (áður kölluð þyngdarpunktur) liggur hátt og tækið í heild er valt; það er nánar tiltekið óstöðugt gagnvart því að velta á hliðina.

Eins eru slík ökutæki viðkvæm fyrir hliðarvindi, sérstaklega bílar eða tengivagn með farmgeymslu sem er tóm. Þá má geta þess að sérstök hætta getur skapast ef farmur færist til á palli eða í geymslu á svona tæki. Það sem var stöðugt getur þá orðið valt.

*Sjá: www.visindavefur.is*



*Smáralind*

# Vitnisburður
## um vönduð verk

**ÍSTAK** er í fremstu röð í mannvirkjagerð og framkvæmdaaðilar um allt land geta reitt sig á sérfræðiþekkingu starfsfólks okkar. Snjöll úrræði og réttur tækjakostur leggja grunninn að glæsilegum mannvirkjum á hagstæðu verði.

Hjá **ÍSTAKI** byggjum við á góðu starfsfólki og leggjum okkur fram við að skapa því gott starfsumhverfi og hvetjum það til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. **ÍSTAK** leitar ávallt eftir framsæknu og hugmyndaríku starfsfólki til þess að taka þátt í að skapa minnisvarða um vönduð verk.




*Vörumiðstöð og höfuðstöðvar Samskipa við Kjalarvog*



*Fáskrúðsfjarðargöng*



*Ístakshúsið, Engjateigi 7*

**ÍSTAK**

Traustur verktaki

**ÍSTAK hf.** · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9070731



Meirapróf eykur atvinnutækifæri þar sem hægt er að fá próf til aksturs á hóp-, vöru- og leigubifreiðum, meðal annars hjá Nýja ökuskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Meiraprófsnámskeið um miðjan maí

Nýi ökuskólinn býður upp á meirapróf til aksturs á vörubílum, leigubílum, eftirvögnum og hópferðarbílum.

Meirapróf eða aukin ökuréttindi á hóp-, vöru- og leigubifreið fást meðal annars hjá Nýja ökuskólanum. Inntökuskilyrði eru almennt bifreiðastjórapróf auk annarra reglna sem hið opinbera setur.

Réttindaaldur á vörubifreið og vörubifreið með eftirvagni er átján ár, á leigubifreið tuttugu ár en réttindaaldur á hópbifreið er 21 ár. Þó má hefja nám sex mánuðum áður en réttindaaldri er náð. Læknisvottorð þarf að fylgja með umsókn um aukin ökuréttindi og þeir sem þess óska geta fengið skoðun hjá lækni í skólanum á meðan á námi stendur.

Skriflegt próf þarf að standast til að hægt sé að gangast undir verklegt próf.

Á vinnuvélanámskeiðinu geta aðeins sautján ára og eldri tekið þátt. Farið verður yfir þætti eins og vinnuvélastjórnun, öryggismál, búnað og vinnutækni, auk þess sem rætt er um vinnubrögð með vinnuvélum, vélfræði vinnuvélastjórans, vinnuskýrslur og fleira.

Bóklegi hlutinn er áttatíu stundir. Síðan geta nemendur keypt verklegar æfingar á vinnuvélar. Skólinn leigir einnig út vinnuvélar og kennara fyrir nemendur.

Verkleg próf á vinnuvélar fara fram víða um land og annast eftirlitsmenn frá Vinnueftirliti ríkisins framkvæmd þeirra. Réttindaflokkarnir eru nokkrir og kostar hver þeirra kr. 2.365 krónur. Skírteinið sjálft kostar kr. 3.220 krónur.

Próf á lyftara, gröfu og hjólaskóflu kostar að meðtöldu skírteininu 10.315 krónur. Upphæðin greiðist hjá Vinnueftirliti ríkisins við afhendingu skírteinisins. Næsta námskeið fyrir meirapróf hefst hinn 16. maí næstkomandi.

Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag námskeiða og skólann er á heimasíðu skólans www.meiraprof.is. -rh

# Stærð er styrkur

**Gúmmívinnslan á Akureyri tók nýverið yfir rekstur Alorku í Reykjavík. Í kjölfar sameiningar var ákveðið að öll hjólbarðasala og -þjónusta félagsins færi fram undir nafni og vörumerki Alorku. Með þessum breytingum verður til eitt öflugasta félag landsins á sínu sviði.**



Ómar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Alorku, ásamt Gesti Árskóg, þjónustustjóra Alorku Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurður um ástæður sameiningarinnar segir Ómar Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Alorku að fara þurfi eitt og hálft ár aftur í tímann þegar Gúmmívinnslan á Akureyri keypti Höfðabakka, sem var viðleitni í að koma sér betur inn á markaðinn á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta er næsta skref,“ segir Ómar. „Það voru mjög augljós samlegðaráhrif og hagkvæmni í að leggja fyrirtækin saman. Þau voru ekki í harðri samkeppni á markaðnum og markhóparnir voru ólíkir. Alorka einblíndi á minni fyrirtæki, einstaklinga og jeppa meðan Gúmmívinnslan var fókuseruð á fólksbíladekk og stærri fyrirtæki. Báðir markhópar áttu vel saman. Á sama tíma og Gúmmívinnslan var að hugsa um hvernig hægt væri að koma ár sinni betur fyrir borð í Reykjavík var Alorka að leita leiða til að stækka og gera meira með þær vörur sem það fyrirtæki hafði.“

Alorka mun sjá um sölu og þjónustu á hjólbörðum, en rekstur Gúmmívinnslunnar hf. verður hér eftir fyrst og fremst á sviði framleiðslu á sóluðum hjólbörðum og ýmsum vörum úr endurunnu gúmmíi. Fyrirtækið er það eina hérlendis sem hefur með höndum sólningu á hjólbörðum og endurvinnslu á vörum úr afgangsefni, sem fellur til við þá framleiðslu. Tengslin milli fyrirtækjanna tveggja fullnýta möguleikana á að lágmarka þá umhverfismengun sem hlýst af notkun hjólbarða.

„Sameiningin er angi af því sem hefur verið að gerast á hjólbarðamarkaðnum,“ segir Ómar. „Menn hafa verið að leita leiða við að búa til stærri einingar því það ríkir gríðarlega hörð samkeppni. Maður þarf ekki að líta lengra en til N1 fyrirtækjanna, þess sem Sólning hefur verið að gera og Pitstopp sem hefur orðið til núna úti á Dekkjalagernum. Þetta eru allt fyrirtæki sem hafa leitað leiða til að stækka og gera einingarnar hagkvæmari.“

Ómar segir að vörurnar séu í eðli sínu erfiðar, það sé kostnaðarsamt að halda stóran dekkjalager, það taki mikil pláss og mikil umsýsla sé í kringum það.

„Einn liður í að stækka Alorku er að selja jeppadekk á vefnum undir jeppadekk.is. Það fór langt fram úr væntingum og tókst gríðarlega vel. En það er ljóst að menn þurfa að ná ákveðinni stærð á markaðnum til að vera sterkir,“ segir Ómar. -nrg


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



AFLVÉLAR

# Traust tæki
# Vönduð þjónusta

SCHMIDT



Gangstéttarsópur Schmidt Swingo 250



Gangstéttarsópur Schmidt Swingo 100



Schmidt götusópur 7 rúmmetrar



Citigo sópur



Framsópur vökvaknúinn



Framsópur með drifi



Schmidt götusópur 6 rúmmetrar



Schmidt Savalco malbiksviðgerðarbíll



Savalco tjörutæki







Sláttuvélar og burstar á armi



ATC malbikskassi



Savalco dreifari



Ficote dælubílar



Veekmas veghefill




Fico tunnuþvottabíll



Hefilgreiða













Burstar, vír og strá í alla sópa.
Framleiðum bursta og sópa.

AFLVÉLAR ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000 Fax: 480-0001. www.aflvelar.is















Sýningin Verk og vit 2008 verður haldin í Laugardalshöllinni dagana17. til 20. apríl. Um 100 sýnendur taka þátt en þeir koma frá fjölmörgum sviðum atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byggingariðnaður og skipulag í brennidepli

**Sýningin Verk og vit 2008 verður haldin dagana 17. til 20. apríl næstkomandi í íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal.**

Sýningin Verk og vit 2008 er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð en þetta er í annað sinn sem sýningin er haldin.

Um 100 sýnendur taka þátt í Verki og viti 2008 og nú stefnir í að sýningin verði sú veglegasta sem haldin hefur verið á þessu sviði hér á landi. Sýnendur koma frá fjölmörgum sviðum atvinnulífsins. Sem dæmi má nefna byggingarverktaka, verkfræðistofur, tæknifyrirtæki, tækjaleigur, fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki, skóla, ráðagjafarfyrirtæki og sveitarfélög. Einnig koma sýnendur frá útlöndum.

Nýbygging Háskólans í Reykjavík, fyrirhugað háskólasjúkrahús, nýjungar í vetnisvæðingu og mörg af stærstu skipulagsverkefnum höfuðborgarsvæðisins verða meðal þess sem fyrir augu ber á Verki og viti. Þá verða kynntar fjölmargar tækninýjungar í byggingariðnaði og mannvirkjagerð auk þess sem sýnd verða nýjustu tæki og tól fyrir áhugamenn jafnt sem atvinnumenn í byggingariðnaði.

Í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur félags- og tryggingamálaráðherra hafa tekið gildi lög sem hafa í för með sér meiri réttindi til handa lífeyrisþegum en í tíð margra síðustu ríkisstjórna.

**Fullnaðarsigur**

Um síðustu mánaðamót náðist loksins fram fullnaðarsigur í þeirri mannréttindabaráttu sem lífeyrisþegar hafa háð á annan áratug. Baráttu fyrir þeim sjálfsögðu mannréttindum að lífeyrir úr almannatryggingunum skerðist ekki vegna tekna maka. Sigur í baráttu sem hefur sett mark sitt á söguna m.a. með makalausri túlkun á öryrkjadómnum, mótmælum og kröfugöngum. Það var ekki fyrr en Samfylkingin var komin í ríkisstjórn og með forræði á lífeyristryggingum almannatrygginga, að þessi sjálfsögðu mannréttindi voru í höfn.

Um 5.800 lífeyrisþegar fengu hærri bætur við afnám makatengingarinnar – mismiklar eftir tekjum og samspili þeirra – jafnvel tugi þúsunda á mánuði. Fleiri kjarabætur tóku gildi um mánaðamótin – skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkaði úr 30% í 25% og frítekjumark hækkaði til samræmis við örorkulífeyri sem kom 460 ellilífeyrisþegum til góða. Vasapeningar til tekjulausra hjúkrunarsjúklinga á hjúkrunarheimilum hækkuðu um tæplega 30%, en frá desember hafa þeir hækkað úr 28.600 í 38.225 krónur.

Einnig tók gildi 90.000 króna frítekjumark á fjármagnstekjur til að minnka of- og vangreiðslur. Gera má ráð fyrir að sú aðgerð komi í veg fyrir skerðingu bóta hjá 7–8.000 lífeyrisþegum, en þorri þeirra hefur fjármagnstekjur undir þessum mörkum.

Lífeyrir hækkaði um 7,4% eða 9.400 krónur

Um mánaðamótin var greidd 4% hækkun á lífeyri. Hækkunin var ákveðin í kjölfar samninga ASÍ og SA og gildir frá 1. febrúar. Hækkunin kemur til viðbótar fyrri hækkunum, en um áramótin hækkaði lífeyrir almannatrygginga um 3,3%. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa því hækkað um 7,4% á þessu ári eða um 9.400 krónur til þeirra sem fá óskertar greiðslur frá Tryggingastofnun. Ég minni á að samkvæmt útreikningum ASÍ og SA er reiknað með að meðaltalshækkun lægstu launa á grundvelli nýgerðs kjarasamnings verði um það bil 7% á árinu. Engar hækkanir urðu hjá þessum hópum um síðustu áramót.

**Næstu skref 1. júlí**

Kjarabæturnar um síðustu mánaðamót eru aðeins fyrstu skrefin í að bæta kjör lífeyrisþega og þegar hafa verið lögfestar ýmsar kjarabætur sem ganga í gildi 1. júlí og ég hvet fólk til að kynna sér. Meðal annars mun frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 67–70 ára hækka í 100.000 krónur á mánuði. Um 700 ellilífeyrisþegar fá þá hækkun, allt að 46.000 krónum mánuði. Þá verður sett 300.000 króna frítekjumark á lífeyrisgreiðslur örorkulífeyrisþega. Um helmingur allra örorkulífeyrisþega mun fá hærri bætur vegna þessa. Aldurstengd örorkuuppbót hækkar og aldursviðmið þeirra sem fá 100% uppbót vegna fyrsta örorkumats verður fært úr 19 ára aldri í 24 ár. Bætur þeirra sem fá 100% uppbót munu hækka um 58.600 krónur á ári en um 12.000 örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar njóta hækkunarinnar.



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samninga ASÍ og SA var kveðið á um mótun lágmarksframfærsluviðmiðs fyrir lífeyrisþega. Stefnt er að því að það liggi fyrir 1. júlí í stað 1. nóvember 2008. Það á meðal annars að taka tillit til hækkunar lægstu launa í nýgerðum kjarasamningum.

**Þeir verst settu fá 24.400**

Að síðustu í þessum áfanga verður öllum öldruðum, sem fá minna en 25.000 krónur úr lífeyrissjóði, tryggð sérstök kjarabót sem jafngildir 25.000 króna greiðslu úr lífeyrissjóði á mánuði. Fjárhæðin skerðir aðrar bætur eins og lífeyrissjóðsgreiðslur gera og jafngildir þessi fjárhæð því ríflega 15.000 krónum fyrir skatta. Þessi kjarabót skilar sér beint til þeirra sem búa við lökust kjörin meðal ellilífeyrisþega. Fimmtán þúsundirnar koma til viðbótar þeim 9.400 krónum sem 7,4% hækkun lífeyrisgreiðslna skilar til þessa hóps og því hækka tekjur hans um ríflega 24.400 krónur fyrir skatta á mánuði. Til samanburðar hækkuðu þeir lægst launuðu í kjarasamningunum um 18.000 krónur á mánuði.

*Um 5.800 lífeyrisþegar fengu hærri bætur við afnám makatengingarinnar – mismiklar eftir tekjum og samspili þeirra – jafnvel tugi þúsunda á mánuði.*

Vinstri grænir eru á villigötum þegar þeir gera lítið úr kjarabótum til lífeyrisþega í þessum áfanga ríkisstjórnarinnar – vissulega má alltaf gera betur en það munar verulega um þessi fyrstu skref.

*Höfundur er alþingismaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Söngvaköld
Hringbraut 101 í Keflavík kl. 20
www.vg.is



# Tækifærið í Peking

**UMRÆÐAN**
Ólympíuleikarnir


BALDUR ÞÓRHALLSSON

Ólympíuleikarnir í Peking eru mikilvægasti viðburður sem Kínverjar hafa staðið fyrir á okkar tímum. Almenningur í Kína stendur heilshugar að baki stjórnvöldum í að gera leikana glæsilega og tekur á markvissan hátt þátt í undirbúningnum sem staðið hefur í áraraðir. Til að geta tekið með bravör á móti gestum leikanna hefur höfuðborginni verið umbylt sem og flestum þekktum ferðamannastöðum í landinu. Einnig má víðsvegar finna fólk sem leggur sig allt fram við að læra ensku eða hefur stofnað fyrirtæki til að aðstoða og græða á ferðalöngum.

Ólympíuleikarnir eru hluti af áætlun stjórnvalda um að nútímavæða Kína. Markmiðið er að bæta efnahag landsmanna, auka tengsl við umheiminn, gera landið líkara Vesturlöndum og samkeppnishæft í alþjóðasamfélaginu. Kínverskan almenning þyrstir í aukin tengsl við hinn vestræna heim og lífsgæðin sem þar bjóðast. Litið er á Ólympíuleikana sem stóran þátt í þeirri opnun á landinu sem stjórnvöld hafa staðið fyrir á síðastliðnum þremur áratugum.

Það er augljóst að kínversk stjórnvöld ætla einnig að reyna að nota Ólympíuleikana til að bæta ímynd sína innanlands sem utan. Hið sama hafa öll ríki sem haldið hafa Ólympíuleika gert, þó þau hafi misgóðan málstað að verja. Staðsetning Ólympíuleikana í Peking hefur hins vegar gert það að verkum að kastljósið beinist að mannréttindabrotum, ritskoðun og skort á lýðræði í Kína, einkum í Tíbet. Ólympíuleikarnir í Peking eru þannig í raun stórkostlegt tækifæri til að þrýsta á kínversk stjórnvöld. Það hefur verið gert með góðum árangri með mótmælum í London, París og San Francisco.

Aftur á móti hafa kínversk stjórnvöld ýtt undir þjóðernishyggju með markvissum hætti með einsleitum og röngum fréttaflutningi af mótmælunum. Almenningur fær því brenglaða mynd af afstöðu Vesturlanda til Kína þar sem rökin fyrir mótmælunum heyrast ekki heldur það eitt að Vesturlöndin séu einfaldlega á móti Kína. Það getur þess vegna verið varhugavert að slá á útrétta hönd almennings í alþýðulýðveldinu með því að sniðganga leikana sjálfa. Með því að sniðganga leikana geta stjórnmálamenn fallið í þá gryfju að vera eingöngu að friðþægja gagnrýnisraddir heimafyrir en ekki að bæta stöðu hins almenna kínverska borgara.

Stóra spurningin er hverju það skilar að sniðganga leikana? Er líklegt að kínversk stjórnvöld bregðist við með því að gera bragabót heimafyrir ef Þorgerður Katrín, Brown, Merkel og Sarkozy mæta ekki á opnunarhátíð leikanna? Er ekki vænlegra til árangurs að þessir ráðamenn ræði allir sem einn á opinskáan hátt við kínverska valdamenn um mikilvægi lýðræðis og mannréttinda og hvernig aukið frelsi getur gagnast kínversku samfélagi og bætt hag borgaranna?

Efast má um að besta leiðin sé að sitja heima og gagnrýna kínversk stjórnvöld í vestrænum fjölmiðlum sem ná ekki eyrum valdhafa né almennings í Kína. Líklegra til árangurs er að taka í útrétta hönd kínversk almennings og bjóða hann velkominn í samfélag þjóðanna þar sem fólk getur skipst á skoðunum. Vestrænir ráðherrar hafa verið allt of varkárir við að taka þessi málefni upp á skipulagðan og markvissan hátt við kínverska ráðamenn. Nú er lag.

Því má við bæta að það er nokkuð sérstakt og sýndarmennska í því fólgin hjá vestrænum valdhöfum að hitta kínverska valdahafa hvarvetna í heiminum til að stuðla að auknum viðskiptum og menningarsamskiptum en neita á sama tíma að hitta þessa sömu valdhafa á Ólympíuleikunum í ágúst í Peking. Er nema von að almenningur í Kína eigi erfitt með að skilja Vestrið.

*Prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.*

# Nokkur orð um Suðurlandsveg

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál


RÓBERT MARSHALL

Margir hafa fagnað því að loksins skuli hafist handa við tvöföldun Suðurlandsvegar, en ríkisstjórnin tilkynnti fyrir skömmu að ráðist skyldi í þá mikilvægu framkvæmd strax á þessu ári. Í þessum fyrsta áfanga verður vegurinn tvöfaldaður milli Litlu kaffistofunnar, niður Kambana og að Hveragerði.

Hér er um gríðarlega mikilvægt umferðaröryggismál að ræða, enda hefur það ekki farið fram hjá neinum að skelfileg slys hafa átt sér stað á Suðurlandsvegi í nágrenni borgarinnar og að Selfossi í gegnum tíðina. Gagnvart slíkum slysatölum má öllum ljóst vera að algerlega bráðnauðsynlegt er orðið að tvöfalda veginn.

*þeir tveir vegakaflar sem hér um ræðir – annars vegar milli Litlu kaffistofu og Hveragerðis og hins vegar milli Hveragerðis og Selfoss – útiloka ekki hvor annan á tímaásnum.*

**Hvar á að byrja?**

Eftir að ríkisstjórnin tilkynnti um áform sín um að hefja tvöföldun Suðurlandsvegar á áðurnefndum kafla, hafa þær raddir heyrst að skynsamlegra hefði verið að byrja tvöföldun vegarins á kaflanum milli Hveragerðis og Selfoss. Það er rétt að slysatölur styðja þau sjónarmið, að á þeim kafla sé mest aðkallandi að tvöfalda. Og það stendur vissulega til.

Það er hins vegar mikilvægt að eyða öllum misskilningi þegar kemur að svo mikilvægum almannahagsmunum eins og vegaframkvæmdir eru. Í umræðunni um Suðurlandsveg er nauðsynlegt að hafa í huga, að þeir tveir vegakaflar sem hér um ræðir – annars vegar milli Litlu kaffistofu og Hveragerðis og hins vegar milli Hveragerðis og Selfoss – útiloka ekki hvor annan á tímaásnum. Með öðrum orðum: Það að ákveðið hafi verið að ráðast í tvöföldun á fyrrnefnda vegakaflanum nú hefur engin áhrif á það hversu fljótt verður hægt að ráðast í tvöföldun á þeim síðarnefnda.

**Skipulagsferli skemur á veg komið**

Vegakaflinn milli Hveragerðis og Selfoss er mun skemur á veg kominn í skipulagsferli. Af þeim sökum var aldrei um það að ræða að ráðast í tvöföldun á þeim kafla strax á þessu ári. Svo þetta sé áréttað: Þó svo ríkisstjórnin hefði ákveðið að hefjast ekki handa við tvöföldun milli Litlu kaffistofunnar og Hveragerðis – sem sannarlega er bráðnauðsynleg aðgerð – hefði það engan veginn leitt til þess að þá hefði verið hægt að ráðast í tvöföldun á hinum á þessu ári. Um þetta stóð aldrei val.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga í hinni almennu umræðu, þar sem ákvarðanir hins opinbera eru stundum gagnrýndar eins og gerist og gengur.

*Höfundur er varaþingmaður Suðurkjördæmis og aðstoðarmaður samgönguráðherra.*

# *Óviðunandi geðþóttaákvarðanir*

**UMRÆÐAN**
Löggæsla á Suðurnesjum


GRÉTAR MAR JÓNSSON

Hugmyndir dómsmálaráðherra þess efnis að stokka upp og slíta í sundur samstarf aðila við löggæslu og landamæraeftirlit í Leifsstöð, sem og að færa yfirstjórn mála undir fleiri en eitt ráðuneyti, er hrein og bein eyðilegging á öllu því starfi sem unnið hefur verið á svæðinu. Starfi sem skilað hefur árangri og tekið hefur verið eftir í því sambandi.

Það er og verður gjörsamlega óviðunandi að bjóða mönnum er starfa að málum sem löggæslu upp á slík handahófskennd vinnubrögð við breytingar af hálfu ráðherra málaflokksins. Staðreynd málsins er sú að lögregluembætti voru sameinuð fyrir 16 mánuðum undir eina yfirstjórn, með hagræðingu að markmiði og loforðum um aukna löggæslu á svæðinu með þeim breytingum. Þau hin sömu loforð um aukningu sem eðli máls samkvæmt þýðir fjármagn til starfsseminnar, hafa hins vegar ekki gengið eftir.

Rök ráðherra fyrir sameiningu á sínum tíma voru eins og áður sagði hagræðing, en nú eru sömu rök notuð til þess að verja hugmyndir um uppstokkun og tilfærslu, sem er stórfurðulegt.

Það gefur augaleið að þessi rakalausa hringferð ráðherra í máli þessu er með ólíkindum, og ljóst að hvers konar viðbótarbreytingar munu kosta aukna fjármuni til viðbótar þeim sem nú þegar hefur verið lofað en ekki er búið að efna.

Það er einfaldlega ekki hægt að henda frá sér samvinnu aðila í sérhæfðum málum við löggæslu sem landamæravarsla eðlilega er á Keflavíkurflugvelli með því móti sem hér er verið að gera. Hvergi nokkurs staðar er mikilvægara að viðhalda samvinnu aðila allra er koma að málum og nýta þá reynslu af samvinnu sem skapast hefur í samstarfi aðila með eina yfirstjórn mála á svæðinu.

Ég skora á ráðherra dómsmála að hverfa nú þegar frá þessum hugmyndum um breytingar og eyða óvissu þeirri sem starfsmenn löggæslu og öryggisvarða og tollvarða á Suðurnesjum hafa mátt þola í þessu sambandi.

Þegar kemur að öryggi borgaranna þá skyldu menn skoða og gaumgæfa það atriði að þar gildir ekki að „spara aurinn en kasta krónunni“ frekar en annars staðar.

*Höfundur er alþingismaður.*






**99** kr/kg. áður 199 kr/kg.
X-tra franskar kart. í ofn - 1 kg.




**99** kr/pk. áður 159 kr/pk.
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.




**39** kr/stk. áður 79 kr/stk.
X-tra maískorn 300 gr.




**99** kr/pk. áður 139 kr/pk.
X-tra hveiti - 2 kg




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra appelsínusafi 1,5 ltr.




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra eplasafi 1,5 ltr.




**59** kr/stk. áður 99 kr/stk.
X-tra handsápa 500 ml.




**169** kr/pk. áður 289 kr/pk.
X-tra uppþvottavélatöflur - 40 stk




**49** kr/pk. áður 99 kr/pk.
X-tra vasaklútar 10 stk

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 17. apríl til 20. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H-N markaðssamskipti / SIA   Hönnun: Víkurfréttir

**VICTORIA BECKHAM SÖNGKONA ER 34 ÁRA.**

*„Ég held mér í formi með því að hlaupa á eftir strákunum mínum þremur.“*

***Victoria Beckham var áður Adams og var í söngflokknum Spice Girls. Hún er gift knattspyrnumanninum David Beckham.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 17. APRÍL 1970**

## *Áhöfn Apollo 13 lendir heil á húfi*



Það þekkja eflaust margir frægðarför Apollo 13 geimflaugarinnar. Apollo 13 var þriðja mannaða geimfarið sem var sent út í geim af bandarísku geimferðarstofnuninni. 11. apríl árið 1970 var Apollo 13 skotið á loft með þriggja manna áhöfn, þá James A. Lovell, John L. Swigert og Fred W. Haise. Markmið ferðarinnar var að lenda Apollo 13 á tunglinu og þannig gátu Bandaríkin státað sig af því að eiga tvö geimför sem höfðu lent á tunglinu. Tveimur dögum eftir flugtak eða 13. apríl varð sprenging í geimfarinu. Sprenging varð í súrefnistanki geimfarsins og varð til þess að bilun komst í rafmagnskerfið. Geimfararnir voru í mikilli hættu og þurftu að búa við skelfilegt ástand þá tvo daga sem skipið var nánast án rafmangs. Kuldinn inni í geimfarinu var orðin mikill og geimfararnir þurftu að þola hann til að spara orku geimfarsins til þess að geta lent. Sex dögum frá geimskotinu lenti áhöfn Apollo 13 heil á húfi og má segja að allur heimurinn hafi fylgst með óförum áhafnarinnar.

**MERKISATBURÐIR**

**1492** Spánn styrkir Kristófer Kólumbus vegna Asíufarar.

**1913** Járnbraut milli Öskjuhlíðar og Reykjavíkurhafnar er tekin í notkun.

**1937** Warner Bros kynna til leiks skapstóru öndina Daffy Duck.

**1961** AFRTS Keflavik fær leyfi menntamálaráðherra til að auka útsendingarstyrk sjónvarpsútsendinga stöðvarinnar.

**1973** Flutningafyrirtækið Federal Express flytur sinn fyrsta pakka.

**1994** Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, er opnað. Safnið heitir eftir Gerði Helgadóttur myndhöggvara og hýsir nokkur verka hennar.

AFMÆLISBÖRN



**Jón Sigurðsson** fyrrum ráðherra er 67 ára.



**Jennifer Garner** leikkona er 36 ára.



**Eyjólfur Kristjánsson** tónlistarmaður er 47 ára.



**Sean Bean** leikari er 49 ára.




**60 ára afmæli**

í dag er sextug

**Jóhanna G. Stefánsdóttir**

frá Skipanesi í Leirársveit.

Hún verður heima í dag og tekur á móti gestum sem þora að koma.
Opið hús verður frá kl. 18.00 og langt fram á kvöld.
Allir vinir og vandamenn velkomnir, vinsamlega takið góða skapið með ykkur.


INDRIÐIÐ INDRIÐASON, RITHÖFUNDUR Á HÚSAVÍK: HUNDRAÐ ÁRA Í DAG

# Skrifaði fyrstu bókina á viku



**MIKILL GRÚSKARI** Indriði hefur gríðarlegan ættfræðiáhuga og hefur meðal annars tekið saman bækur um ættir Þingeyinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Indriði Indriðason, rithöfundur og ættfræðingur, fæddist að Ytra-Fjalli í Aðaldal 17. apríl 1908. Hann fagnar því hundrað ára afmæli sínu í dag. Indriði ólst upp á bænum Ytra-Fjalli til 16 ára aldurs þegar hann hélt með bróður sínum vestur til Ameríku. „Það voru uppgangstímar og mikið að gera í Ameríku á þessum árum. Þegar ég kom aftur heim til Íslands var Jónas Jónsson, kenndur við Hriflu að stjórna í landinu. Hann ákvað að taka jörðina Grenjaðarstað og skipta í fimm jarðir. Þá höfðu nýbýlalög nýlega tekið gildi og verið var að byggja upp býli um allt land. Jónas bauð mér einn partinn af Grenjaðarstað, ef mér þætti það ekki of lítið, enda stórhuga maður og nýkominn frá Ameríku. Þrándur bróðir minn fékk annan hluta og við byggðum upp jörð sem fékk nafnið Aðalból, enda samanstóð land okkar af tveimur fimmtu upphaflegu jarðarinnar.“ Indriði varði næstu árum í að byggja upp jörðina en segir vinnuna hafa verið erfiða og að hún hafi tekið sinn toll af heilsu hans. Hann flutti því til Reykjavíkur eftir nokkurra ára starf og bjó í höfuðborginni næstu sextíu árin.

Fljótlega eftir að Indriði kom suður lagði hann leið sína inn í bókabúð Sigfúsar Eymundssonar þar sem hann keypti stóran pakka af pappír. „Ég hugsaði að það væri best að fara að skrifa, úr því að ég hafði ekkert að gera. Ég settist niður og skrifaði í eina viku. Þetta voru sjö smásögur sem ég labbaði með í prentsmiðju Guðbjarnar Guðmundssonar. Ég fékk honum böggulinn og sagði honum að ég vildi að hann gæfi þetta út. Tveimur dögum seinna fór ég aftur í prentsmiðjuna og hitti Guðbjörn. Hann sagði að það væri réttast að gefa skrif mín út. Þetta var fyrsta skrift, beint úr pennanum hjá mér og nokkrum dögum síðar var búið að prenta bókina. Svona myndi seint gerast nú á dögum,“ segir Indriði. Hann segir fjölskyldu sína hafa orðið hissa þegar hann sendi þeim eintak af fyrstu bók sinni, enda var hann þá bara nýfluttur suður. Eftir þetta hefur Indriði mikið fengist við skriftir og liggja eftir hann mörg rit, bæði bókmenntir og fræðirit.

Indriði hefur lengi haft áhuga á ættfræði og hefur meðal annars tekið saman bækur um ættir Þingeyinga, fimmtán bindi alls. „Við erum fámenn þjóð og lengi vel einangruð og það tel ég ástæðu hins mikla ættfræðiáhuga hér á landi,“ segir Indriði sem er einn eftirlifandi af níu systkina hópi sem komst á legg. Indriði sem er mikill grúskari og hefur safnað að sér bókum frá unga aldri. „Það hafa alltaf safnast að mér bækur. Fyrir þremur árum seldi ég allar bækurnar mínar. Ég stóð í herberginu mín með auða skápa og hugsaði að nú væri ekkert eftir nema að selja skápana, en einhvern veginn hafa þeir fyllst aftur.“ Þrátt fyrir háan aldur fylgist Indriði ennþá vel með fréttum og dægurmálum. Indriði tekur á móti vinum og vandamönnum í Dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík í dag.

hnefill@frettabladid.is


✝



*Þökkum af heilum hug auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Einars Guðlaugssonar**

Húnabraut 30, Blönduósi.

Minningin lifir.

**Ingibjörg Þ. Jónsdóttir**
**Skarphéðinn H. Einarsson** **Sigrún Kristófersdóttir**
**Jón Karl Einarsson** **Ágústa Helgadóttir**
**Kári Húnfjörð Einarsson** **Ingunn Þorláksdóttir**
**Magdalena Rakel Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og tengdadóttur,*

**Soffíu Thorarensen**

frá Akureyri, Álfkonuhvarfi 61, Kópavogi.

**Kjartan Tómasson**
**Elísabet Kjartansdóttir** **Jón Örn Pálsson**
**Ármann Kjartansson** **Klara Eirika Finnbogadóttir**
**Lára Guðleif Kjartansdóttir** **Gunnar Magnússon**
**Elísabet Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

✝



*Okkar ástkæri*

**Eiríkur Ásgeir Þorleifsson**

Borgarheiði 17v, Hveragerði,

andaðist á Landspítalanum 14. apríl. Útför fer fram 19. apríl kl. 14.00 frá Kotstrandarkirkju.

**Jónína Margrét Egilsdóttir**
**Erling Eiríksson** **Kristín Gísladóttir**
**Ásgeir Stefán Ásgeirsson** **Harpa Lind Björnsdóttir**
**Svala Ásgeirsdóttir** **Smári Björn Stefánsson**
**og barnabörn.**

✝



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður S.R. Markússon**

vöruflutningabílstjóri, Ægisvöllum 10, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 18. apríl kl. 14.00.

**Elín Óla Einarsdóttir**
**Kristín R. Sigurðardóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir** **Grétar Ólason**
**Katrín Sigurðardóttir** **Klemenz Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Mannlegur hringur

Átak – félag fólks með þroskahömlun stendur fyrir uppákomunni mannlega hringnum við Alþingishúsið laugardaginn 19. apríl kl. 13.00.

Hugmyndin er að fólk taki höndum saman og myndi þannig mannlegan hring í kringum Alþingishúsið. Húsið er valið sem tákn lýðræðis og sameiningar.

Með þessum atburði vill félagið að fólk sýni samstöðu og undirstriki að sama skapi mikilvægi jafnræðis allra í samfélaginu. Gjörningurinn felur ekki í sér mótmæli, heldur er tilgangurinn að minna á tilveru og samstöðu þeirra sem eru þroskahamlaðir.

Eftir gjörninginn er upplagt að fara á kynningu á starfi og námsframboði Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra í Borgartúni 22.

Allir sem vilja leggja þessum málstað lið eru hvattir til að mæta við Alþingishúsið og taka höndum saman með Átaki.



**GJÖRNINGUR** Átak – félag fólks með þroskahömlun valdi Alþingishúsið sem tákn lýðræðis og sameiningar.

# Sænskuverðlaun grunnskólanema

Jóhanna Rut Óskarsdóttir, nemandi í Grunnskóla Vestmannaeyja vann nýlega aðalverðlaun í ritunarsamkeppni nemenda sem stunda sænskunám í 10.bekk.

Verkefnið snérist um að skrifa ritgerð um gildi vináttunnar eða minningar frá Svíþjóð. Verðlaunaritgerðin ber heitið Betydelsen av en vän og að launum fékk Jóhanna Rut ferð til Svíþjóðar í sumar. Sendiherra Svía Madeleina Ströje Wilkens, veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn í ráðherrabústaðnum við Fjólugötu fyrir skömmu. Þar fékk einnig hópur nemenda úr 10.bekk og leggur stund á sænskunám viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu. Þátttakendur í keppninni stunda allir fjarnám í sænsku hjá Tungumálaveri Laugalækjarskóla og er kennari þeirra Erika Frodell. Á hverju ári stunda í kringum 100 nemendur stunda nám í sænsku í staðin fyrir dönsku í grunnskólum landsins.



**HREINT VATN** Aðgengi að hreinu drykkjarvatni fyrir börn er markmið jarðardagsins hjá Unique hár og spa.

# Jarðardagur hjá Unique hár og spa

Aðgengi barna að hreinu drykkjarvatni er það sem jarðardagur Aveda-stofunnar Unique hár og spa snýst um en á morgun er hápunktur jarðarmánaðar Aveda.

Starfsemi stofunnar verður með nokkuð breyttu sniði í dag þar sem ýmislegt verður gert til að safna fé til verkefnisins. Segir Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir að 500 krónur af hverri klippingu renni til söfnunarinnar auk þess sem hægt verður að kaupa happadrættismiða og vinna sér inn veglega vinninga. Þá verður hægt að fá Aveda handanudd og kaupa kerti og rennur ágóðinn óskiptur í sjóðinn. Viðskiptavinir geta svo gætt sér á pönnukökum sem bakaðar verða í tilefni dagsins.



**BARIST ÁFRAM** Margrét Sverrisdóttir tók við formennsku Kvenréttindafélags Íslands fyrir skömmu.

# Ný stjórn Kvenréttindafélagsins

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands, KRFÍ var haldinn fyrir skömmu að Hallveigarstöðum við Túngötu. Þar var kosin ný stjórn en tvær stjórnarkonur viku úr stjórn félagsins, þær Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður og Svandís Ingimundardóttir, meðstjórnandi.

Margrét Sverrisdóttir, varaformaður KRFÍ, tók við formennsku og nýjar í stjórn eru Bryndís Bjarnarson og Ragnheiður Bóasdóttir. Framkvæmdastjórn KRFÍ skipa því nú eftirtaldar: Margrét Sverrisdóttir, formaður, Helga Guðrún Jónasdóttir varaformaður, Sólborg A. Pétursdóttir ritari, Margrét Steinarsdóttir, gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bryndís Bjarnarson, Hildur Helga Gísladóttir, Ragnheiður Bóasdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.

Auk framkvæmdastjórnar eiga fulltrúar stjórnmálaflokkanna sem sitja á Alþingi, sæti í aðalstjórn félagsins. Þeir eru: Hildigunnur Lóa Högnadóttir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Heiða Björt Pálmadóttir fyrir Samfylkinguna, Silja Bára Ómarsdóttir fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð, María Marta Einarsdóttir fyrir Framsóknarflokkinn og Ásgerður Jóna Flosadóttir fyrir Frjálslynda flokkinn.

Kvenréttindafélag Íslands hefur starfað í rúm 100 ár og barist fyrir kvenréttindum og jafnrétti kynjanna og mun starfa að þeim málefnum áfram eða þar til fullu jafnrétti kynjanna er náð. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem félagið sendi frá sér.

---



✝

*Bróðir okkar*

**Þormóður Jónsson**

fv. tryggingafulltrúi

lést að Hvammi, heimili aldraða á Húsavík, þriðjudaginn 15. apríl. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 14.00.

**Guðný Jónsdóttir**
**Ingimundur Jónsson**
**Þórólfur Jónsson**

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Úlrik Ólason**

organisti,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 9. apríl. Honum verður sungin sálumessa í Kristskirkju í Landakoti föstudaginn 18. apríl og hefst athöfnin kl. 13.

**Margrét Árný Halldórsdóttir**
**Andri Úlriksson** **Ásdís Kjartansdóttir**
**Halldór Óli Úlriksson** **Hildigunnur Helgadóttir**
**Örn Úlriksson** **Inga Dóra Þorkelsdóttir**
**Óli E. Björnsson**
**afabörn og systkini.**

---



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars V. Arnkelssonar**

fyrrv. kaupmanns, Hrafnistu í Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík.

**Sigríður Símonardóttir** **Guðmundur Sv. Sveinsson**
**Valgerður Kr. Gunnarsdóttir** **Guðrún M. Benediktsdóttir**
**Símon Á. Gunnarsson** **Sjöfn Sigþórsdóttir**
**Kristján Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Bróðir okkar*

**Sigurður Björnsson**

Kvískerjum,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands þann 10. apríl 2008, verður jarðsunginn frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 19. apríl kl. 14.00.

**Helgi Björnsson**
**Hálfdán Björnsson**
**Kvískerjum**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðleifur Pálsson**

frá Krossum í Staðarsveit, til heimilis að Hagalandi 4, Mosfellsbæ,

andaðist sunnudaginn 13. apríl á Hrafnistu. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 21. apríl kl. 13.00.

**María Bjarnadóttir**
**Heiðar Jónsson**
**Sigríður Hrefna Jónsdóttir** **Magnús V. Friðbergsson**
**Ásmundur Jón Jónsson** **Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Bjarndís Jónsdóttir** **Halldór Hildar Ingvason**
**Páll Jónsson**
**Stefanía Helga Jónsdóttir** **Guðni Á. Haraldsson**
**Bjarni Jón Jónsson** **Ágústa Óladóttir**
**María Jónsdóttir** **Gunnar Helgi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Þökkum innilega auðsýnda samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför*

**Valdimars Ólafssonar**

yfirflugumferðarstjóra, Lundahólum 3.

Guð blessi ykkur öll.

**Helga Árnadóttir**
**Alexander Einar Valdimarsson**
**Ragnheiður Valdimarsdóttir** **Páll Arnór Pálsson**
**Þórunn Erlu Valdimarsdóttir** **Eggert Þór Bernharðsson**
**Lilja Valdimarsdóttir**
**Trausti Valdimarsson** **Herdís Guðjónsdóttir**
**Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir** **Kristófer Svavarsson**
**Ásdís Valdimarsdóttir** **Michael Stirling**
**Árni Björn Valdimarsson**
**Ólafur Kr. Valdimarsson** **Guðrún Ósk Hjaltadóttir**
**Vífill Valdimarsson**
**Sindri Valdimarsson** **Lára Guðrún Magnúsdóttir**
**Kristín Þ. Valdimarsdóttir** **Veigur Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Yndislegi pabbi minn, sonur okkar, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Sigurjón Daði Óskarsson**

Kambaseli 85, Reykjavík,

sem lést af slysförum þriðjudaginn 8. apríl, verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 18. apríl kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans er bent á sjóð til styrktar litlu dóttur hans, Viktoríu Von, reikningsnúmer 0528-04-250338 kt. 181005-2460

**Viktoría Von Sigurjónsdóttir**
**Óskar Eyberg Aðalsteinsson** **Margrét Árdís Sigvaldadóttir**
**Þórða Berg Óskarsdóttir** **Gunnar Örn Arnarson**
**Ásta Kristín Óskarsdóttir**
**Jóna Katrín Guðnadóttir** **Sigvaldi Ármannsson**
**Þórða Berg Óskarsdóttir** **Birkir Baldursson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

# Barcelona

24. apríl

frá aðeins kr. 19.990



## Helgarferð – aðeins örfá sæti!

Heimsferðir bjóða ótrulegt tilboð á allra síðustu flugsætunum í helgarferð til Barcelona 24. apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – aðeins örfá sæti í boði!

Verð kr. 19.990
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum, sértilboð, 24. apríl.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Vesturport

BORGARLEIKHÚSIÐ

# ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á BORGARLEIKHUS.IS

17. – 18. OG
24. APRÍL

Þetta eru síðustu
þrjár sýningarnar!


## STUÐ MILLI STRÍÐA Nútímamaður

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** SKRIFAR UM ÍSLENSKA NÚTÍMAMENN



Ég er sæll og ég er glaður, verð að teljast nokkuð venjulegur maður. Fer sjaldan í sund og er alltaf á leið á fund. Er oft úr vinnu að skreppa, á auðvitað fjóra jeppa. Lifi á veislumat og fínum vínum, kreisti margt frítt úr vinum mínum. Húsið mitt er stórt sem höll og þar bergmálast öll mín köll. Er með níutíu stöðvar heima og sé hvað sjónvarp í Kína hefur að geyma. Mér leiðist allt krepputal og hef keypt mér jarðir og heilan dal. Fer í ræktina en hreyfi mig ekki, er bara á spjalli við fólk sem ég þekki. Í veskinu eru átta kreditkort, vil ekki búa við óþarfa skort. Lífið er ekki bara líf eða dauði, nenni ekki að lifa á vatni og brauði. Nenni ekki að sinna mínum börnum, hefði átt að fjárfesta í getnaðarvörnum. Sendi börnin í leikskóla og skóla, þar þurfa aðrir að hlusta á þau góla. Gef þeim rítalín og annað læknadóp, allt til að bæla niður þeirra óp. Er sama um þá sem minna mega sín, geri oftast að þeim grín. Er yfir kjörþyngd en það truflar mig ekki og blóðið í mér er hlaupið í kekki. Flýg aðeins með einkaþotum í frí, hvort sem er til Kýpur eða Malaví. Ligg flatur í sólinni og sötra minn bjór, hugsa hlæjandi heim þar sem er snjór. Ég er hógvær með lítið hjarta, nenni ekki að spara, hvað þá kvarta. Finnst frábært að standa og bíða í röð, gef konunni sílikonbrjóst svo hún sé glöð. Bankarnir og ál eru málið, held áfram að berja stálið. Ég hef ekki tíma til að hvílast eða sofa, svík flest sem ég var búinn að lofa. Kem til dyranna eins og ég er klæddur, gleymi oft hvaða dag sonur minn er fæddur. Er afkomandi frægra manna, geri hluti sem er búið að banna. Segi útlendingum að Ísland sé besta land í heimi, þó að kreppan sé hér á sveimi. Ét sviðahausa og eistu af hrútum, tek daglega við einhvers konar mútum. Er bara stuðningsmaður landsliðsins í blíðu, það má eiga sig í stríðu. Hef ekkert á samvisku minni að geyma, framkvæmi í stað þess að láta mig dreyma. Hlusta ekki á neitt bull né þvaður því ég er sannur íslenskur nútímamaður.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Kl. 17**

*Danska söngvaskáldið, tónlistarmaðurinn og fræðimaðurinn Per Warming flytur fyrirlestur um neðanjarðarsöngva á dögum Sovétríkjanna í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121, í dag kl. 17. Í fyrirlestri sínum fjallar hann einkum um andófssöngvarana Vladimir Vysotskij og Bulat Okudzjava og lofar áheyrendum að heyra söngva þeirra við eigin gítarleik.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sönglög Hollywood

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld verða helgaðir söngstjörnum gullaldar söngvamyndanna í Hollywood. Hljómsveitinni til halds og trausts á tónleikunum verða bandaríska söngleikjadívan Kim Criswell og hljómsveitarstjórinn John Wilson.

Átrúnaðargoð Kim Criswell hafa frá barnæsku verið söngkonur á borð við Julie Andrews og Judy Garland og á tónleikunum í kvöld fá að hljóma mörg þeirra dýrðlegu laga sem þær gerðu fræg og mun andi gullaldarára Hollywood svífa yfir vötnum. Criswell hefur átt glæstan feril sem leik- og söngkona í söngleikjum í New York og London, hefur komið fram með mörgum frægustu hljómsveitum heims og gert ótal hljóðritanir. Fjórum þekktum leik- og söngkonum verða gerð góð skil í efnisskrá kvöldsins. Fyrsta skal telja Judy Garland sem er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt í Galdrakarlinum frá Oz frá árinu 1939. Eftir að hafa verið á samningi hjá MGM-kvikmyndaverinu í ein fimmtán ár var henni sagt upp þrátt fyrir mikla sigra og velgengni. Garland sneri sér þá að tónleikasviðinu og upptökum og náði að heilla heiminn upp úr skónum þar rétt eins og hún hafði gert á kvikmyndatjaldinu.

Doris Day er þekkt fyrir fjölbreytt hlutverk og dans- og sönghæfileika sína. Hún var ein vinsælasta stjarna síns tíma og lék í um fjörutíu kvikmyndum auk þess að syngja inn á einar 45 hljómplötur.

Hin enska Julie Andrews hefur í gegnum sinn feril verið hlaðin lofi og verðlaunum fyrir störf sín. Ferillinn spannar nú um 45 ár og hún er ekki sest í helgan stein enn. Frægust er hún án efa fyrir hlutverk sín í Sound of Music, Mary Poppins og My Fair Lady.

Fjórða söngkonan sem Kim Criswell tekst á við er Barbra Streisand. Tvenn Óskarsverðlaun og sautján kvikmyndir teljast til afreka hennar, en Streisand verður þó sennilega fyrst og fremst minnst sem farsællar söngkonu. - vþ



**KIM CRISWELL** Syngur lög úr söngvamyndum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld.

## Ritþing með Einari Kárasyni

Menningarmiðstöðin Gerðuberg í Breiðholti stendur fyrir ritþingi með Einari Kárasyni næstkomandi laugardag kl. 13.30. Einar er þjóðinni að sjálfsögðu vel kunnur fyrir skáldsögur á borð við Þar sem Djöflaeyjan rís... og því hafa væntanlega margir áhuga á að heyra hann spjalla um verk sín og störf. Stjórnandi umræðna á þinginu er Halldór Guðmundsson og spyrlar eru rithöfundarnir Sjón og Gerður Kristný.

En það verður ekki aðeins spjallað á þinginu heldur verður einnig boðið upp á upplestur úr verkum Einars og tónlistaratriði. Fram koma Karl Guðmundsson leikari, tónlistarmaðurinn KK og Tómas R. Einarsson og hljómsveit.

Ritþing hafa verið haldin í Gerðubergi frá árinu 1999 og hafa fyrir löngu eignast fastan sess í menningarlífi borgarinnar. Þingunum er ætlað að veita persónulega innsýn í líf og feril íslenskra rithöfunda. - vþ



**EINAR OG KISI** Einar mætir á ritþing í Gerðubergi á laugardag, en ólíklegt er að kisi láti sjá sig.

## Fjölbreytt listahátíð

Listahátíðin List án landamæra verður sett í fimmta skipti á morgun kl. 17 með opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á dagskránni eru tónlistaratriði, upplestur og uppistand. Meðal flytjenda eru Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir sem lesa upp úr bók sinni Postulín, Valgeir Guðjónsson kemur fram með kór Fjölmenntar, Beggi blindi verður með uppistand og Páll Óskar Hjálmtýsson treður upp með Dansklúbbi Hins hússins. Í kjölfarið verður svo opnuð stórglæsileg myndlistarsýning í Austursalnum.

Um helgina kennir svo margra grasa á dagskrá hátíðarinnar. Á laugardaginn stendur Átak fyrir gjörningi við Alþingishúsið kl. 13 þar sem myndaður verður óslitinn hringur um húsið sem tákn um sameiningu ólíkra hópa í samfélaginu og er ljóst að þar þarf margar fúsar hendur til. Á Kaffi Rót í Hafnarstrætinu er svo Geðveikt kaffihús Hugarafls, handverksmarkaður og ljósmyndasýning.

Á Akureyri verða opnaðar tvær sýningar á Safnasafninu á Svalbarðseyri kl. 14 á laugardag og í Borgarnesi verður opnuð sýning í Landnámssetrinu kl. 14 á sunnudag. Af öðru áhugaverðu sem hátíðin býður upp á má nefna myndlistarsýningu finnskra listamanna í Norræna húsinu, tónleika á skemmtistaðunum Organ í samvinnu við tímaritið Mónitor og leiklistarveislu í Borgarleikhúsinu. Það er því ljóst að af nógu er að taka fyrir áhugafólk um menningu og listir á þessari skemmtilega fordómalausu listahátíð. Hægt er að kynna sér dagskrá hátíðarinnar í heild sinni á síðunni www.listanlandamaera.blog.is - vþ



**LIST ÁN LANDAMÆRA** Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á þessari líflegu hátíð.


Höldum Karnivalinu áfram

Tískufatnaður á „grín“verði.

Á karnival dögum bjóðum við ótrúlega hagstæð tilboð á herra- og dömufatnaði. Allt að 80% afsláttur af okkar helstu vörumerkjum.

Paul Smith jakkaföt ~~59.900~~ nú 14.900 (ertu að grínast)
Lloyds skór ~~18.900~~ nú 4.990
Herraskyrtur frá 1990
Stakir herrajakkar ~~18.900~~ nú 3.990
Energie bolir frá 990
Matinique jakkar ~~18.900~~ nú 5.690
Bullboxer skór frá 1.990
Studio dragtir ~~27.900~~ nú 3.900 (ertu að grínast)

Diesel gallabuxur frá 2.990
Miss Sixty gallabuxur frá 2.990
Numph jakkar ~~13.900~~ nú 4.990
Dömuskór frá 500 kr
Dömubolir frá 990 kr
Levis bolir frá 2.990 kr
Bronx skór frá 1.990 kr
Acne buxur ~~17.900~~ nú 5.990
Modström 50% afsláttur
Tiger of Sweden 30% afsláttur

Nýtt kortatímabil

Hlökkum til að sjá þig!






galleri húsið
Laugavegi 91

CENTRUM gs skór galleri sautján

Opið fimmtudag frá 11-18
föstudag frá 11-18:30 · Laugardag frá 11-17

Opinn stjórnmálafundur í Selinu á Selfossi kl. 20
www.vg.is



**DJASSGEGGJARAR** Guðni Hermansen og Sigurður Flosason á góðri stund.
MYND/TORFI HARALDSSON

# Í minningu meistarans Guðna

**Í menningarlandslagi Vestmannaeyja trónir myndlistar- og tónlistarmaðurinn Guðni Agnar Hermansen hátt. Í tilefni þess að hann hefði orðið áttræður 28. mars síðastliðinn verður haldin í Eyjum sérleg afmælis- og minningardagskrá honum til heiðurs á morgun. Opnuð verður sýning á myndum eftir Guðna í húsinu Akóges og um kvöldið verður boðið upp á tónleika þar sem landsþekktir djasstónlistarmenn koma fram.**

Guðni Agnar Hermansen fæddist í Vestmannaeyjum árið 1928 og bjó þar uns hann lést árið 1989, langt fyrir aldur fram. Hann hélt sína fyrstu málverkasýningu árið 1964 í Eyjum og sýndi seinna víðar um landið og erlendis. Að dagskránni honum til heiðurs standa þeir Skapti Örn Ólafsson og Ólafur Stolzenwald, en þeir eiga báðir rætur sínar að rekja til Vestmannaeyja og hafa mikið dálæti á verkum Guðna. „List Guðna er kannski ekki mjög þekkt á landsvísu, en hann er stórt nafn í Eyjum,“ segir Skapti. „Þegar við Ólafur gerðum okkur grein fyrir að hann hefði orðið áttræður á árinu langaði okkur til að heiðra hann með einhverju móti. Úr varð þessi yfirlitssýning á verkum hans og tónleikar. Að auki opnum við vefsíðu og vegleg sýningarskrá kemur út í tengslum við sýninguna. Markmiðið með þessu verkefni okkar, að minnast Guðna á þennan hátt, er þannig líka til að komandi kynslóðir fái séð hvers lags snillingur Guðni var í málverkinu.“

Náttúra Vestmannaeyja var Guðna afskaplega hugleikin og kemur það skýrt fram í myndum hans. Hafið, birtan og fjöllin voru honum uppspretta innblásturs og sótti hann sérstaklega í að mála Helgafell. Í einu af sínum þekktari málverkum, „Hefnd Helgafells“ frá árinu 1972, málaði Guðni hraunflóð sem stefnir á bæinn, ári fyrir Heimaeyjargosið örlagaríka. „Guðni hélt mikið upp á Helgafell og fór malarnám þar fyrir brjóstið á honum. Hann málaði því þessa mynd þar sem hann ímyndaði sér að fjallið næði fram hefndum fyrir raskið. Ári síðar átti eldgosið sér stað og því mætti segja að Guðni hafi spáð fyrir um það, þó að það hafi ekki verið ætlunin,“ útskýrir Skapti.

Í kjölfar eldgossins flutti Guðni, eins og aðrir Eyjamenn, til Reykjavíkur og síðar til Hellu en undi sér þar illa og hélt aftur til Eyja um leið og færi gafst. Guðni hafði sterkar taugar til sinnar heimabyggðar og var sem samgróinn náttúru Vestmannaeyja.

Sem fyrr segir var Guðni ekki aðeins myndlistarmaður heldur lék hann einnig á saxófón og var einn af frumherjum djassins í Vestmannaeyjum. Guðni lék með mörgum danslagahljómsveitum í Eyjum á sjötta og sjöunda áratugnum og stofnaði jafnframt sína eigin hljómsveit, GH sextett, sem síðar breyttist í Rondó sextett vegna mannabreytinga. Skapti segir tónlistarlífið hafa verið blómlegt í Vestmannaeyjum á þessum tíma. „Það var vertíðarbragur í Eyjum á þessum árum og böll á hverju kvöldi. Það var því nóg um að vera hjá Guðna og hann kom fram með mörgum frábærum tónlistarmönnum á þessum árum, bæði í Eyjum og á fastalandinu.“ Tónlistarmennirnir sem heiðra minningu Guðna með tónleikum í Akóges annað kvöld eru ekki síðri, en fram kemur Kvartettinn Q, skipaður Sunnu Gunnlaugsdóttur, Eyjólfi Þorleifssyni, Scott Mclemore og Ólafi Stolzenwald, ásamt söngkonunni Ragnheiði Gröndal. Leikin verður tónlist eftir meistara tenórsaxófónsins, Sonny Rollins, en tónlist hans er í anda djassins sem Guðni hafði dálæti á.

**vigdis@frettabladid.is**



**NÁTTÚRAN OG HRÚTURINN** Eitt af málverkum Guðna.


**VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK**

# Verðhrun

# Lagersala



**VASKAR**
HELLUBORÐ
**ÍSSKÁPAR**
HÁFAR
**VIFTUR**
SMÁVÖRUR
**OFNAR**

vilborga@centrum.is

## Lagersala Eirvíkur að Suðurlandsbraut 20

**Opið frá kl. 10:00 til kl. 18:00 alla daga einnig laugardag 19. apríl og sunnudag 20 apríl.**

Einstakt tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.**

smeg hönnun og gæði | elica Collection | General Electric | Roblin | LIEBHERR | Miele

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

Salurinn

**FIMMTUDAGUR 17. APRÍL KL. 20**
VORVÍSUR SÖNGSYSTRA.
KVENNAKÓR KÓPAVOGS.

**LAUGARDAGUR 19. APRÍL KL. 16**
SÖNGTÓNLEIKAR TÓNÓ RVÍK.
RANNVEIG KÁRADÓTTIR SÓPRAN.

**LAUG. 19. APRÍL KL. 21.**
HVERS VIRÐI ER ÉG? NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMIÐJU BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR. UPPSELT Á FYRSTU FJÓRAR SÝNINGAR. LAUSIR MIÐAR

**SUNNUDAGUR 20. APRÍL KL. 16**
TÓNSMÍÐATÓNLEIKAR LHÍ
ÓTTAR SÆMUNDSSEN
OG VALENTINA KAY.

**MÁNUDAGUR 21. APRÍL KL. 20**
SELLÓTÓNLEIKAR LHÍ
ÞORGERÐUR EDDA HALL.

**MIÐVIKUDAGUR 23. APRÍL KL. 20**
TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS
HELGA ÞÓRA BJÖRGVINSD. OG
KRISTINN ÖRN KRISTINSSON.

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Opinn fundur um innflytjendur á Flösinni í Garðinum kl. 20
www.vg.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga
ÞRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

HVERS VIRÐI ER ÉG?
NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!
Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?**
Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga.
Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þri | 15/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Mið | 16/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Fös | 18/4 | Frumsýning - uppselt | kl. 21 |
| Lau | 19/4 | Uppselt | kl. 19 |
| Lau | 19/4 | | kl. 21 |
| Fös | 2/5 | | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

**Sýnt í Salnum Kópavogi**
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum. **ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**

DYNAMO REYKJAVIK
THORSSON PRODUCTIONS
BYR SPARISJÓÐUR

# Vigdísi afhent Mál málanna



AFMÆLISVEISLA Vigdísi Finnbogadóttur afhent Mál málanna við athöfn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bókin Mál málanna kom nýverið út á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Bókin er tileinkuð frú Vigdísi Finnbogadóttur og því þótti vel við hæfi að afhenda henni bókina á afmælisdegi hennar í fyrradag. Af því tilefni var boðið til hátíðardagskrár í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins þar sem ritstjórar bókarinnar, Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, og Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála, sögðu frá bókinni og innihaldi hennar og boðið var upp á afmæliskaffi.

Í fræðiritinu Mál málanna er fjallað um nýjar rannsóknir á tileinkun og kennslu annars máls og erlendra tungumála. Mjög lítið hefur verið ritað á íslensku um þetta efni. Hér er því reynt að bæta úr brýnni þörf með því að koma á framfæri nýrri þekkingu í því skyni að styrkja fræðasviðið og efla umræðu um þessi mál á íslensku. Mál málanna inniheldur ellefu kafla eftir erlenda og innlenda höfunda.

Nokkrir kaflanna eru frumsamdir fyrir bókina en aðrir hafa birst áður í erlendum tímaritum. Í sumum tilvikum er þar um að ræða lykilgreinar á fræðasviðinu. Mikil gróska hefur verið í rannsóknum innan hagnýtra málvísinda. Þar skipta rannsóknir á tungumálakennslu, tileinkun erlendra tungumála og fjöltyngi sífellt meira máli enda varpa þær ljósi á eðli máltöku, málbeitingar og starfsemi mannsheilans. Sú þekking sem til hefur orðið með rannsóknunum setur nú svip sinn á umræðuna á þessu fræðasviði. - vþ

# Dansað í þágu barnahjálpar



ÚTLIMIR Á FERÐ OG FLUGI Liðugir dansarar Íslenska dansflokksins.

Danssmiðja Íslenska dansflokksins sýnir tvö dansverk í gamla Heimilistækjahúsinu, Sætúni 8, kl. 20 á laugardags- og sunnudagskvöld. Miðaverð á sýningarnar er 1.500 kr. og rennur ágóðinn óskiptur til ABC barnahjálpar til kostunar skólagöngu barna í Pakistan.

Verkin sem verða sýnd að þessu sinni eru Tímarúm eftir Guðmund Helgason og Special Treatment eftir Peter Anderson.

Í verki Guðmundar er unnið með rými og tíma. Í verkinu eru þrír dansarar fæddir hver á sínum áratugnum og tákna þeir fortíð, nútíð og framtíð. Tónlistin sem dansað er við spannar einnig þrjár aldir, en hljóðfærið píanó tengir þá þó saman.

Special Treatment eftir Peter Anderson er unnið í samvinnu við dansarana, og er byggt á þeirri hugmynd að í samfélaginu séu fáir útvaldir sem fái betri meðferð en flestir. Tónlistin er eftir íslensku hljómsveitina Beicon.

Danssmiðja Íslenska dansflokksins er tilraunastöð fyrir unga danshöfunda. Danssmiðjur eru hugsaðar sem verk í vinnslu og tækifæri fyrir danshöfundana ungu að æfa tækni sína og sköpunargáfu. Því eru sýningar danssmiðjunnar meira í ætt við gjörninga eða tilraunir, en ekki fullmótuð verk. - vþ

Þjóðleikhúsið um helgina
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. lau. 19/4 örfá sæti laus
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 17/4 örfá sæti laus, fös. 18/4 uppselt
Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. lau. 18/4 örfá sæti laus síðasta sýning
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. sun. 20/4 örfá sæti laus
Sólarferð e.Guðmund Steinsson
tvær sýningar lau. 19/4 sýn. sun. 20/4 uppselt
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 20/4 uppselt

LISTMUNAUPPBOÐ
Á HILTON - NORDICA
SUNNUDAGINN 20. APRÍL KL. 20:30



ÁSGRÍMUR JÓNSSON



MUGGUR



LOUÍSA MATTHÍASDÓTTIR



KRISTJÁN DAVÍÐSSON

VERKIN SÝND Í GALLERÍ BORG
FIMMTUD. 17. FÖSTUD. 18.
LAUGARD. 19. OG SUNNUDAGINN 20. APRÍL
OPIÐ ALLA DAGANA FRÁ KL. 13 - 17
Gallerí BORG
Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur
Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40

4 vikna vornámskeið hefst 26. apríl
**Upplagt til kynningar fyrir byrjendur.**
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620.
www.schballett.is
BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
**Safnaðarheimili Háteigskirkju**
Háteigsvegi • Sími 552 5620
*Félag íslenskra listdansara*

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið



TOPPSKÓR Á BOTNVERÐI
Rugl verð á skóm
TROÐFULL BÚÐ AF SKÓM
SKÓR Á BOTNVERÐI
Við lækkum á meðan aðrir hækka!
IMA44240 Stærðir 36-41 Verð áður: 6.995 kr.- Verð nú: 3.995 kr.-
NEURAKA8002 Stærðir 36-41 Verð áður: 6.995 kr.- Verð nú: 2.098 kr.-
70%
SPRW08-13-2 Stærðir 36-41 Verð áður: 4.995 kr.- Verð nú: 2.497 kr.-
PRI4822500 Stærðir 24-34 Verð áður: 5.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.- Leður
PRI4820400 Stærðir 24-34 Verð áður: 4.995 kr.- Verð nú: 2.495 kr.- Leður
BAS2750LAMEW Stærðir 36-41 Verð áður: 7.995 kr.- Verð nú: 3.997 kr.-
BAS2750JVEL Stærðir 23-31 Verð áður: 5.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SKÓ82767L Stærðir 27-35 Verð áður: 5.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SPR28810770 Stærðir 24-32 Verð áður: 2.995 kr.- Verð nú: 1.995 kr.-
SPR27814251 Stærðir 28-39 Verð áður: 3.495 kr.- Verð nú: 2.495 kr.-
SPRW08-15-23 Stærðir 36-41 Verð áður: 6.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SPRW08-57-2 Stærðir 36-41 Verð áður: 6.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SPRFN145-124 Stærðir 36-41 Verð áður: 6.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
50% afsláttur af
ecco gólfskóm margir litir og týpur
Módel frá 2007
ecco
Herra og Dömu stærðir
SPR90855 Stærðir 40-45 Verð áður: 5.995kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SPR100086 Stærðir 40-45 Verð áður: 5.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
SPR90856 Stærðir 40-45 Verð áður: 5.995 kr.- Verð nú: 2.995 kr.-
Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
ara SHOES
ecco
LLOYD
VAGABOND

**> ALLT LEKUR HJÁ SATC**

Ekkert lát er á fréttum um söguþráð Sex and the City-myndarinnar eða Beðmálum borgarinnar. Nú síðast greindi New York Post frá því að Carrie og Mr. Big myndu hugsanlega gifta sig, Samantha flytti til Los Angeles og Miranda kæmist á snoðir um framhjáhald eiginmanns síns. Að ekki sé talað um Charlotte sem á víst von á barni.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Gisele í lið með Beyonce og Hurley

Vefmiðillinn Boston.com greinir frá því á heimasíðu sinni að ofurfyrirsætan Gisele Bündchen verði hugsanlega nýjasta fylgdarmær ólíkindatólsins og mojo-kóngsins Austin Powers. Gisele er ekki ókunnug því að eiga í sambandi við hjartaknúsara af bestu gerð því hún var sem kunnugt er unnusta Leonardo DiCaprio og er nú kærasta ruðningshetjunnar Tom Brady.

Bündchen hefur komið við sögu á hvíta tjaldinu áður og lék meðal annars lítið hlutverk í The Devil Wears Prada að ógleymdri amerísku endurgerðinni á Taxi. Sem hún vill eflaust gleyma sem allra, allra fyrst. Talið er að Mike Myers, skapari hins breska njósnara, og framleiðandinn Jay Roach séu að leita að aðalkvenpersónunni í fjórðu myndinni og að Gisele sé þar efst á blaði.

Bündchen yrði ekki í slæmum félagsskap ef hún féllist á hlutverkið því meðal annarra leikkvenna sem hafa verið Powers innan handar eru söngkonan Beyoncé, Elisabeth Hurley og Heather Graham.



**NÝTT AFL** Gisele gæti orðið Powers innan handar í fjórðu myndinni.



**ÓLÍKINDATÓL** Mojo-kóngurinn Austin Powers er væntanlegur á hvíta tjaldið í fjórða sinn.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**Forgetting Sarah Marshall**

Peter Bretter og sjónvarpskonan Sarah Marshall eru hamingjusöm og ástfangin. Marshall er um það bil að slá í gegn í sjónvarpinu og þegar það gerist lætur hún Bretter fjúka. Til að ná áttum í lífi sínu og tilveru ákveður Brettar að fara á sólríka og exótíska strönd og er staðráðinn í að gleyma unnustu sinni. Honum til mikillar undrunar hafði Sarah líka ákveðið að fara til heitu landanna og því miður fyrir Bretter, er hún með nýja kærastann hjá sér.

*Leikstjóri: Nicholas Stoller Aðalhlutverk: Jason Segel og Kristen Bell Niðurstaða IMDB: 8,2/10*

**In the Valley of Elah**



Gamli hermaðurinn Hank Deerfield fær kvöld eitt símhringingu um að sonur hans sé týndur. Hann var á leiðinni heim eftir að hafa barist í Írak en hverfur sporlaust skömmu eftir að hann er kominn út af herstöðinni. Deerfield ákveður sjálfur að rannsaka málið og kemst á snoðir um að ekki sé allt með felldu. Lík sonarins finnst síðan illa útleikið úti í eyðimörkinni og Deerfield unir sér ekki hvíldar fyrr en hann kemst til botns í málinu, sama hvað það kostar.

*Leikstjóri: Paul Haggis Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Charlize Theron og Susan Sarandon Niðurstaða IMDB: 7,6 / 10*



**Awake**

Talið er að einn af hverjum 700 Bandaríkjamönnum vakni á meðan þeir eru í aðgerð. Eru þeir þá í svokölluðu „anesthetic awareness", fullkomlega lamaðir en meðvitaðir um hvað er að gerast. Og þetta gerist fyrir Clay Beresford í miðri hjartaaðgerð. Eiginkona Sam Lockwood þarf í kjölfarið að taka mikilvæga ákvörðun og um leið að berjast við gamla drauga úr fortíðinni.

*Leikstjóri: Joby Harold Aðalhlutverk: Jessica Alba, Hayden Christiansen og Terence Howard Niðurstaða IMDB: 6,5 / 10*


# Vökulögin 2008

## DÆGURLAGAKEPPNI

á fjölskyldu- og menningarhátíðinni Húnavöku á Blönduósi 11.–13. júlí

Föstudagskvöldið 11. júlí n.k. verður dægurlagakeppnin Vökulögin haldin á Blönduósi.

Menningarmálanefnd Blönduósbæjar óskar hér með eftir lögum í keppnina en 7 lög verða valin til að keppa á úrslitakvöldinu.

Reglur, skilmálar og verðlaun:

- Hvert lag skal ekki vera lengra en 4 mínútur.
- Texti skal vera á íslensku.
- Lögum skal skila á geisladisk ásamt texta fyrir 23. maí til Menningarmálanefndar Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, merkt „Vökulögin 2008".
- Upplýsingar um höfunda þurfa að fylgja með í lokuðu umslagi.
- Höfundar úrslitalaganna 7 fá 70.000 króna styrk fyrir hvert lag til að búa það til opinbers flutnings. Þeirri vinnu skal vera lokið fyrir 27. júní.
- Lögin verða kynnt í útvarpi og á netinu með leyfi höfunda og flytjenda.
- Höfundar hafa aðgang að trommu-, bassa-, hljómborðs-, og gítarleikara keppninnar við lifandi flutning á úrslitakvöldinu. Aðrir flytjendur eru á ábyrgð höfunda.
- Verðlaun fyrir 1. sæti eru að andvirði kr. 160.000, 2. sæti að andvirði kr. 80.000 og 3. sæti að andvirði kr. 40.000.

Nánari upplýsingar um keppnina gefur framkvæmdastjóri Húnavöku, Einar Örn Jónsson, sími 660-1975 eða einar@mib.is.

Blönduós
20 ára bæjarafmæli
2008


# Endurkoma 21. aldarinnnar

**Fornleifafræðingurinn Henry Walton Jones Jr., betur þekktur sem Indiana Jones, snýr aftur í sumar. Harrison Ford hefur dustað rykið af gamla hattinum, svipunni og leðurjakkanum, aðdáendum Indiana Jones til mikillar gleði.**



**INDY MÆTTUR AFTUR** Kvikmyndin um Indiana Jones verður frumsýnd í lok maí hér á landi. Reikna má með að hún slái einhver aðsóknarmet í Bandaríkjunum.

Nítján ár eru liðin síðan Jonesfeðgarnir riðu út í sólarlagið í Indiana Jones and the Last Crusade. Þá hafði þeim tekist að vernda hið heilaga gral og sigrast á valdagræðgi þriðja ríkisins. Og deilt ástum með sömu konunni en það er svo sem aukaatriði. Flestir aðdáendur Indiana og félaga voru nokkuð sáttir við þessa endalok, honum hafði jú tekist að afhjúpa ótrúleg leyndarmál á ferðum sínum um heiminn og meira að segja frelsað fátæka Indverja í neyð um leið. En bæði George Lucas og Harrison Ford vildu framhald þrátt fyrir að Spielberg teldi að þríleikur væri nóg og menn ættu að snúa sér að öðru. „En ég gat ekki leyft þeim að gera fjórðu myndina bara tveir og þeir voru svo ákveðnir að ég varð bara að vera með," sagði Spielberg í kvikmyndablaðinu Empire á dögunum. Vafalítið hefur það hjálpað Spielberg að taka ákvörðun að ferill Harrison Ford hefur tekið djúpa dýfu síðan hann kynntist hinni horuðu Calistu Flockhart. Og hann þurfti verulega á góðum smelli að halda.

**Selleck fyrsta val**

Sagan segir að Steven Spielberg hafi dag einn komið að máli við George Lucas og sagst vilja gera svona James Bond-mynd. Félagarnir ræddu málin á Hawaii skömmu eftir frumsýningu fyrstu Star Wars-myndarinnar og Lucas tók vel í hugmynd Spielbergs. Hann sannfærði hins vegar leikstjórann um að hann hefði eitthvað mun betra í huga sem gæti jafnvel slegið við breska leyniþjónustumanninum. Og úr varð sagan af Indiana Jones og leit hans að forboðnum forngripum, yfirleitt í kapphlaupi við gráðugan óþjóðalýð eða jafnvel bara nasista.

En Ford átti í upphafi ekkert að vera Indiana Jones. Þrátt fyrir að Spielberg hafi viljað fá leikarann á þá þvertók Lucas fyrir slíkt. „Ég vil ekki að Ford verði einhver Robert De Niro-leikari hjá mér," á Lucas að hafa sagt og vísaði þar til blómlegs samstarfs þeirra Martin Scorsese og De Niro. Að endingu var Tom Selleck ráðinn og tökuvélarnar settar í startholurnar. En forráðamenn sjónvarpsþáttarins Magnum P.I. settu Selleck stólinn fyrir dyrnar þegar tökur voru um það bil að hefjast enda náði þátturinn nýjum hæðum í vinsældum. Og þá voru góð ráð dýr, rétt eins og þegar vantaði Han-Solo í Star Wars. Spielberg nefndi nafn Fords á nýjan leik og sökum þess hversu stutt var í tökur féllst Lucas á það, og sér væntanlega ekki mikið eftir því. Ford hefur tekist að gera leðurjakkann, hattinn og svipuna að einhverjum þekktustu vörumerkjum í heimi kvikmyndanna. Til gamans má geta að jakkinn og hatturinn eru geymdir á Smithsonian-safninu í Washington til varðveislu.



**JAKKINN OG HATTURINN** Þessir tveir hlutir eru vel varðveittir í Smithsonian-safninu í Washington.

**Leyndin gulls ígildi**

Lítið hefur verið gefið upp um söguþráðinn í Indiana Jones and The Kingdom of Crystal Skull. Vitað er að hið dularfulla svæði 51 í eyðimörk Nevada-ríkis kemur eitthvað við sögu, illmennin eru rússnesk, Jones á son og að sagan gerist í kringum 1957. Að ekki sé minnst á að Indiana er enn að kenna fornleifafræði en aðeins stundakennslu eins og kemur fram í myndbrotinu.

Þegar blaðamaður Empire fékk að fylgjast með tökum fékk hann lítið upp úr þeim Spielberg, Lucas og Ford um söguþráðinn. „Þeir svöruðu öllum mínum spurningum eins og hinir bestu stjórnmálamenn, viku sér undan eins og sannir pólitíkusar," skrifar hann. Framleiðandinn Frank Marshall sagði í blaðinu að það að halda einhverju leyndu væri eitt erfiðasta verkefnið á upplýsingaöldinni. „Og þess vegna erum við svo ánægðir með að hafa getað haldið söguþræðinum leyndum og áhorfendum á tánum," sagði Marshall við Empire.

Hins vegar er alveg ljóst að biðin eftir fjórðu myndinni er orðin spennuþrungin. Þegar fyrsta myndbrotið kom á netið horfðu tæplega tvö hundruð milljónir manna á það fyrsta daginn. Og það er því ekki að undra að Indiana Jones and the Kingdom of Crystal Skull skuli vera kölluð einhver mest spennandi endurkoma síðustu ára.

freyrgigja@frettabladid.is




## Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 31. janúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu keyrt á vegg á 56km/h. Eftir áreksturinn var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvan verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni, og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherja samstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samstæðunnar í fjórum löndum.

NÝHERJI

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

**> Fiskisúpur ...**

*... eru tilvaldar á þessum árstíma. Þær eru léttari og sumarlegri en margar aðrar súpur, en á sama tíma yljandi í íslenska vorveðrinu. Berið fram með góðu brauði og hvítvíni fyrir sumarstemningu í kuldanum.*




maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN JÖKULL JÖRGENSEN TÓNLISTARMAÐUR

# Segir hvítt brauð saklausan blóraböggul

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Það er fiskur. Íslenski fiskurinn á að vera algjör undirstaða í fæðu okkar.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Það var þegar ég var búinn að vera á rjúpnaveiðum í sólarhring og villtist í þoku. Ég komst aðframkominn í veiðihús og gerði dauðaleit að mat og fann þar saxbautadós, óútrunna, sem ég át. Ég held að það hafi verið besta máltíðin.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég var píndur til að borða plokkfisk og saltfisk í æsku, sem mér fannst ekki vera matur. Ég hét því að ég myndi ekki borða það þegar ég yrði sjálfráða, og hef staðið nokkurn veginn við það.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Það var gífurleg opinberun þegar ég uppgötvaði ferskt pasta, það er allt annað líf. Svo eru frumkryddin líka klassísk, salt og pipar.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér finnst eldbökuð pitsa með þunnum botni skemmtilegt hversdagsdekur. Svo eru kjötbollur í brúnni a la mamma bara það besta í heimi.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ískalda mjólk, nóg af osti og svo á ég alltaf gott hvítt brauð til í frystinum. Ég er á móti þessari andúð fólks á hvítu brauði, ég held að það sé saklaus blóraböggull.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég tæki náttúrlega franskbrauð, biti af því báða endana og borðaði það svo endalaust. Svo myndi ég taka með mér hænu, ég gæti borðað hana og hún gæti verpt fyrir mig líka.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Hundakjöt. Ég fékk það í Frakklandi einu sinni og fannst ekki gaman að borða það. Maður verður að prófa samt.



# Spænskir churros

Churros er geysivinsæll eftirréttur í mörgum spænskumælandi löndum, sem er oftar en ekki kallaður spænskir kleinuhringir. Rétturinn á rætur sínar að rekja til Spánar, en fæst nú víða um heim, þó að ekki séu churros-lengjur algengar hér á landi. Það er hins vegar fjarri því ógerlegt að búa þær til heima við.

Þessa uppskrift er að finna á síðunni myrecipes.com.

**Churros**
Grænmetisolía, til steikingar
1 bolli vatn
115 g smjör
¼ tsk. salt
1 bolli hveiti
3 egg
¼ bolli sykur
¼ tsk. kanill

Hitið olíu í potti þar til þurr brauðbiti sem settur er út í hana verður gullinn og flýtur upp á yfirborðið á einni mínútu.

Hitið vatn, smjör og salt saman í potti, þar til það sýður. Hrærið hveitinu saman við. Hrærið stöðugt yfir lágum hita í um eina mínútu, eða þar til blandan verður að deigkúlu. Takið af hita.



**SÆTINDI** Churros eru geysivinsælir víða um heim, og ættu að falla í kramið hjá sælkerum. NORDICPHOTOS/GETTY

Hrærið eggin í skál þar til þau eru orðin að sléttri blöndu, hellið út í deigblönduna og hrærið á meðan.

Hellið deiginu í sprautupoka með stjörnulaga gati. Sprautið 3-4 lengjum ofan í olíuna, skerið þær frá pokanum með hnífi. Steikið þar til gullinbrúnar, í um 2 mínútur á hvorri hlið. Látið þorna á eldhúspappír. Veltið lengjunum upp úr kanilsykri og borðið. Churros eru gjarnan bornir fram með súkkulaðiídýfu, eins og sjá má á myndinni.

# Aukinn kaffiáhugi

Frá því að Te og kaffi-skólinn var stofnaður árið 2005, hefur starf hans að mestu leyti falist í því að þjálfa starfsfólk Te og kaffi auk þeirra fyrirtækja sem Te og kaffi skiptir við, að sögn skólastjórans, Halldórs Guðmundssonar. Aukin áhersla verður hins vegar lögð á námskeið fyrir almenning í framtíðinni.

„Við ætlum að vera með fleiri smökkunarnámskeið fyrir almenning, og svo þessi heimilisvélanámskeið sem við höfum reglulega boðið upp á,“ útskýrir hann. Eitt slíkt, fyrir eigendur Ascaso-véla, verður haldið í húsnæði Te og kaffi á Laugavegi 6. maí. „Það færist hins vegar í aukana að fólk hafi áhuga á kaffi svona almennt, og þá eru smökkunarnámskeið og almenn kaffinámskeið mjög snið-ug,“ segir Halldór.



**SKÓLINN Í FULLUM GANGI** Te og kaffiskólinn hyggst leggja aukna áherslu á kaffinámskeið fyrir almenning á komandi mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðunni teogkaffi.is.

# Skemmtilegast að baka

**Sigrún Baldursdóttir fatahönnuður og maðurinn hennar skipta með sér hlutverkum í eldhúsinu. Sigrún sér um kökubakstur og deilir hér uppskrift að randalínu fjölskyldunnar.**

„Amma mín, Sigríður Skarphéðinsdóttir, hefur bakað þessa köku í fimmtíu ár, svo þetta er algjör fjölskylduuppskrift,“ útskýrir Sigrún, sem er hönnuður og eigandi verslunarinnar Lykkjufalls í Garðastræti. „Aðrir fjölskyldumeðlimir eru farnir að spreyta sig á henni núna, en mér finnst hún alltaf langbest hjá ömmu, og með ískaldri mjólk,“ bætir hún við. Eins og vænta má eru margar góðar minningar tengdar randalínunni. „Ég notaði hana meðal annars með kaffinu í brúðkaupinu mínu í fyrra, þegar ég og Valdimar, maðurinn minn, giftum okkur á Kimbastöðum í Skagafirði,“ útskýrir Sigrún.

Hún og Valdimar skipta með sér verkum í eldhúsinu, að sögn Sigrúnar. „Hann er eiginlega betri í eldamennskunni og ég er betri í kökunum, svo það er bara fínt. Mér finnst miklu skemmtilegra að baka en að elda, og þá helst kökur,“ segir Sigrún, sem er nýflutt og hæstánægð með stærri og betri eldhúsaðstöðu. „Ég mun örugglega gera meira af því að baka núna, þegar það er almennilegt pláss til að athafna sig,“ segir hún og hlær við.

Sigrún opnaði verslunina Lykkjufall fyrir um einu og hálfu ári, þar sem hún selur hönnun sína. Peysur fyrir konur með börn á brjósti hafa vakið mikla eftirtekt, en hún hannar einnig venjulegar peysur og býður upp á línu fyrir börn. „Nú er ég búin að vera að hanna nýja línu úr vistvænni bómull, sem kemur í sumar. Svo er ég komin með umboðsmann sem selur hönnunina mína í Noregi, og farin að selja í verslanir í Danmörku, Svíþjóð og í New York, svo þetta hefur allt gengið mjög vel,“ segir Sigrún, en hún og dóttir hennar, Hedí Sólbjört, klæðast báðar peysum frá Lykkjufalli á myndinni.



**FJÖLSKYLDUUPPSKRIFT** Sigrún Baldursdóttir gefur uppskrift að randalínukökunni fjölskyldunnar. Dóttir hennar, Hedí Sólbjört, er ekki enn farin að smakka sætindi, en á eflaust eftir að gæða sér á randalínu innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**BRÚN RANDALÍNA**
250 g smjörlíki
325 g sykur
50 g hveiti
2 egg
3 msk. kakó
1 tsk. matarsódi
2 tsk. negull
1 tsk. kanill
½ tsk. kardimommudropar
2 dl mjólk
Krem:
3 msk. smjör/smjörlíki
2 bollar flórsykur
1 eggja rauða
2 msk. rjómi
Vanilludropar eftir smekk

Hrærið smjörlíki þar til það verður lint og ljóst. Setjið sykur og egg saman við. Hrærið.

Hrærið hveiti, matarsóda, kryddi og kakói saman við. Bætið mjólkinni út í og hrærið þar til deigið verður lint.

Smyrjið deiginu í fjórum hlutum á bökunarplötu, svo að hver lengja verði um 0,5 cm þykk. Bakið við 200 gráður í 20 mínútur.

Hrærið saman og raðið kökunni saman, með þremur kremlögum inn á milli.

sunna@frettabladid.is

Blaðberum Fréttablaðsins fjölgar um 30.000

# Öðruvísi upplifun á Orange

Veitingastaðurinn Orange var opnaður í síðustu viku, þar sem Tveir fiskar voru áður til húsa á Geirsgötu. Hann leggur áherslu á góðan mat, en með aðeins öðruvísi og skemmtilegra ívafi en margir aðrir. „Við erum með alls konar skemmtilega hluti sem eiga kannski ekki heima í „fine dining“ annars staðar,“ útskýrir Þórarinn Eggertsson, yfirkokkur á Orange.

„Við erum með skemmtilega tónlist, þjónarnir eru kannski ekki í alveg hefðbundnum þjónabúningum, og gestirnir geta fengið mat hangandi í gasblöðrum, svo eitthvað sé nefnt. Kvöldið snýst um að skemmta gestinum. Fólk þarf ekki að setja sig í einhverjar ákveðnar stellingar, eins og þegar það fer á flesta fínni staði. Við viljum frekar að fólk borði og skemmti sér, og drífi sig svo á kokkteilbarinn eftir á,“ útskýrir Þórarinn, en barinn státar af spennandi kokkteillista, þar sem andi níunda áratugarins svífur yfir vötnum.

Á sérstökum tilraunaseðli bregða matreiðslumennirnir á Orange svo á leik með hin ýmsu efni. „Þar erum við að leika okkur með fljótandi köfnunarefni, helíum og alls konar fídusa sem við notum í matargerðina. Við getum búið til skyrköku innan í afmælisblöðru, fryst ís fyrir framan þig og eldað fisk fyrir framan nefið á gestinum. Þetta er eitthvað sem er í þróun hjá okkur og kemur með tímanum,“ útskýrir Þórarinn, sem tekur þó fram að maturinn sé alltaf í fyrsta sæti. „Aðaláherslan hjá okkur er fyrst og fremst á góðan mat á flottum stað,“ bætir hann við. - sun



**SKEMMTILEG UPPLIFUN** Þórarinn Eggertsson segir veitingastaðinn Orange bjóða upp á „fine dining“ með skemmtilegum formerkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Skynsemin velur Bónus!

**Herragarðs svínakótilettur**
frá Kjarnafæði.
**1.189** kr./kg.
Merkt verð 1.698 kr./kg.




**Texaspylsa**
frá Kjarnafæði.
**479** kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.

Vinsælasti kjötbúðingurinn í Bónus!




**Lambakótilettur t-bone, frosnar**
frá Kjarnafæði.
**1.598** kr./kg.




**Lambalærissneiðar 1. fl., frosnar**
frá Kjarnafæði.
**1.798** kr./kg.




## Heimilispylsur
**frá Kjarnafæði**
**476** kr./kg.
Merkt verð 635 kr./kg

25 % afsláttur




allt & sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

SKÓLAHREYSTI

Úrslitin ráðast í kvöld!

Ekki missa af æsispennandi úrslitakeppni í beinni útsendingu á Skjá einum klukkan 20.00.

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is

Aðalstyrktaraðili Skólahreysti

# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég elska breska menn – og ég er pínu skotin í Karli Bretaprinsi. Hann er viðmótsþýður, vel menntaður og frábær fyrirmynd.“*

**MARIAH CAREY**
**Söngdívan og prinsinn yrðu fallegt par.**



*„Áhugamannaklám er dásamlegur hlutur. Það er hægt að finna hvað sem er fyrir hvern sem er á netinu.“*

**DITA VON TEESE**
**Þó að stjarnan sé gamaldags í útliti kann hún augljóslega að nýta sér tæknina.**



*„Það er ekkert gott við að vera í sambandi í Hollywood. Fólk býr sér til skoðanir á öllu og finnst gaman að vera mjög dómhart á hluti sem það veit ekkert um.“*

**HAYDEN PANETTIERE**
**Samband Heroes-leikkonunnar við hinn tólf árum eldri Milo Ventimiglia er greinilega ekki alltaf dans á rósum.**

# Merzedes Club flytur píanó

**Tvær af þekktustu hljómsveitum landsins tóku höndum saman í vikunni. Ekki var um hefðbundið samstarf að ræða því liðsmenn Merzedes Club hjálpuðu meðlimum Ný danskrar að flytja píanó. Samstarfið þótti lofa góðu.**



**AÐ LOKNU ERFIÐU VERKI** Meðlimir Ný danskrar og Merzedes Club eftir að þeir drösluðu píanói Björns Jörundar upp á fjórðu hæð. Lengst til vinstri eru þeir hrikalegustu, Björn Jörundur og Gaz Man. Síðan koma þeir Partí-Hans, Ceres 4 og Daníel Ágúst.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég og Danni erum sammála um það að Merzedes Club séu flytjendur ársins, án þess að á nokkurn sé hallað. Þess vegna vildum við fá þá til að flytja píanóið,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson tónlistarmaður. Hljómsveit Björns Jörunds og Daníels Ágústs Haraldssonar, Ný dönsk, fékk óvæntan liðsauka frá félögum úr Merzedes Club á þriðjudaginn síðasta. Ný dönsk undirbýr nú upptökur á næstu plötu sinni og af þeim sökum þurfti að flytja píanó frá stúdíói Jóns Ólafssonar og heim til Björns á Hringbrautina. Birni þótti tilvalið að fá mössuðustu hljómsveit landsins í flutningana og lætur vel af samstarfinu: „Það er upphefð fyrir okkur að fá að vinna með vinsælustu hljómsveit landsins. Og við munum að sjálfsögðu leggja okkar af mörkum fyrir þá. Við erum búnir að lofa að bera á þá olíu og brúnkukrem. Ætli það verði ekki bara á Hlustendaverðlaunum FM?“ segir Björn.

Ceres 4, forsöngvari Merzedes Club, segir að þetta samstarf lofi mjög góðu. „Til að búa til góða músík þarf gott píanó og það var heiður að fá að hjálpa þessum skemmtilegu tónlistarmönnum. Það er svo aldrei að vita nema þeir leggi okkur til fagrar melódíur í framtíðinni. En fyrst fá þeir að bera á okkur.“

Athygli vakti að Egill „Gillzenegger“ Einarsson mætti ekki í flutningana. Björn Jörundur segir að hann og Rebekka söngkona hafi þurft að sinna öðru kynningarverkefni á sama tíma. Ceres 4 segir að þeir hafi komist vel af án hans. „Ég hef alltaf sagt að vöðvar eru ekki til að nota, þeir eru til að sýna. Egill hefði vissulega passað vel þarna inn enda myndast hann mjög vel. En hann hefði bara verið til sýnis, hann hefði ekki komið að neinum notum.“ hdm@frettabladid.is



**LEIKAR HEFJAST** Partí-Hans og Ceres 4 gera sig klára í átökin ásamt sendibílstjóranum. Björn Jörundur og Valli sport umboðsmaður fylgjast með.



**ERFITT VERK** Píanóið á leið upp stigann.



**PÁSA** Strákarnir hvíldu sig þegar verkið var hálfnað. Daníel kannaði hvort píanóið virkaði ekki örugglega.



**SÍÐUSTU METRARNIR** Daníel, Ceres 4 og Björn Jörundur tóku hrikalega á því á lokasprettinum.

# Enskan stendur í Frökkum

Frakkar hafa löngum verið stoltir af frönskunni sinni og lítið verið fyrir að tala ensku nema í algjörri neyð. Franskir popparar eru þó sífellt að færa sig upp á enska skaftið og þeir sem lengst hafa náð alþjóðlega, bönd eins og Air og Daft Punk, flytja megnið af sínu efni á ensku. Sebastien Tellier, sá sem flytur franska Eurovision-lagið í ár, er af sama skóla og þessi bönd og er mikið í enskunni. Þegar lagið hans, Divine, var valið til keppni leit út fyrir að það yrði fyrsta franska Eurovision-lag sögunnar til að vera sungið eingöngu á ensku. Nú hefur laginu hins vegar verið breytt og ellefu frönskum orðum bætt inn til að hemja heimamenn: „Toi et moi. C'est comme tu sais. Comment mon coeur a succombe.“ Sumum finnst þetta ekki nóg og hefur málið verið tekið upp á franska þinginu. Aðstoðarmaður Sebastiens hefur varið ákvörðunina með gamalkunnum rökum: „Um helmingur laganna í ár er á ensku og ég held að það að syngja á frönsku sé ekki besta leiðin til gera sig skiljanlegan í heiminum.“

Frakkar sungu í fyrsta skipti á ensku árið 2001 þegar hálft lagið var sungið á ensku á móti frönskunni. Þá náðu þeir besta árangri á þessari öld, fjórða sæti. Síðan þá hafa þeir sungið á frönsku og alltaf lent nálægt botninum. Nú er bara að sjá hvað franski töffarinn gerir með enskunni.



**FÁIR EINS TÖFF OG FULLTRÚI FRAKKA** Kúlið lekur af Sebastian Tellier.

EUROVISION

36 DAGAR TIL STEFNU




## Shiseido í Debenhams

Sérfræðingur kynnir nýjungar frá Shiseido 17. - 23. apríl.
Glæsilegur kaupauki ef verslað er fyrir 4.900 kr.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| 21 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DEFINATELY MAYBE | kl. 5.30 - 8 | |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SHUTTER | kl. 10.30 | 16 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | | |
|---|---|---|---|
| BEAUFORT | kl. 5.40 | ENSKUR TEXTI | 14 |
| BELLA | kl. 6 | ENSKUR TEXTI | |
| CARAMEL | kl. 6 | ENSKUR TEXTI | |
| THE AGE OF IGNORANCE | kl. 6 | ENSKUR TEXTI | |
| THE BAND´S VISIT | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| TROPA DE ELITE | kl. 8 - 10.20 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| SURFWISE (MYNDVARPI) | kl. 8 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| THE KING OF KONG | kl. 8 | ÍSLENSKUR TEXTI | |
| LAKE OF FIRE (MYNDVARPI) | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | 10 |
| WAR/DANCE (MYNDVARPI) | kl. 10 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 7 |
| SAND AND SORROW | kl. 10 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE OTHER BOYLEN GIRL | kl. 5.30 | 10 |
| THE KITE RUNNER | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE ORPHANAGE | kl. 6 | 16 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 SÍÐASTA SÝNING | 16 |
| THE EYE | kl. 10 SÍÐASTA SÝNING | 16 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE RUINS - POWER | kl. 8 og 10.15 | 16 |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| THE EYE | kl. 10.15 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| RUINS | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 | VIP |
| DOOMSDAY | kl. 10:30 | 16 |
| 10.000 BC | kl. 8 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 10:10 | VIP |
| THE BUCKET LIST | kl. 6 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 5:40 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10D | 10 |
| SHINE A LIGHT DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 8 - 10 | 12 |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | L |
| SHUTTER | kl. 10:10 | 16 |

óbreytt miðaverð á midi.is


# Blunt braut fingur

Breski söngvarinn James Blunt, sem heldur tónleika í Laugardalshöll 12. júní, fingurbrotnaði á tónleikum í Bandaríkjunum á dögunum. Slysið átti sér stað eftir að hann stökk af sviðinu inn í áhorfendaskarann. Hópuðust aðdáendurnir í kringum hann með þeim afleiðingum að litli fingur hans brotnaði.

„Ég veit ekki af hverju ég gerði þetta. Ég stökk af sviðinu í lok tónleikanna og var eltur af konum og mönnum í áhorfendaskaranum. Ég byrjaði að hlaupa og síðan komst ég að því að ég hafði brotið á mér fingurinn,“ sagði Blunt. „Ég veit ekki hvernig það gerðist. Ég get ekki spilað á píanóið en ég get ennþá spilað á gítarinn með hinum fingrunum.“

Búast má við því að Blunt verði búinn að jafna sig að mestu fyrir tónleika sína hérlendis. Fram undan hjá kappanum eru tónleikar í Kosovo og ætlar hann ekki að missa af þeim þrátt fyrir meiðslin, enda stundaði hann herþjónustu þar með friðargæsluliði NATO árið 1999. „Mér finnst eðlilegt að ég spili þarna vegna þess að ég var þar í herþjónustu,“ sagði Blunt. Síðast spilaði hann í Kosovo árið 2006 fyrir framan 500 hermenn. Á meðal þeirra sem einnig stigu á svið var óperusöngkonan Katherine Jenkins.



**JAMES BLUNT** Popparinn James Blunt fingurbrotnaði á tónleikum í Bandaríkjunum.

# 120 nöfn bætast við

Alls hefur verið tilkynnt um komu 120 nýrra hljómsveita á Hróarskelduhátíðina í Danmerku sem verður haldin 3. til 6. júlí. Þar með hefur hulunni verið svipt af heildardagskrá tónleikanna.



**JAY-Z** Rapparinn Jay-Z stígur á svið á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

Á meðal nýrra flytjenda eru rapparinn Jay-Z, The Cult, José González, Goldfrapp, Cat Power og íslensku sendiherrarnir Mugison og Bloodgroup. Fjöldi þekktra nafna hafði áður boðað komu sína á hátíðina, þar á meðal Grinderman, Hot Chip, Radiohead, Neil Young, The Chemical Brothers, Judas Priest, Slayer og Kings of Leon.

# Stripparar og eiturlyf í máli íslensks krúnukúgara

**Breskir fjölmiðlar hafa tekið réttarhöldunum yfir hinum hálf-íslenska krúnukúgara Ians Strachan opnum örmum. Enda engin furða. Strippari, eiturlyfjanotkun og meðlimir konungsfjölskyldunnar koma þar ítrekað við sögu.**

Réttarhöldin yfir þeim Ian Strachan og Sean McGuigan héldu áfram í gær og er óhætt að segja að sögurnar sem hafa spunnist í kringum málið líkist æ meira safaríkri sápuóperu en harðsvíruðu dómsmáli. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er Ian Strachan, sem áður hét Paul Aðalsteinsson, gefið það að sök að hafa reynt að kúga fé út úr meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar. Nafn hans hefur ekki verið gefið upp í breskum fjölmiðlum en bandarískir og kanadískir vefmiðlar hafa greint frá því að þetta sé David Lynley, stjórnarformaður Christie‘s-uppboðsfyrirtækisins.



**Í VONDUM MÁLUM** Ef Ian Strachan verður dæmdur sekur á hann yfir höfði sér fjórtán ára fangelsi.

Í gær var blaðamaðurinn James Weatherup hjá News of the World kallaður til vitnis en Ian mun hafa reynt að selja blaðinu fréttina um meinta eiturlyfjanotkun Lynleys og atlot hans og karlkyns þjóns. Ef marka má frásagnir þjónsins á myndböndunum hefur mikið gengið á því á meðan Lynley og þjónninn áttu innilegar stundir á eldhúsgólfi var strippari með í teitinu og fékk stjórnarformanninn til að nota kókaín. Hins vegar ákváðu Weatherup og félagar hjá News of the World að birta ekki fréttina sökum þess að hún fékkst ekki staðfest auk þess sem ekkert myndefni var til af Lynley við umræddar aðstæður.

Við réttarhöldin hefur allt verið gert til að mála umræddan þjón mjög dökkum litum. Hann er sagður vera hommi í tilvistarkreppu sem þrái ekkert heitar en að græða peninga með auðveldum hætti. Þá sé hann lyginn með eindæmum og hrokafullur. Réttarhöldunum verður framhaldið en ef Ian verður dæmdur sekur gæti hann átt yfir höfði sér fjórtán ára fangelsi.

# Cynthia með brjóstakrabba

Leikkonan Cynthia Nixon, sem er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt sem rauðhærði lögfræðingurinn Miranda í Sex and the City, sagði frá því í viðtali við morgunþáttinn Good Morning America á þriðjudag að hún hefði greinst með brjóstakrabbamein fyrir tveimur árum. Þetta var í fyrsta skiptið sem Nixon sagði frá baráttu sinni við sjúkdóminn. „Ég vildi ekki að þetta fréttist á meðan ég var að ganga í gegnum þetta. Ég vildi ekki hafa ljósmyndara í kringum sjúkrahúsið og þannig lagað,“ sagði leikkonan, sem er frísk í dag.

Hún greindist með krabbamein árið 2006, þegar hún lék í leikritinu The Prime of Miss Jean Brodie í New York, og sá til þess að aðgerð til að fjarlægja hnút úr brjósti hennar yrði framkvæmd á sunnudegi, svo hún missti ekki af sýningu. „Ég fór í aðgerð til að fjarlægja ber og svo fór ég í geislameðferð í sex og hálfa viku,“ útskýrði Nixon á þriðjudag. Móðir hennar hefur tvisvar sinnum greinst með brjóstakrabbamein, en sigrast á því í bæði skiptin.

Í síðustu þáttaröðinni af Sex and the City greinist Samantha Jones, leikin af Kim Cattrall, með krabbamein, og sagði Nixon í viðtalinu að henni hefði fundist þáttaröðin taka vel á því umfjöllunarefni. Hún mun á næsta ári verða talskona Susan G. Komen-stofnunarinnar, sem berst gegn brjóstakrabbameini.



**Í ÆTTINNI** Móðir Cynthiu Nixon hefur tvisvar sinnum greinst með krabbamein í brjósti, og sigrast á því í bæði skiptin.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Átök í Donkey Kong

Heimildarmyndin The King of Kong segir frá nútíma keppendum gamla spilakassaleiksins Donkey Kong, fólki sem á það sameiginlegt að vera komið langt fram á fullorðinsaldurinn. Lífið hjá þeim virðist hafa stöðvast á níunda áratugnum og metnaður þeirra liggur í ná sem flestum stigum í spilakassaleikjum, þá helst Donkey Kong, sem talinn er sá erfiðasti.

The King of Kong kynnir til sögunnar ótrúlegan hóp karaktera; þar á meðal Billy Mitchell, sjálfumglaða stórstjörnu í tölvuleikjaheiminum og heimsmethafa í Donkey Kong, og Walter Day, dómara í heimsmetum spilakassaleikja, sem sér um að atlögur við metin fari fram á réttmætan hátt. Veröld Billys hrynur hins vegar þegar Steve Wiebe, grunnskólakennari sem hefur mistekist margt í lífinu, tekur sig til og slær heimsmet hans. Við það fer atburðarás myndarinnar af stað, og Billy gerir hvað hann getur til að sverta mannorð Steve og slá honum við í leiknum.

Leikstjórinn Seth Gordon fylgir ótrúlegri atburðarásinni eftir með afskaplega vel völdum myndskeiðum og nær að hnýta saman heildstæða frásögn. Persónurnar og atburðarásin er óvænt að því leyti að hvaða handritshöfundur sem er væri stoltur af því að finna það upp. Kostulegheitin geta jafnvel minnt á gerviheimildarmyndir (e. mockumentary) Christophers Guest, án þess auðvitað að vera leikið.

Gordon gerir ekki lítið þessu úr viðfangsefni sínu heldur sýnir þessa iðkun líkt og hvert annað keppnisáhugamál. Myndin höfðar þannig til allra, sama hver þekking þeirra á tölvuleikjum sem slíkum sé.



**KVIKMYNDIR**

**The King of Kong**

Leikstjóri: Seth Gordon.

Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.

★★★★

Ein skemmtilegasta heimildarmynd sem gerð hefur verið um nokkurt skeið.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

# Spila í New York

Hljómsveitin Hjaltalín hitar upp fyrir Múm á tvennum tónleikum í New York dagana 22. og 23. apríl. Einnig spilar sveitin í útvarpsþætti hjá East Village Radio 19. apríl, eða næstkomandi laugardag.

„Þetta á eftir að verða gaman. Ég hef aldrei komið til New York þannig að þetta verður bara mikið fjör fyrir mig og okkur öll,“ segir Högni Egilsson úr Hjaltalín. „Við spilum á einum tónleikum í Brooklyn og öðrum á Manhattan á áhugaverðum stöðum. Staðurinn í Brooklyn heitir Brooklyn Masonic Temple og er stór staður í eigu frímúrarareglunnar.“

Í lok maí spilar Hjaltalín síðan í London, París, á tveimur tónlistarhátíðum í Danmörku og í Svíþjóð. Er tónleikaferðin liður í að kynna fyrstu plötu Hjaltalín sem verður dreift í Skandinavíu á næstunni. Áður en Hjaltalín fer til New York spilar hún í Norðurkjallara MH í kvöld ásamt Carpet Show og Retro Stefson. - fb



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín hitar upp fyrir Múm á tvennum tónleikum í New York.

# Faðir Diaz lést óvænt

Emilio Diaz, faðir leikkonunnar Cameron Diaz, er látinn úr lungnabólgu. Emilio, sem var 58 ára, hafði verið með flensu sem þróaðist síðan út í lungnabólgu. Hann hafði alla tíð verið heilsuhraustur og því kom dauði hans öllum í opna skjöldu. Hann lék á móti dóttur sinni í litlu hlutverki í myndinni There´s Something about Mary.

Framleiðslu á nýjustu mynd Cameron, My Sister's Keeper hefur verið frestað vegna atburðarins. Hún sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni What Happens in Vegas á móti Ashton Kutcher en óvíst er hvort hún tekur þátt í að kynna hana.






## > Íslendingar gera það gott á EM

Íslenskir keppendur eru að gera frábæra hluti á Evrópumótinu í badminton sem fram fer í Herning í Danmörku þessa dagana. Tinna Helgadóttir, sem er númer 256 á heimslistanum, stal senunni í gær þegar hún sigraði spænsku badmintonkonuna Lucia Tavera, 81. á listanum, í fyrstu umferð einliðaleiks. Ragna Ingólfsdóttir, 59. á listanum, gerði einnig frábæra hluti og vann hina ítölsku Agnese Allegrini, 41. á listanum, í 64-manna úrslitum. Þær stöllur leika í 32-manna úrslitum í dag. Þá tryggði Tinna sér einnig í 16-liða úrslit í tvenndarleik ásamt Helga Jóhannessyni í gær og mæta þau sterku bresku pari í dag.



**sport**
sport@frettabladid.is

SVEINBJÖRN PÉTURSSON, MARKVÖRÐUR AKUREYRAR: HEFUR BLÓMSTRAÐ EFTIR ÁRAMÓT

# *Er í miklu sambandi við Hreiðar Guðmundsson*

Sveinbjörn Pétursson, tvítugur markvörður Akureyringa í N1-deild karla í handbolta, hefur blómstrað eftir að hann fékk meiri ábyrgð í vetur. Sveinbjörn hefur meðal annars varið fimm sinnum yfir tuttugu skot í síðustu sjö leikjum.

„Ég er búinn að finna mig mjög vel eftir áramót. Ég hef þurft að taka ábyrgð og mér finnst það hafa þroskað mig mikið og hjálpað mér í mínum leik," segir Sveinbjörn. „Hreiðar var með okkur í fyrra og þá var maður meiri varaskeifa. Ég hef bara þurft að standa mig fyrir liðið og mér líkar það best að hafa ábyrgð á mínum herðum," segir Sveinbjörn, sem heldur þó áfram góðu sambandi við Hreiðar. „Ég hef verið í miklu sambandi við Hreiðar Guðmundsson eftir að hann fór út og það hefur hjálpað mér mikið í vetur að eiga líka einhvern sem ég get leitað til," segir Sveinbjörn. Akureyrarliðið á enn möguleika á 5. sætinu en það er sex stigum á eftir Stjörnunni. „Við viljum klóra okkur upp í fimmta sætið. Það hefur vantað meistaraheppnina hjá okkur í vetur og það er munurinn á okkur og mörgum liðanna fyrir ofan okkur að þau hafa náð að klára þessa jöfnu leiki ólíkt okkur," segir Sveinbjörn en hann er einn af mörgum ungum mönnum í liðinu. „Við erum nokkrir ungir strákar sem höfum fengið mikið að spila í vetur og það sést bara að þegar maður fær að spila sem mest þá þróast maður og þroskast mest sem leikmaður," segir Sveinbjörn, sem stefnir hátt. „Ég ætla að leggja hart að mér í sumar og bæta það sem bæta þarf í mínum leik en svo kemur það í ljós hvernig maður verður næsta vetur. Ég horfi til þess að verða vonandi kominn í æfingahóp hjá landsliðinu eftir ár," segir Sveinbjörn og þjálfarinn er ánægður með hann. „Sveinbjörn er búinn að standa sig frábærlega í vetur. Hann er allt önnur markmannstýpa en við eigum en hann hefur ekki fengið nægilega mikla náð hjá landsliðseinvöldunum í Reykjavík. Hann er snöggur og sterkur, spriklar minna og ver boltana. Hann þyrfti bara að komast í markmannsskóla því hann er þrælöflugur náungi sem á framtíðina fyrir sér ef hann leggur allt í þetta," sagði Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar.





**EFTIRSÓTTUR** Nokkur íslensk lið vilja ólm fá Birki Ívar Guðmundsson í sínar raðir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Birkir Ívar á lausu í sumar:

## Viggó er búinn að hringja

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson mun yfirgefa herbúðir þýska úrvalsdeildarliðsins Tus N-Lübbecke næsta sumar þegar samningur hans rennur út.

Birkir Ívar viðurkennir að dvölin hjá félaginu hafi ekki verið alveg eins og best verður á kosið.

„Ég kom náttúrlega til Tus N-Lübbecke með þeim vonum og væntingum að ég væri að ganga til liðs við félag sem ætti eftir að vera um miðja deild og þar fyrir ofan. Við vorum hins vegar í harðri fallbaráttu í fyrra og það sama er uppi á teningnum í ár. Handboltalega séð hefur dvölin því valdið vonbrigðum en utan vallar hefur allt verið mjög fínt," sagði Birkir Ívar, sem hefur ekkert ákveðið með framhaldið.

„Það væri glórulaust að loka á einhverja möguleika þegar maður hefur ekki ákveðið sig og hvort sem tilboð berast frá Þýskalandi, Spáni, Danmörku eða Íslandi mun ég fara vel yfir þau í rólegheitunum. Nú þegar hafa nokkrir aðilar frá Íslandi heyrt í mér hljóðið og tekið stöðuna og Viggó Sigurðsson, nýráðinn þjálfari Fram, er til að mynda einn af þeim. Ég hef hins vegar sagt öllum þessum aðilum að ég sé ekkert búinn að ákveða með framhaldið," sagði Birkir Ívar. - óþ

N1 DEILDIN
Fimmtudagur 17. apríl
N1 Deild karla
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - Haukar
N1 deild kvenna
Framhús kl. 20.00
Fram - Valur

# Karlinn getur líka spilað sókn

**Keflavík fullkomnaði flottustu endurkomu í sögu úrslitakeppni karla með því að vinna þriðja stórsigurinn í röð á ÍR-ingum og slá þá út úr úrslitakeppninni. Keflvíkingar mæta Snæfellingum í lokaúrslitarimmu.**

**KÖRFUBOLTI** Keflavík varð í gærkvöldi fyrsta karlaliðið til þess að koma til baka eftir að hafa lent 0-2 undir í einvígi í úrslitakeppni. Keflavík vann 20 stiga stórsigur á ÍR, 93-73, og vann því þrjá síðustu leiki með samtals 71 stigi.

„Karlinn getur líka spilað, það vissu bara ekki allir af því," sagði Keflvíkingurinn Gunnar Einarsson sem átti sannkallaðan stórleik. Líkt og í síðustu leikjum hélt hann Hreggviði Magnússyni niðri en nú var hann einnig sjóðheitur í sókninni og endaði með 23 stig þar sem að hann setti niður 9 af 12 skotum sínum.

„Ég vissi ekki að þetta ætti að vera maður á mann einvígi en ég er búinn að stoppa Hregga, stoppaði hann líka í dag og svo sýndi ég líka að ég get skorað helling," sagði Gunnar sem hefur verið lengi í baráttunni með Keflavík en hann man ekki eftir öðru eins.

„Ég er búinn að vera í þessu í sextán ár og man ekki annað eins. Ég held að við höfum verið að setja með þessu met og það er gaman að taka þátt í því," sagði Gunnar sem skoraði 18 stigum meira en Hreggviður í leiknum í gær.

„Það smellur allt hjá okkur og við fórum að berjast af mikilli hörku. Það er kannski verið að væla undan okkur en það er hluti af körfubolta að spila eins fast og dómarinn leyfir. Við erum líka með þannig lið að það getur hver sem er komið inn og átt stórleik og það sýndi sig í þessari seríu," sagði Gunnar.

Keflavík tók frumkvæðið strax í byrjun, leikmenn liðsins voru heitir fyrir utan þriggja stiga línuna og lögðu síðan endanlega grunninn að sigrinum með því að halda ÍR-liðinu körfulausu fyrstu 8 mínúturnar í lokaleikhlutanum sem Keflavík vann 20-3 og komst 25 stigum yfir. Keflavík skoraði alls þrettán þriggja stiga körfur í leiknum eitthvað sem fór illa með ÍR-liðið sem gekk lengstum mjög illa að skora úr uppsettum sóknum.

„Við spiluðum ágætlega framan af en síðan vorum við að gera taktísk varnarmistök á móti þessu gríðarlega öfluga skotliði. Þeir voru að setja það niður enda voru þeir með gríðarlega hittni hérna í kvöld," sagði ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon eftir leikinn.

„Ég er með hjartað í buxunum og ég er bara niðurbrotinn maður að vita til þess að við vorum komnir með litlu tána inn fyrir dyrnar. Við vorum með algjöra yfirhönd og búinn að sigra þá sannfærandi en síðan förum við inn í leik þrjú og töpum honum mjög illa," sagði Hreggviður Magnússon sem komst lítið áleiðis eins og í síðustu leikjum og endaði með aðeins fimm stig.

Nate Brown skilaði sínu í liði ÍR og þeir Sveinbjörn Claessen og Eiríkur Önundarson áttu einnig góðan leik en það var ekki nóg. Hjá Keflavík vann Gunnar frábær en eins átti Jón Norðdal Hafsteinsson mjög fínan leik og þá var allt liðið að spila sem ein heild í vörn sem sókn og á slíkum degi eru þeir illviðráðanlegir. Á endanum voru það sjö leikmenn sem skoruðu 9 stig eða meira í leiknum í gær.

„Það var aldrei efi og þú sérð það að maður stendur við stóru orðin," sagði Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur, sem spáði einvíginu 3-2 skömmu eftir tapið í öðrum leiknum. „Þetta er ótrúlegt lið og ég held að fólk átti sig ekki á því hvað við gerðum. Við lendum 2-0 undir á móti liði sem er með blússandi sjálfstraust en komum til baka og vinnum sannfærandi þrjá leiki í röð. Ég held að við áttum okkur á þessu heldur en þetta sýnir bara hvað þetta lið er ótrúlega gott," sagði Magnús sem var ekki áberandi í einvíginu en hann segir það einungis lýsa styrk liðsins.

„Ég fékk ekki neitt frítt skot í þessu einvígi og þurfti að vinna fyrir öllu mínu. Þeir náðu að taka mig ágætlega en hinir sýndu bara hvað við erum með gott lið. Þröstur kemur sterkur inn, Siggi stóri líka og gamli karlinn sýndi það að hann er að toppa á hárréttum tíma." Magnús er þegar byrjaður á sálfræðistríðinu á móti Snæfelli en fyrsti leikur er á laugardaginn.

„Hlynur sagði allt er þegar þrennt er og það var rétt hjá honum því hann á eftir að tapa í þriðja sinn," sagði Magnús í léttum tón og bætti við:

„Þetta verður svakaleg sería, þetta verður mjög flott einvígi og svakalega gaman. Ég held samt að þeir séu skíthræddir við að mæta okkur því eins og fólk sér þá á ekkert lið roð í okkur," sagði Magnús að lokum.

ooj@frettabladid.is



**MAÐUR LEIKSINS** Hinn gamalreyndi Gunnar Einarsson var með stórleik fyrir Keflavík í gærkvöld og skoraði 23 stig og hirti sjö fráköst og átti stóran þátt í sigri liðsins. VÍKURFRÉTTIR

### TÖLFRÆÐIN

**Keflavík-ÍR** 93-73 (52-38)

**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 23 (7 fráköst), Tommy Johnson 13, Jón Norðdal Hafsteinsson 12 (7 fráköst), Bobby Walker 10 (6 fráköst, 9 stoðsendingar), Magnús Þór Gunnarsson 10, Arnar F. Jónsson 9, Sigurður G. Þorsteinsson 9, Þröstur L. Jóhannsson 5, Axel Þ. Margeirsson 2.

**Stig ÍR:** Nate Brown 23 (6 fráköst, 6 stoðsendingar), Tahirou Sani 15 (7 fráköst), Sveinbjörn Claessen 14 (6 fráköst), Eiríkur Önundarson 14, Hreggviður Magnússon 5 (6 fráköst), Ómar Sævarsson 1 (5 fráköst), Ólafur Sigurðsson 1.



**STEMNING** Það var brjáluð stemning á pöllunum í Sláturhúsinu í Keflavík í gærkvöld og áhorfendur tóku virkan þátt í leiknum og héldu uppi fjörinu frá upphafi til enda. VÍKURFRÉTTIR



**VONLÍTIÐ** Nate Brown átti að vanda góðan leik fyrir ÍR í gærkvöld en það dugði skammt þar sem aðrir mikilvægir leikmenn liðsins fylgdu ekki fordæmi hans. VÍKURFRÉTTIR



TILBOÐ
SENNHEISER RS120
SENNHEISER
Sennheiser RS120 eru flott lokuð þráðlaus heyrnartól, með hleðslurafhlöðum og hleðslustand, USB 2.0 tengi
VERÐ 8.990
CREATIVE
Creative EP-180 heyrnartól á frábæru verði
VERÐ 990
CREATIVE
Creative EP-635 heyrnartól með frábærum hljóm
VERÐ 2.990
CREATIVE
Creative EP-380 lítil og þægileg heyrnartól
VERÐ 1.990
CREATIVE
Creative Fatal1ty heyrnartól með hljóðnema
VERÐ 7.990
MSI 8800GTS
MSI GEFORCE
8800GTS
• Spilaðu tölvuleikina í DirectX 10.
• 320MB 1700MHz DDR3 minni
• 575MHz core.
• 2x DVI tengi og TV-út.
• Tengt með PCI-Express 16x 2.0.
VERÐ 19.900
STEELSERIES S&S
Hörð músamotta sem er með mjög sérstakt yfirborð sem gerir þér kleift að hafa frábæra stjórn á músinni.
VERÐ 3.690
STEELSERIES IKARI
Keppnis leikjamús frá Steelseries, hönnuð af leikjamönnum fyrir leikjamenn. Styður allt upp í 3200 DPI
VERÐ 7.990
2GB Sandisk Cruzer Micro U3 USB 2.0
VERÐ 2.990
4GB Sandisk Cruzer Micro U3 USB 2.0
VERÐ 5.990
WACOM
A6 Wacom Bamboo One teikniborð með penna
VERÐ 6.990
WACOM
A6 Wacom Bamboo Fun teikniborð með penna
VERÐ 16.900
22" ACER SKJÁR
22"
BREIÐTJALDSSKJÁR Á FRÁBÆRU VERÐI
• 22" Acer 2216WBD LCD
• Breiðtjaldsskjár með 1680x1050dpi
• 700:1 í skerpu
• 5ms viðbragðstími
• VGA og DVI tengi
acer
VERÐ 27.900
500GB MY BOOK
Western Digital
500GB WD My Book Essential er flott 3.5" hýsing frá WD, geymdu öll gögnin þín á einum stað, USB2
VERÐ 18.900
LOGITECH Z-10
Logitech
Logitech Z-10 hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. 30W RMS hátölurum og USB 2.0
VERÐ 12.900
160GB WD Passport2 USB2 2.5 harður diskur
VERÐ 16.900
100GB WD Passport2 USB2 2.5 harður diskur
VERÐ 9.990
3.5" RaidSonic ICY BOX MP302 spilari
VERÐ 15.900
3.5" RaidSonic ICY BOX MP303 TV flakkari
VERÐ 22.900
Corsair 1GB DDR2 667MHz fartölvuminni
VERÐ 2.990
WD 120GB 5400RPM 8MB fartölvudiskur
VERÐ 9.990
2GB - pöruð 2stk. 1GB DDR2, 667MHz minni
VERÐ 4.990
5 ÁR
400GB WD SATA2 SE harður diskur 7200RPM
VERÐ 9.990
Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,5% breytilegir.
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
2%
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765



**EFTIRSÓTTUR** Villa er tilbúinn að leita á ný mið eftir tímabil vonbrigða á Mestalla-leikvanginum. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Villa, Valencia:

## Arsenal er mitt draumafélag

**FÓTBOLTI** Framherjinn David Villa hjá Valencia viðurkennir að hann sé mögulega að hugsa sér til hreyfings eftir tímabil vonbrigða á Spáni en Valencia er sem stendur í sextánda sæti af tuttugu liðum í La Liga.

Villa hefur farið mikinn með Valencia eftir að hafa gengið til liðs við „Los Che“ árið 2005 og hefur nú þegar skorað 63 mörk á tæpum þremur tímabilum.

„Ég horfi mikið á enska boltann og félagið sem ég hef mestar mætur á þar er klárlega Arsenal. Félagið spilar skemmtilegan einnar snertingar fótbolta með miklum hraða og það yrði algjört draumafélag fyrir mig og myndi henta mínum leik mjög vel. Agustin Morera, forseti Valencia, segir að hann muni selja mig í sumar ef gott tilboð berist og ég vil ólmur sanna mig í ensku deildinni,“ sagði Villa, sem játaði að hann myndi jafnframt vera til í að spila við hlið landa síns Fernando Torres.. - óþ

Kvennalið Fram getur sett níu fingur á Íslandsbikarinn takist því að leggja Val í Safamýri í kvöld:

# Ætlum að lyfta bikarnum í Strandgötu

**HANDBOLTI** Það er heldur betur mikið undir í Framheimilinu í kvöld þegar Fram tekur á móti Val í N1-deild kvenna. Nái Fram að landa sigri er liðið svo gott sem orðið Íslandsmeistari. Tapi liðið aftur á móti leiknum opnast leið fyrir Stjörnuna að hrifsa af því titilinn á lokasprettinum.

„Ef við vinnum ætlum við að lyfta bikarnum í Strandgötunni tíu dögum seinna,“ sagði kraftaverkamaðurinn Einar Jónsson, þjálfari Fram, en hans lið er í þeirri sérkennilegu stöðu að eiga ekki leik í lokaumferð mótsins og gæti því þurft að fylgjast með örlögum sínum úr stúkunni. Aftur á móti myndu sigrar gegn Val og svo næstneðsta liði deildarinnar, FH, gera það að verkum að Fram yrði meistari fyrir lokaumferðina.

„Það væri ekki gott að tapa gegn Val og þurfa að treysta á aðra. Það viljum við ekki,“ sagði Einar, sem óttast ekki að hans unga lið fari á taugum í kvöld þegar stelpurnar fara í algjöran úrslitaleik þar sem allt er undir.

„Ég óttast það ekkert. Við höfum leitt þetta mót frá áramótum og spilað hvern úrslitaleikinn á fætur öðrum og unnið oftar en ekki. Okkur hefur gengið vel gegn Val og ekki enn tapað á heimavelli í vetur. Það stendur ekki til að breyta því heldur ætlum við að klára síðasta heimaleikinn með stæl,“ sagði Einar en Fram hefur unnið allar rimmurnar gegn Val í deildinni.

Valsliðið hefur valdið talsverðum vonbrigðum í vetur. Var spáð toppbaráttu á meðan Fram var aðeins spáð sæti um miðja deild.

„Þær ætluðu sér að vinna mótið og eru tölfræðilega enn með möguleika. Ég á ekki von á að þær gefi neitt eftir. Valsliðið er það best mannaða í deildinni að mínu mati og þær hafa eflaust engan áhuga á að færa okkur titilinn á silfurfati. Þær hljóta að berjast á meðan þær eiga enn von. Það er líka mikil pressa á þeim. Þær hljóta að mæta taugaveiklaðar og jafnvel stressaðri en við þar sem mótið er búið hjá þeim ef þær tapa,“ sagði Einar en hverju þakkar hann hið frábæra og óvænta gengi liðsins í vetur?

„Takmark okkar fyrir mótið var að vera á meðal fjögurra efstu. Gengið er framar vonum en ég vissi sem var hvað þessar stelpur gætu. Þær eru sigurvegarar og tímaspursmál hvenær liðið myndi springa út. Stelpurnar hafa lagt mikið á sig, sem og fólkið sem býr til frábæra umgjörð í kringum liðið. Ég eigna stelpunum og þessu góða fólki árangurinn. Það er að uppskera eins og það sáði,“ sagði Einar Jónsson. - hbg



**KRAFTAVERKAMAÐUR** Einar Jónsson hefur unnið þrekvirki með ungt lið Fram í vetur en Framstúlkur hafa setið í bílstjórasætinu lengstum og geta svo gott sem tryggt sér titilinn í kvöld. Einar er lifandi á línunni eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞÓREY RÓSA STEFÁNSDÓTTIR** Hornamaðurinn snöggi hefur farið á kostum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### N1-DEILD KVENNA

| Toppbaráttan | Leikir | Stig |
|---|---|---|
| Fram | 22 | 39* |
| Stjarnan | 21 | 35* |
| Valur | 21 | 34 |

* Stjarnan er með betri stöðu í innbyrðisviðureignum gegn Fram.

**Leikir sem Fram á eftir:**

| | |
|---|---|
| 17. apríl | Fram-Valur |
| 26. apríl | FH-Fram |

**Leikir sem Stjarnan á eftir:**

| | |
|---|---|
| 19. apríl | Fylkir-Stjarnan |
| 26. apríl | Grótta-Stjarnan |
| 3. maí | Stjarnan-Valur |


Gleði í skólastarfi



Ráðstefna á vegum Samtaka sjálfstæðra skóla haldin á Hótel Selfossi laugardaginn 19. apríl 2008, kl. 13:00 til 17:00.

13:00 Setning: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
13:10 Ávarp: Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna
13:20 „Vinátta barna“. dr. Fanny Jónsdóttir
14:00 Hlé - Hreyfing
14:20 „Jákvæðni - húmor og hlýlegt viðmót“. Edda Björgvinsdóttir, leikari
15:20 Kaffihlé
15:50 „ Í skólanum...„ Bjarni Ármannsson fyrrverandi skóladrengur og núverandi faðir
16:15 „Hláturinn lengir lífið“. Valgerður Jónsdóttir skólastjóri og hláturjógi
16:50 Ráðstefnuslit: Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla

Þátttökugjald er kr. 6.900 ef fólk skráir sig fyrir 17. apríl en 8.000 ef fólk skráir sig við innganginn. Móttaka á skráningu er hjá Axel. Netf.: sssk@sssk.is

Ráðstefnustjóri: Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Ísaksskóla

Menntamálaráðuneytið
Viðskiptaráð Íslands
Hjallastefnan ehf.
Regnboginn leikskóli
samtök sjálfstæðra skóla
Penninn - auðveldar vinnuna
Skólar ehf.
skolavefurinn.is
Glitnir
Félagsstofnun stúdenta



STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Bill Murray

Bill hefur alltaf þótt samkvæmur sjálfum sér og sem dæmi á hann engan umboðsmann, stílista eða lögmann. Eitt af örfáum hlutverkum sem hann sér eftir að hafa ekki tekið að sér var hlutverkið sem seinna féll í skaut Steve Carell í myndinni Little Miss Sunshine. Bill talar fyrir sjálfan Garfield en Stöð 2 bíó sýnir mynd um þann merka högna í dag.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FÉLL EKKI FYRIR LIPSTICK JUNGLE

# *Beðmálabölvun í uppsiglingu?*



Ég er með BA-próf í Sex and the City. Ég lýg því ekki. Ég skrifaði heila ritgerð um þá þáttaröð allra þáttaraða, þó að umfjöllunarefnið hafi reyndar verið femínismi frekar en fjöðrum prýddir skór. Þið getið því rétt ímyndað ykkur tilhlökkun mína þegar þær fregnir bárust að ný þáttaröð úr smiðju höfundar Beðmálanna væri væntanleg á skjáinn. Lipstick Jungle var beðið með mikilli eftirvæntingu í mínum herbúðum og sófinn pantaður með margra daga fyrirvara þegar Skjárinn sýndi fyrsta þáttinn.

Ég var langt því frá sannfærð um að þættirnir myndu jafnast á við mína gömlu vini, og það kom einmitt mjög fljótlega í ljós. Það var ekkert við vinkonurnar þrjár (mjög frumlegt af hálfu höfundar að fækka um eina) sem náði mér um leið. Og ég get varla kennt því um að þeirra reynsluheimur, með erfiðum hjónaböndum og börnum, sé of fjarri mínum, því ekki átti ég sérstaklega margt sameiginlegt með Manolo-gellunum fjórum þegar ástarævintýri okkar hófst hérna um árið.

Þær Nico, Wendy og Victory voru bara hreinlega ekki nógu spennandi fyrir mína parta, og þó að ég gerist ekki svo djörf að halda því fram að Sex and the City hafi brotið blað í sögu sjónvarpssögunnar fannst mér þessir þættir gjörsneyddir öllum frumleika. Hjónabandserfiðleikar og framhjáhald í uppsiglingu og erfiðleikarnir við að halda öllum boltum vinnunnar og fjölskyldunnar á lofti samtímis eru umfjöllunarefni svo margra, og oftar en ekki verða það prýðisþættir og myndir. Hér vantaði hins vegar einhvern neista. Kannski er að verða til einhver Sex and the City-bölvun, svona eins og sú sem var kennd við Seinfeld um árið. Samkvæmt henni ætti engum úr Sex and the City að ganga vel í framhaldinu, og það virðist ná yfir höfundinn líka. Ég vona bara að Cashmere Mafia, þættirnir sem Darren Star, framleiðandi Sex and the City, hefur nú snúið sér að sleppi við bölvunina og komi betur út úr samanburðinum. Ég vonast til þess að fá að dæma þá af hörku á íslenskum sjónvarpsskjá innan skamms.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.50 Everton-Chelsea** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.30 Game tíví** SKJÁREINN



▶ **20.30 Utan vallar** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.10 The New Adventures of Old Christine** STÖÐ 2



▶ **22.25 Dirty Sexy Money** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjallastúlkan Noemi** (1:3)
**17.55 Elli eldfluga**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 EM 2008** (2:8) Í þessum þætti er rætt við Portúgalann Luis Figo og keisarann Franz Beckenbauer auk þess sem lið Þjóðverja og Rúmena fá nánari skoðun.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús**
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters) Þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.30 Trúður** (10:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Fé og freistingar** (4:10) (Dirty Sexy Money) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af pabba sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar, ólöglegum jafnt sem löglegum. Meðal leikenda eru Donald Sutherland og William Baldwin.
**23.10 Anna Pihl** (8:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn.
**23.55 EM 2008 (2:8)**
**00.25 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 American Cousins**
**08.00 Seven Years in Tibet**
**10.15 Garfield 2**
**12.00 Meet the Fockers**
**14.00 Seven Years in Tibet**
**16.15 Garfield 2**
**18.00 Meet the Fockers**
**20.00 American Cousins**
**22.00 The Rock** Hörkuspennandi mynd með Sean Connery og Nicholas Cage.
**00.15 Straight Into Darkness** Óhugnanlega raunsönn stríðsmynd sem á sér stað í seinni heimstyrjöldinni.
**02.00 Intermission**
**04.00 The Rock**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover. HE** (27:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10)
**15.10 Amazing Race** (4:13)
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (15:24) (Vinir)
**20.20 Hæðin** (5:9)
▶**21.10 The New Adventures of Old Christine** (5:22) Önnur þáttarröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld. Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri Christine.
**21.35 My Name Is Earl** (11:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasti og skemmtilegasti gamanþáttur síðari ára.
**22.00 Bones** (3:13)
**22.45 ReGenesis** (7:13) Þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
**23.35 The Eye** Hrikalega hrollvekjumynd
**01.10 Cold Case** (12:18)
**01.55 Big Shots** (6:11)
**02.40 Inspector Linley Mysteries** (5:8)
**03.25 Inspector Linley Mysteries** (6:8)
**04.10 ReGenesis** (7:13)
**05.00 The Simpsons**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Expressdeildin 2008** (Keflavík - ÍR)
**17.55 King of Clubs** (Bayern Munchen) Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.
**18.25 Inside the PGA**
**18.50 Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Valencia og Getafe
▶**20.30 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**21.20 Science of Golf, The** (Course Design & Set Up)
**21.45 Inside Sport** (Racism On Football Terraces Of Poland / Walter Smith) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**22.15 Heimsmótaröðin í póker**
**23.10 Ultimate Blackjack Tour**
**23.55 Utan vallar** (Umræðuþáttur)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.30 Liverpool - Blackburn**
**16.10 Portsmouth - Newcastle**
**17.50 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
▶**18.50 Everton - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Everton og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 Goals of the season** (Goals of the Season 2002/2003)
**23.20 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**23.50 Everton - Chelsea**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Fyrstu skrefin** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Innlit / útlit (e)**
▶**19.30 Game tíví** (14:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Skólahreysti - lokaþáttur** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Kynnir er Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi úr hljómsveitinni Í svörtum fötum. Bein útsending frá Laugardalshöll þar sem tíu grunnskólar keppa til úrslita. Haldnar voru tíu forkeppnir víða um land og sigurliðin úr hverjum riðli eru komin í úrslit.
**22.00 Life** (9:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Heimilislaus unglingsstúlka er myrt. Crews og Reese tengja málið feðgum sem eiga stórt leyndarmál. Á sama tíma reynir Crews að svæla út mennina sem komu honum í fangelsi 12 árum áður.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.35 America's Next Top Model** (e)
**00.25 Cane** (e)
**01.15 C.S.I.**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00
### Bones



Brennan og Booth eru mætt aftur í nýrri seríu spennuþáttarins Bones. Þessi vandaði þáttur hefur átt vaxandi vinsældum að fagna bæði hérlendis sem vestanhafs og er nú kominn í hóp þeirra allra vinsælustu hjá áskrifendum Stöðvar 2. Sem fyrr fylgjumst við með störfum dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starfinu hefur spennan milli þeirra verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau muni enda sem par.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Skólahreysti - Lokaþáttur
### Skjár einn kl. 20.00

Bein útsending frá Laugardalshöll þar sem tíu grunnskólar keppa til úrslita. Haldnar voru tíu forkeppnir víða um land og sigurliðin úr hverjum riðli eru komin í úrslit. Stemningin í Laugardalshöllinni verður vafalaust rafmögnuð og svitinn mun leka af veggjunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Strandferð
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**17.50 Talk Show With Spike Feresten**
**18.15 Extreme: Life Through a Lens**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Skífulistinn**
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (6:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**21.15 Extreme. Life Through a Lens** (11:13)
**22.45 Medium** (4:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína.
**23.30 Nip/Tuck** (13:14)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson, formaður Jafnréttindafélags Íslands, ræðir um kvótakerfið og sjávarútveginn við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍU, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formann Frjálslynda flokksins.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Med lyst til livet **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Godt arbejde **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Bernard **14.35** Kim Possible **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Venner på eventyr **18.30** Her kommer eliten **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Kapring i høj fart **21.05** Cypher **22.35** Naruto Uncut **23.00** Kodenavn: Jane Doe

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Spekter **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.10** Landsbylegane **13.00** Fabrikken **13.30** Heilt vilt **13.55** Frosk til middag **14.05** H2O **14.30** Megafon **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Vestindia - vårt tapte paradis: Dansk arkitektur i Vestindia **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **15.59** Barne-tv **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Yum Yum med Noman **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Halvseint talkshow **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Spooks **22.35** P3tv live

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sista terminen **10.35** Lantz i P4 **11.05** Var fan är mitt band? **11.35** Minnenas television **12.35** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.10** Sagoträdet **15.25** Tre Kronor live: Ceska Cup **16.15** Bolibompa **16.40** Lycka är... **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Tre Kronor live: Ceska Cup **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Klass 9A




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt ab-mjólk með haframjöli og banönum og ristað brauð með osti og marmelaði, og svo kaffi.“*

Sesselja Kristjánsdóttir söngkona.

# Atli semur fyrir Banderas og Freeman

Íslenska tónskáldið Atli Örvarsson hefur verið ráðinn til að semja tónlistina við bandarísku kvikmyndina The Code. Þetta kemur fram á vefsíðunni imdb.com. Leikstjóri The Code er Mimi Leeder en hún á að baki leikstjórn í nokkrum af þekktustu sjónvarpsseríum heims, þeirra á meðal West Wing og E.R. Auk þess hefur hún leikstýrt kvikmyndum á borð við The Peacemaker með George Clooney og Nicole Kidman og Pay it Forward með Kevin Spacey í aðalhlutverki.

Atli hefur náð að skapa sér gott orð sem tónskáld í hinni stóru Hollywood-verksmiðju og hefur meðal annars komið að gerð tónlistar við kvikmyndirnar The Simpsons og Pirates of the Caribbean. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá samdi Atli síðan tónlistina við The Vantage Point sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar og hefur fengið prýðilega dóma fyrir. Hann var að klára tónverkið við Babylon A.D. með rapparanum R.Z.A. og bassaleikara System of a Down en þar fer harðhausinn Vin Diesel með aðalhlutverkið auk Gérards Depardieu og Michelle Yeoh.

The Code segir frá gömlum þjófi sem þarf á einu góðu verki að halda til að borga rússnesku mafíunni gamla skuld. Hann fær til liðs við sig ungan og metnaðarfullan glæpamann og kennir honum allt sem hann kann í þessum fræðum. Með aðalhlutverkin fara Óskarsverðlaunahafinn Morgan Freeman og spænska sjarmatröllið Antonio Banderas auk Roberts Forster. Áætlað er að myndin verði frumsýnd seinna á þessu ári. - fgg



**LÆRLINGURINN OG LÆRIMEISTARINN** Antonio Banderas og Morgan Freeman leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni The Code.



**SLÆR Í GEGN** Stórverkefnin hlaðast inn á borð til Atla sem er að semja tónlistina við The Code.



**LÁRÉTT:** 2. íþrótt **6.** rykkorn **8.** háttur **9.** lyftiduft **11.** ónefndur **12.** rithöfundur **14.** hégómi **16.** ólæti **17.** titill **18.** rell **20.** mergð **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT:** 1. hluta sólahrings **3.** fæddi **4.** jarðbrú **5.** skelfing **7.** starfræksla **10.** gyðja **13.** hrós **15.** uppurið **16.** flýti **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** póló, **6.** ar, **8.** lag, **9.** ger, **11.** nn, **12.** skáld, **14.** snobb, **16.** at, **17.** frú, **18.** suð, **20.** úi, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** dags, **3.** ól, **4.** landbrú, **5.** ógn, **7.** rekstur, **10.** rán, **13.** lof, **15.** búið, **16.** asa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Á Hofsósi
2. Margrét Sverrisdóttir
3. 3,5 prósent

visir.is
„...ég sá það á vísi“

MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR: STÍGUR ÚR SKUGGA SÓLARSÖMBU

# Tuttugu ára þögn rofin

„Þetta verður tilfinningalegt uppgjör,“ segir bæjarfulltrúinn Margrét Gauja Magnúsdóttir sem rýfur þögnina eftir tuttugu ára hlé og syngur Eurovision-lagið Sólarsamba með föður sínum Magga Kjartans á Organ 23. apríl.

„Við ætlum að gera þetta með stæl. Það eru tuttugu ár síðan við vorum í Eurovision og við höfum náttúrlega ekkert elst,“ segir Margrét og hlakkar mikið til. „Þetta er flott lag og við ætlum bara að hafa gaman af þessu. Það er líka frábært að þeir skuli hafa hugsað til lagsins þegar þeir settu þessa tónleika á.“

Að sögn Margrétar stendur til að færa Sólarsömbuna til nútímans með aðstoð plötusnúðs og slagverks. „Við ætlum að lengja það töluvert og fá smá stæla í það.“ Auk heiðursgestanna Margrétar og Magnúsar koma fram á tónleikunum, sem bera yfirskriftina Sólarsamba 2008, hljómsveitirnar Seabear, Skátar, Kimono og Swords of Chaos.

Margrét segist hafa lent í nokkru aðkasti í æsku fyrir að hafa sungið lagið en er löngu hætt að láta það á sig frá. „Ég er ekki kölluð Magga Sólarsamba í Hafnarfirði fyrir ekki neitt. Ég var ekkert sérstaklega sátt við þetta í mörg ár á eftir og ég var fúl út í pabba í smá tíma,“ segir hún en vill ekki meina að hún hafi orðið fyrir einelti. „Börn geta samt verið grimm, það er alveg staðreynd en þetta var ekkert sem ég bar skaða af. Fyrir tíu árum kom ákveðinn tímapunktur sem ég ákvað að sætta mig við að þetta væri hluti af minni fortíð og í dag er ég stolt af því að vera hluti af Eurovison-sögu Íslands.“

Ef frá er talið örstutt brot úr Sólarsömbu sem Margrét flutti í söngleik Kvennaskólans árið 1996 hefur hún látið lagið algjörlega eiga sig öll þessi ár. Hún hefur þó aldrei hætt að syngja með pabba sínum, þó svo að Sólarsamban hafi aldrei komist á efnisskrána. „Síðast sungum við saman í sænskri kirkju síðasta sumar í brúðkaupi vinkonu minnar lagið Islands in the Stream eftir Dolly Parton. Síðan höfum við stundum tekið lagið við hátíðlegar athafnir fyrir vini og vandamenn.“

Æfingar vegna Sólarsömbu hefjast í næstu viku og þá munu feðginin stilla saman strengi sína og gera upp fortíðina í eitt skipti fyrir öll. freyr@frettabladid.is



**SÓLARSAMBA** Feðginin Magnús Kjartansson og Margrét Gauja syngja Sólarsömbu í undankeppni Eurovision 1988.



**MARGRÉT GAUJA** Bæjarfulltrúinn Margrét Gauja ætlar að syngja Sólarsömbu eftir tuttugu ára hlé.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þegar Kaffibarinn var það heitasta í skemmtanalífi Reykjavíkur tóku þeir Eiður Snorri og **Einar Snorri** sig til og mynduðu fastagestina. Afraksturinn, myndaröðin Barflies, svart-hvítar portrettmyndir af djammlandsliðinu sumarið 1994, hefur verið hengdur upp í galleríum víðs vegar og er nú á leiðinni í bók. Með bókinni fylgir listi yfir störf fólksins þá og nú og hafa mismiklar breytingar orðið á högum fólks. Flestir eru reyndar enn að gera það sama og fyrir fjórtán árum, nema kannski helst Eyþór Arnalds. Útgáfu bókarinnar verður fagnað með partíi og hvar annars staðar en á Kaffibarnum?



**Eiríkur Hauksson** er væntanlegur til landsins og verður gestadómari í úrslitaþætti Bandsins hans Bubba á morgun. Eiki kemur þó víðar við og verður „metalhaus mánaðarins“ í útvarpsþættinum Metall!!! sem Arnar Eggert Thoroddsen sér um á Rás 2 í kvöld. Eiríkur er auðvitað mikill þungarokkari eins og störf hans í Start, Drýsli og Artch bera vitni um. Eiríkur mun spila sín uppáhaldsslög og spjalla um uppvöxt sinn sem þungarokkara. Þáttur Arnars hefst eftir tíufréttir.



Mikil stemning virðist vera að myndast fyrir lokaþætti Bandsins hans **Bubba** annað kvöld. Þar kljást Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Arnar Már Friðriksson um sigurinn. Áhorf á þáttinn hefur tekið kipp og þannig herma óstaðfestar tölur að 39 prósent landsmanna á aldrinum 18-49 ára hafi fylgst með undanúrslitaþættinum. - glh



domus
FASTEIGNASALA



Linda B. Stefánsd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík

# Einstakt tækifæri í byggingariðnaði

Til sölu heildsölufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu í byggingaiðnaðinum með góðum umboðum. Miklir vaxtamöguleikar og góð framlegð. Einstakt tækifæri fyrir dugmikla einstaklinga.



Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100

# Nova frumsýnir Eurobandið

Símafyrirtækin hafa augljóslega ekki farið á mis við vinsældir Eurovision-keppninnar. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er Merzedes Club í aðalhlutverki í nýrri herferð Símans með lag sitt Meira frelsi. Og í dag verður myndband Eurobandsins við Eurovision-framlagið This Is My Life frumsýnt á heimasíðu símafyrirtækisins Nova. „Þetta er náttúrlega allt annars eðlis, við erum ekki að fara í neina herferð fyrir Nova heldur fannst þeim þetta bara skemmtilegt og sýndu þessu mikinn áhuga,“ segir Grétar Örvarsson, umboðsmaður Eurobandsins. „Annars hefur síminn líka bara verið vinsæll síðan Alexander Graham Bell fann hann upp og þetta er því ekkert óeðlilegt,“ bætir Grétar við en viðurkennir um leið að þetta sé kannski svolítið fyndið í ljósi aðstæðnanna.

Eurobandið verður á ferð og flugi á næstunni en hljómsveitin fer í heila lagi til Kaupmannahafnar og heldur uppi stuðinu eftir stórtónleika Björgvins Halldórssonar. Strax um morguninn fljúga þau Regína Ósk og Friðrik Ómar til London þar sem þau koma fram í ógnarstóru Eurovision-partíi en þar munu stíga á stokk allar helstu Eurovision-stjörnur þessa árs. Loks er væntanleg plata með Eurovision-laginu en þar verður auk þess að finna Hold Me Now eftir Johnny Logan í nýrri útsetningu Örlygs Smára. „Við ætlum ekkert að fara af stað með neina flugeldasýningu heldur viljum toppa á réttum tíma,“ segir Grétar. - fgg



**NOVASTUÐ** Eurobandið frumsýnir nýtt myndband á heimasíðu símafyrirtækisins Nova, nova.is.

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

# Ný sending af Kakan sófum, sófasettum og borðstofustólum



Model 712 / Leður: Svart og hvítt

3+2: 389.600,-
3ja sæta: 219.800,-
2ja sæta: 169.800,-

248x115x95 sm
190x115x95 sm

**Settin og stólarnir eru alklædd leðri**



Model 3053 / Leður: Brúnt og svart

3+1+1: 197.700,-

Sófi: 196x80, stóll: 86x80 sm.



**15% afsláttur!**

Model 670 / Leður: Svart og hvítt

Tungusófi: Verð áður: 279.000,- **verð nú: 237.200,-** 300x200 sm

## Léttir og þægilegir borðstofustólar



Model 89
Hæð: 89 sm.
Þyngd: 4,8 kg.
Verð: 16.800,-

Leður: Hvítt, svart og brúnt
Viðarfætur í dökku og ljósu



Model 05
Hæð: 100 sm.
Þyngd: 5,9 kg.
Verð: 17.800,-

Leður: Hvítt (væntanlegt í brúnu og svörtu)
Viðarfætur í dökku og ljósu



Model VB1
Hæð: 103 sm.
Þyngd: 5,7 kg.
Verð: 18.800,-

Leður: Hvítt, svart og brúnt
Viðarfætur í dökku og ljósu

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

Síðumúla 30 - Sími 568 4242
www.heimahusid.is - heima@heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, lau.: 11-16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Pabbi minn, Hugh Hefner*

Þar sem ég sveimaði um netið, eins og of oft vill gerast, í algjöru innihalds- og tilgangsleysi, rakst ég á myndir úr afmæli Playboy-kóngsins Hughs Hefners. Ég gerði óvænta uppgötvun: Hugh er jafnaldri pabba míns, meira að segja hálfu ári eldri en hann. Ótal hugsanir skautuðu um heilann á mér.

**ÞARNA** sat gamli maðurinn að halda upp á 82 ára afmælið sitt. Með góðlegt bros gamalmennisins og aðra lúkuna á lærum ungrar vinkonu sinnar. Hinum megin við Hugh sátu tvær ungar ljóskur í viðbót og hugsanlega voru allar þrjár búnar að þjónusta afmælisbarnið fyrr um daginn. Og voru svo kannski á leiðinni í höllina til að veita frekari þjónustu. Það fór hrollur um mig.

**EN** bíðum við. Hvað átti þessi hrollur að fyrirstilla? Var hann ekki bara til marks um ófyrirgefanlega fordóma í garð eldri borgara af minni hálfu? Hvað með það þótt gamli maðurinn sofi hjá ljóshærðum bimbóum og geymi þær eins og kvikfénað í kofanum sínum? Ég meina, hann á peningana, er svaka fínn karl og ef hann finnur stelpur sem eru nógu klikkaðar og með nógu brotna sjálfsmynd til að dúllast utan í sér, er það þá mitt að dæma? Er ekki ástin landamæralaus?

**ÞÁ** varð mér hugsað til pabba míns. Liði manni ekki hálf undarlega að heimsækja hann í ellismellablokkina ef það væru alltaf þrjár bráðhuggulegar ljóskur á nærbuxunum utan í honum? Jæja pabbi minn, hvernig ertu í pípulagningunni í dag? Hann er fínn, myndi þá Gógó, átján ára, grípa fram í og klappa pabba á lærið og brosa tvíræðu brosi. Jæja, myndi maður þá dæsa og reyna að horfa ekki á pabba og Gógó gerast full náin.

**ÞAÐAN** af síður vil ég að dóttir mín verði gamalmennakanína þegar hún verður stór. Hvernig hefur kallinn það? gæti maður spurt í símanum með uppgerðar áhuga en vonað innst inni að hann færi að hrökkva upp af svo þessu niðurlægingartímabili myndi nú ljúka.

**HUGH** er demókrati og hefur gefið fullt af peningum til að berjast gegn ritskoðun – fínn karl, eins og ég segi. Hann á að hafa sofið hjá meira en tvöþúsund konum og segist enn þrælvirkur. Líf hans er draumafyrirmynd fjölmargra karlmanna. En það er nú bara af því við erum svo ógeðslega mikil fífl.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 17. apríl, 107. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.48 | 13.27 | 21.07 |
| Akureyri | 5.25 | 13.12 | 21.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


